



ÁRSSKÝRSLA 2012-2013



Krabbameinsfélagið

Ársskýrsla 2012-2013

Lögð fram á aðalfundi
Krabbameinsfélags Íslands
4. maí 2013

Efni

Æ sér gjöf til gjalda (formáli forstjóra)	3
Stjórn og skipurit	6
Reikningar	7
Rekstrarsvið	13
Fræðsla og útgáfa	14
Markaðsmál og fjáröflun	15
Ráðgjafarþjónustan Krabbameinsfélagsins	17
Íbúðirnar á Rauðarárstíg	20
Krabbameinsskráin	21
Leitarstöð Krabbameinsfélagsins	25
Frumurannsóknastofa	28
Ritskrá	29
Aðalfundur 2012	31
Formannafundur 2012	34
Aðildarfélög Krabbameinsfélags Íslands	35
Lög Krabbameinsfélags Íslands	68

Æ sér gjöf til gjalda

Ársskýrslu Krabbameinsfélags Íslands er ætlað að varpa ljósi á starfsemina og gera grein fyrir áherslum liðins árs og helstu nýjungum. Von okkar er sú að lesandi fái nokkra innsýn í fjölbreytt verkefni félagsins og átti sig á umfangi þeirra. Tölulegar upplýsingar og skýrslur ýmissa rekstrareininga miðast við áramót samkvæmt hefð, en lýsingar á starfsemi aðildarfélaga taka flestar mið af aðalfundum, oft frá apríl til apríl.

Leitarstarfið er viðamesta verkefni félagsins og byggir á þjónustusamningi við Sjúkratryggingar Íslands. Framkvæmd samningsins hefur gengið vel og fjöldi þeirra kvenna sem koma til Leitarstöðvarinnar er töluvert meiri en gert er ráð fyrir í samningnum. Hins vegar er ekki jafn vel mætt úr öllum aldurshópum, yngstu konurnar mæta verst. Unnið er að úrbótum í því efni. Nokkur bið skapaðist eftir úrlestri frumusýna hjá frumurannsóknastofu um tíma (allt að 5-6 vikur) en úr því var bætt með yfirvinnu, starfskröftum frá útlöndum og fleiri aðgerðum. Tókst að ná bið eftir úrlestri hópleitarsýna niður í eina viku, en konur með klínísk einkenni biðu aldrei í meira en viku. Konur fá nú símaskilaboð um tíma sem þær eiga í Leitarstöðinni. Læknisfræðileg myndgreining, sem hefur rekið röntgenskoðun brjóstá hjá félaginu á grundvelli sérstaks samnings undanfarin ár, tilkynnti félaginu að sá samningur yrði ekki framlengdur frá áramótum 2013-2014. Unnið er að því að fá aðra starfsmenn til verkanna en röntgenlæknar eru alltof fáir á landinu. Á haustmánuðum árið 2011 kom upp sú staða að ljóst var að konur með svokallaða PIP brjóstapúða óttuðust mjög um heilsu sína en púðarnir voru taldir leka meira en aðrir brjóstapúðar. Þessum konum var boðið í röntgenskoðun hjá Leitarstöð Krabbameinsfélagsins og þáðu mjög margar konur það boð mánuðina janúar til maí. Þetta verkefni gekk mjög vel. Kristján Sigurðsson sviðsstjóri lét af störfum 1. apríl sl. og eru honum þökkúð mjög vel unnin störf í þágu Leitarstöðvarinnar í þrjá áratugi. Kristján Oddson tók við keflinu og er hann boðinn velkominn til starfa.

Skráning krabbameina hjá *Krabbameinsskránni* er verkefni sem rekið er í umboði Embættis landlæknis, samkvæmt lögum, en Krabbameinsfélaginu er falin framkvæmd þess. Mikil áhersla er lögð á að bæta skráningu á klínískum upplýsingum til samræmis við þróunina í nágrannalöndum okkar, ekki síst á stigun krabbameina. Ber brýna nauðsyn til að fylgja þróuninni í þessu efni, því mikill fengur er að því að geta gert tölulegan samanburð við aðrar þjóðir. Bókin *Krabbamein á Íslandi 2012* er vandað rit sem vekur athygli og miðlar upplýsingum á aðgengilegu formi til leikra og lærðra. Áður hafa verið gefnar út hliðstæðar bækur, fjórum og átta árum áður. Upplýsingar úr bókinni eru nú aðgengilegar á heimasíðu Krabbameinsskrárinnar.

Vísindastarf á vegum Krabbameinsfélagsins eða með stuðningi þess er veigamikill þáttur starfseminnar. Vísindaráð félagsins er vel skipað og leysir verkefni sín vel af hendi, en þau eru fyrst og fremst að fara yfir styrkumsóknir og meta þær. Þarna er um að ræða umsóknir um styrki sem veittir eru af NCU (Nordisk Cancer Union) en einnig sem Krabbameinsfélagið veitir í tengslum við Mottumars. Vísindaverkefni sem sinnt er innan húss eru flest í tengslum við Krabbameinsskrána, en einnig hefur verið unnið úr efniviði Leitarstöðvarinnar. Undirbúningur að metnaðarfullu rannsóknaverkefni sem fengið hefur nafnið Heilsusaga og er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Krabbameinsfélags Íslands gengur hægar en vonir stóðu til vegna skorts á fjármagni, en undirbúningi er þó að mestu lokið. Ætlunin er að nýta hluta húsnæðis í kjallara Skógarhlíðar 8 fyrir rannsóknina og er það nú sem næst tilbúið.

Fræðslustarfið er margbreytilegt og því er nú sinnt af ýmsum innan Krabbameinsfélagsins í góðu samstarfi. Fræðsluvið vinnur náið með Krabbameinsfélagi Reykjavíkur á grundvelli samstarfssamnings, og kemur jafnframt að ýmsum verkefnum Ráðgjafarþjónustunnar og markaðssviðs. Nauðsynlegt er að efla fræðsluviðið á næstu misserum og nota allar færar leiðir til að koma skilaboðum þess á framfæri við sem flesta. Heimasíðunni hefur verið ætlað að vera vettvangur upplýsingamiðlunar fyrir þá sem greinast með krabbamein eða þurfa af einhvejum ástæðum að leita sér fróðleiks um það efni. Því leitumst við við að safna þar margvíslegum upplýsingum, m.a. um þá þjónustu sem er í boði hjá okkur og jafnframt hvaða þjónustu krabbameinssjúklingar og aðrir geta fengið annars staðar. Nú er endurskoðuð heimasíða Krabbameinsfélagsins öflugri miðill en hún hefur verið, og þar birtast reglulega fréttir um krabbamein og meðferð. Aðsóknin hefur aukist mikið á undanförnum árum. Við erum á rétttri leið, en stefnum að því að efla þennan

þátt enn frekar. Krabbameinsfélag Íslands og Krabbameinsfélag Reykjavíkur stóðu fyrir könnun á vormánuðum 2013 á þekkingu landans á áhættuþáttum krabbameins, að danskri fyrirmynd. Niðurstöður benda til að við getum gert betur í fræðslunni að ýmsu leyti og leggjum við þær til grundvallar skipulagi ýmissa verkefna í framhaldinu.

Ánægjulegt hefur verið að fylgjast með þróun *Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins* á árinu. *Ráðgjafarþjónustan* fær nú meira fjármagn og verkefnir eru skarpar skilgreind. Krabbameinsfélag Reykjavíkur og velferðarráðuneytið veittu styrk til starfseminnar og er það þakkað. Öll þjónusta við sjúklinga á vegum Krabbameinsfélagsins er annað hvort hluti af *Ráðgjafarþjónustunni* eða nýtur stuðnings hennar, má þar nefna þjónustuskrifstofurnar á landsbyggðinni og íbúðirnar átta í Reykjavík. Ný þjónustuskrifstofa var opnuð í Vestmannaeyjum snemma hausts, og óskum við þeim velfarnaðar í starfi. Þá var ákveðið að loka þjónustuskrifstofunni á Suðurnesjum alla vega tímabundið, og nota aðrar leiðir til að sinna þjónustu við sjúklinga og aðstandendur. Vegna aukinnar aðsóknar í *Ráðgjafarþjónustuna* var ákveðið að ráðast í húsnæðisbreytingar, sem hafa gert okkur kleift að veita meiri og betri þjónustu. Ný bílastæði eru á teikni-borðinu til að mæta aukinni starfsemi og fleira er til skoðunar. *Ráðgjafarþjónustan* hefur tekist á hendur ýmis ný verkefni auk þeirra sem þegar hafa sannað gildi sitt. Á vormánuðum var fagfólki í heilbrigðisþjónustu boðin fræðsla sem var vel sótt. Var þar annars vegar um að ræða námskeið í núvítund en þau námskeið hafa verið mjög vinsæl hjá *Ráðgjafarþjónustunni* og hins vegar námskeið um að færa slæmar fréttir.

Krabbameinsfélagið hefur áfram lagt áherslu á að beita sér fyrir *hagsmunum sjúklinga*, og var af nógu að taka á síðasta starfsári. Við gáfum umsagnir um nokkur frumvörp til laga, og fór mestur tími í að fjalla, í ræðu og riti, um ný lög um þátttöku sjúklinga í greiðslu lyfjakostnaðar. Félagið tók þátt í gerð velferðarstefnu/heilbrigðisáætlunar og náðust þar fram nokkur góð mál. Skal nefnt sérstaklega að gert er ráð fyrir að hafin verði hópleit að krabbameinum í ristli árið 2014, og að það verði gert í samvinnu við Krabbameinsfélagið og fagfólk. Þá er hafin vinna í velferðarráðuneytinu við gerð krabbameinsáætlunar, sem gefur gott tækifæri til að tryggja framgang nokkurra stefnumála okkar.

Erlent samstarf hefur verið gagnlegt. Við eigum hark í horni í Norræna krabbameinssambandinu, Nordic Cancer Union (NCU), en þar er verið að fjalla um nokkur mál sem við leggjum áherlsu á. Má nefna að við tilnefndum fyrrverandi forstjóra Krabbameinsfélags Íslands, Guðrúnu Agnarsdóttur, í hóp sem endurskoðar nú stefnu um vísindarannsóknir. Við erum líka í samstarfi um aðgengi að nýjum krabbameinslyfjum, og um upplýsingabanka um rannsóknir vegna krabbameina, svo nokkuð sé nefnt.

Markaðssvið ber hitann og þungann af fjáröflun félagsins auk þess sem það kemur að miðlun upplýsinga og árvekníátökum. Ljóst er, að mjög margir einstaklingar og fyrirtæki vilja leggja okkur lið, og erum við þakklát fyrir það. Sérstaklega er ánægjulegt að sjá hve mikil von og gleði fylgir mörgum verkefnum okkar, og hvernig þau kveikja í fólki að taka þátt. Sem dæmi má nefna að í bleika mánuðinum október og Mottumars fáum við fréttir af einstaklingum, hópum og vinnustöðum sem taka þátt í verkefnum af miklum þrótti og gera þar með okkur öllum gagn. Hafa ber í huga að það er vandamt verk að gæta að því fjöreggi sem orðspor Krabbameinsfélagsins er. Þess verður að gæta að hin mikilvægu skilaboð um heilbriggt líf og forvarnir séu einföld og skýr og að þau drukni ekki í erli dagsins. Markaðssviðið vinnur náið með öðrum starfseiningum að þessu marki og árangurinn er mjög góður. Öflugur markaðs- og fjáröflunarstjóri okkar, Laila Sæunn Pétursdóttir, lét af störfum í apríl og við tók Sandra Sif Morthens.

Fjáröflunarráði er ætlað að vera farvegur aðildarfélaganna til að tryggja að sjónarmiða þeirra og hagsmuna sé gætt við ákvarðanir um markaðsmál. Ráðið stóð fyrir endurmótun velunnarakerfisins og náði þar farsælli niðurstöðu í samvinnu við aðildarfélögin, og mun nú fylgjast vel með framvindu og framkvæmd kerfisins. Einnig kom fjáröflunarráð að ýmsum söfnunum og veitti markaðsstjóra ráð og stuðning.

Aðildarfélögin hafa flest starfað með hefðbundnum hætti á starfsárinu. Mjög misjafnt er hvað þau leggja áherslu á og fer það eftir staðbundnum aðstæðum. Formannafundur var í Vestmannaeyjum í september og var það mál manna að hann hefði verið sérlega vel heppnaður. Vel var við hæfi að funda í Eyjum því við getum öll lært af þeim krafti og eldmóði sem einkennir starfið þar. Óhætt er að segja að Vestmannaeyingar taka t.d. þátt í árvekníátökum okkar af miklum móð og marka þau bæjarlífið. Formannafundir eru vettvangur

hreinskiptinna skoðanaskipta um málefni Krabbameinsfélagsins og þetta skiptið lögðum við vinnu í endurskoðun stefnu þess og samskiptamáta.

Síðasta starfsár Krabbameinsfélagsins var að flestu leyti gott og starfið árangursríkt. Það ber að þakka öllum þeim fjölmörgu sem lögðu mikið af mörkum og mikið á sig svo þannig mætti það verða. Það gildir bæði um starfsmenn og sjálfboðaliða.

Á síðasta ári lögðu margir Krabbameinsfélaginu lið með vinnuframlagi og fjárframlögum. Þetta er grunnurinn að öllu okkar starfi, og sýnir traust á félaginu og trú á því að verkefnin séu verðug. Þetta liðsinni getur birst í stóru og smáu og með margvíslegum hætti. Velvildin sem félaginu er sýnd leggur þær skyldur á herðar þess að sinna öllum verkum af álúð og ábyrgð. Þannig ætlum við að starfa - *endurgjalda traustið*. Æ sér gjöf til gjalda.

Ragnheiður Haraldsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands.

Stjórn og skipurit

Verndari Krabbameinsfélags Íslands:

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands

Stjórn Krabbameinsfélags Íslands 2012-2013:

Aðalmenn:

Sigríður Snæbjörnsdóttir forstjóri, formaður

Jakob Jóhannsson læknir, varaformaður

Þóra Hrönn Njálsdóttir sölufulltrúi, ritari

Sigurður P. Sigmundsson viðskiptafræðingur, gjaldkeri

Friðrik Vagn Guðjónsson, meðstjórnandi

Nanna Friðriksdóttir hjúkrunarfræðingur, meðstjórnandi

Stefán Eiríksson lögreglustjóri, meðstjórnandi

(kjörtímabil 2012-2014, fyrst kosin 2008)

(kjörtímabil 2012-2014, fyrst kosinn 2008)

(kjörtímabil 2011-2013, fyrst kosin 2006)

(kjörtímabil 2012-2014, fyrst kosinn 2009)

(kjörtímabil 2011-2013, fyrst kosinn 2011)

(kjörtímabil 2011-2013, fyrst kosin 2007)

(kjörtímabil 2012-2014, fyrst kosinn 2010)

Varamenn:

Hinrik Greipsson viðskiptafræðingur


Steinunn Eva Þórðardóttir sálfræðingur

(kjörtímabil 2012-2013, fyrst kosinn 2011)

(kjörtímabil 2012-2013, fyrst kosin 2012)

Forstjóri:

Ragnheiður Haraldsdóttir hjúkrunarfræðingur



Rekstrarreikningur 2012

		2012	2011
	Skýr.		
Rekstrartekjur			
Skóðanagjöld		143.126.387	116.173.292
Samningur við Ríkissjóð vegna leitar		350.507.998	303.945.946
Fjárveiting frá Ríkissjóði		25.934.000	26.300.000
Fjáröflunarverkefni		252.932.047	261.138.512
Aðrar tekjur		39.520.429	39.799.271
		<u>812.020.861</u>	<u>747.357.021</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	247.866.398	240.004.316
Lífeyrisgreiðslur og hækkun lífeyrisskuldbindingar	4	82.487.189	78.791.124
Aðkeypt heilbrigðisþjónusta		150.516.489	137.133.394
Aðkeypt önnur þjónusta		103.091.454	100.570.905
Húsnæðiskostnaður		35.591.148	33.666.056
Annar rekstrarkostnaður		123.103.124	118.644.059
Afskrifað af rekstrarfjármunum		32.817.409	35.333.008
		<u>775.473.211</u>	<u>744.142.862</u>
 Afkoma án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		 36.547.650	 3.214.159
Fjármunatekjur og fjármangsgjöld			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur		15.236.608	16.084.420
Vaxtagjöld, banka- og innheimtukostnaður		(388.037)	(535.034)
		<u>14.848.571</u>	<u>15.549.386</u>
 Tekjuafgangur		 <u><u>51.396.221</u></u>	 <u><u>18.763.545</u></u>

Efnahagsreikningur

Eignir

		2012	2011
	Skýr.		
Fastafjármunir			
Skógarhlíð 8		399.500.000	405.913.448
Rauðarárstígur 33		65.196.814	66.075.475
Áhöld, tæki og annar búnaður.....		290.494.417	313.558.359
Fastafjármunir samtals		<u>755.191.231</u>	<u>785.547.282</u>
Fjáreignir			
Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu	5	<u>389.362.617</u>	<u>177.869.523</u>
Áhættufjármunir samtals		<u>389.362.617</u>	<u>177.869.523</u>
Veltufjármunir			
Ýmsir skuldunautar		53.924.560	28.889.583
Birgðir		321.700	321.700
Handbært fé		<u>185.911.053</u>	<u>249.095.549</u>
Veltufjármunir samtals		<u>240.157.313</u>	<u>278.306.832</u>
Eignir samtals		<u><u>1.384.711.161</u></u>	<u><u>1.241.723.637</u></u>

31. desember 2012

Eigið fé og skuldir

		2012	2011
	Skýr.		
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		548.556.720	494.348.334
Eigið fé samtals		<u>548.556.720</u>	<u>494.348.334</u>
Skuldbindingar og langtímalán			
Langtímalán		4.235.432	4.313.359
Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar	6	700.773.286	645.191.290
Skuldbindingar og lífeyrisskuldbindingar samtals		<u>705.008.718</u>	<u>649.504.649</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreiddur kostnaður		119.453.230	92.090.734
Næsta árs afborgun langtímalána		242.025	233.155
Aðrar skammtímaskuldir		11.450.468	5.546.765
Skammtímaskuldir samtals		<u>131.145.723</u>	<u>97.870.654</u>
Skuldir samtals		836.154.441	747.375.303
Skuldir og eigið fé samtals		<u><u>1.384.711.161</u></u>	<u><u>1.241.723.637</u></u>

Sjóðstreymi 2012

		2012	2011
Handbært fé frá rekstri	Skýr.		
Samkvæmt rekstrarreikningi		51.396.221	18.763.545
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir	5	32.817.409	35.333.008
Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar	10	55.530.053	58.198.002
Reiknaðar verðbætur langtímalána		166.586	322.996
Reiknaðar verðbætur á verðbréf.....	6	(11.493.094)	(16.312.804)
Hreint veltufé frá rekstri		<u>128.417.175</u>	<u>96.304.747</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Lækkun (aukning) viðskiptakrafna		(25.034.977)	27.250.134
(Lækkun) aukning viðskiptaskulda		<u>33.266.199</u>	<u>17.131.594</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>8.231.222</u>	<u>44.381.728</u>
Handbært fé frá rekstri		136.648.397	140.686.475
Fjárfestingarhreyfingar			
Keypt áhöld og tæki	5	(2.461.358)	(1.732.917)
Aukning fjármagns í fjárvörslu	6	(200.000.000)	(80.000.000)
Leiðrétting vegna hludeildar í Skógarhlíð		2.864.108	(24.330.853)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(199.597.250)</u>	<u>(106.063.770)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborgun langtímalána		(235.643)	(203.265)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(235.643)</u>	<u>(203.265)</u>
Breyting á handbæru fé á árinu		(63.184.496)	34.419.440
Handbært fé í ársbyrjun		<u>249.095.549</u>	<u>214.676.109</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>185.911.053</u></u>	<u><u>249.095.549</u></u>

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Krabbameinsfélag Íslands er sjálfseignarstofnun og er tilgangur félagsins að styðja og efla í hvívetna baráttuna gegn krabbameini. Lögheimili félagsins er að Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður að því undanskildu er varðar framsetningu á eignarhlut félagsins í Skógarhlíð 8 og kostnað félagsins af rekstri hennar. Fyrning af eigninni er nú færð meðal annarra fyrninga í rekstrarreikningi, í stað þess að þessi hluti rekstrarkostnaðar var færður meðal annarra gjalda og hluti sem hlutdeild í afkomu sjóða áður. Þá er eignarhluti félagsins í fasteigninni að Skógarhlíð 8 færður til eignar, í stað hlutdeildar í hreinni eign hússjóðs Skógarhlíðar áður. Samanburðarfjárhæðum fyrra árs hefur verið breytt með tilliti til þessa.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði eða endurmetnu stofnverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eign færðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað.

Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu

Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu eru upphaflega metnar á gangvirði eða kostnaðarverði að viðbættum viðskiptakostnaði. Mat á gangvirði miðast við síðasta skráða kaupgengi á reikningsskiladegi þegar til er virkur markaður með viðkomandi eign. Markaður telst virkur ef hægt er að nálgast opinbert verð frá kauphöll eða öðrum aðilum og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila. Þegar virkur markaður er ekki til staðar er gangvirði viðkomandi fjárfestingar reiknað út með almennum viðurkenndum matslíkönum.

3. Laun og launatengd gjöld

	2012	2011
Laun	204.264.985	191.890.913
Launatengd gjöld	43.601.413	48.113.403
	<u>247.866.398</u>	<u>240.004.316</u>

Í árslok voru starfsmenn félagsins 50 í 39 stöðugildum, samanborið við 50 starfsmenn í 40 stöðugildum árið áður.

4. Lífeyrisgreiðslur og hækkun lífeyrisskuldbindingar

	2012	2011
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	55.530.053	58.198.002
Greiddur lífeyrir	26.957.136	20.593.122
	<u>82.487.189</u>	<u>78.791.124</u>

Skýringar

5. Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu

Fjáreignir Krabbameinsfélags Íslands samanstanda af bankareikningum, verðbréfum og öðrum eignum í fjárvörslu sem bókfærðar eru við markaðsverði í árslok.

	2012	2011
Bankareikningar	20.821.395	27.838.763
Hlutabréf	5.934.701	5.475.899
Skuldabréf	99.386.886	78.316.290
Eignastýringarsjóðir	263.219.635	66.238.571
	<u>389.362.617</u>	<u>177.869.523</u>

Breyting verðbréfaeignar og eigna í fjárvörslu greinist þannig:

	2012	2011
Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu í ársbyrjun	177.869.523	81.556.719
Aukning (úttekt) fjármuna í fjárvörslu	200.000.000	80.000.000
Ávöxtun ársins.....	11.493.094	16.312.804
	<u>389.362.617</u>	<u>177.869.523</u>

6. Lífeyrisskuldbindingar

Tryggingastærðfræðingur reiknaði út lífeyrisskuldbindingar félagsins miðað við árslok 2012. Miðað er við 2% reiknivexti og nýjar lífslíkur, byggðar á reynslu áranna 2007 - 2011. Útreikningurinn gerir ráð fyrir að 55,5% af áfallinni skuldbindingu vegna LSR B-deildar falli á félagið og 59,6% af áfallinni skuldbindingu vegna LH falli á félagið. Miðað við 2% ávöxtunarkröfu skiptast lífeyrisskuldbindingar þannig í árslok.

	2012	2011
Vegna ellilífeyris	613.036.470	565.510.166
Vegna makalífeyris	76.314.211	71.100.080
Vegna örorkulífeyris	11.422.605	8.581.044
	<u>700.773.286</u>	<u>645.191.290</u>
Vegna núverandi starfsmanna	126.769.887	108.843.771
Vegna fyrrverandi starfsmanna	207.148.583	219.042.443
Vegna lífeyrisþega	366.854.816	317.305.076
	<u>700.773.286</u>	<u>645.191.290</u>

Tryggingastærðfræðingur tekur fram að útreikningur þessi byggir á forsendum, sem eru um margt háðar óvissu og þess vegna er niðurstaðan einnig óvissu bundin.

Rétt er að taka fram að þessi framsetning, þ.e. að færa lífeyrisskuldbindingarnar í ársreikning félagsins, felur ekki á neinn hátt í sér viðurkenningu á því að skuldbindingarnar tilheyri félaginu, en að áliti stjórnenda félagsins tilheyra skuldbindingarnar íslenska ríkinu, en ekki félaginu.

Á undanförunum árum hafa stjórnendur félagsins rætt þessi sjónarmið sín við forsvarsmenn íslenska ríkisins, með það fyrir augum að íslenska ríkið taki með formlegum hætti skuldbindingarnar yfir. Í ljósi þess að félaginu hefur enn ekki orðið nægjanlega ágengt í viðræðum sínum við opinbera aðila, eru skuldbindingarnar færðar í ársreikninginn.

Rekstrarsvið

Í árslok 2012 störfuðu sjö fastir starfsmenn á rekstrarsviði Krabbameinsfélags Íslands. Undir sviðið heyra skrifstofa, tölvudeild og mötuneyti.

Skrifstofa. Á skrifstofu starfa fimm starfsmenn. Meginverkefni skrifstofu eru fjármálastjórn, starfsmannastjórn, launavinnsla, innheimta, bókun reikninga, greiðsla reikninga ásamt móttöku, símvörslu og umsjón með minningakortum.

Tölvudeild. Í tölvudeild starfar einn starfsmaður og er aðalviðfangsefni hans þjónusta við aðrar deildir félagsins á sviði vélbúnaðar og hugbúnaðar.

Mötuneyti. Matráður félagsins hefur umsjón með mötuneyti félagsins og sér um veitingar fyrir fundi tengda starfsemi félagsins þegar það á við.

Þróstur Árni Gunnarsson.

Fræðsla og útgáfa

Undir fræðslu- og útgáfusvið heyrir fræðsla, útgáfa og fasteignin að Skógarhlíð 8.

Heilbrigðismál, tímarit Krabbameinsfélagsins, hefur komið út óreglulega undanfarin ár, kom síðast í desember 2011, en stefnt er að útgáfu í haust. Blaðið er sent til félagsmanna í aðildarfélögum, svæðafélögum og stuðningshópum, til velunnara félagsins og ýmissa annarra. Tímaritið er nú aðgengilegt á timarit.is, á vefsvæði Landsbókasafnsins, allt frá 1949.

Af öðrum útgáfuverkefnum má nefna ársskýrslu, sem gefin var út fyrir aðalfund. Einnig var unnið að efnisöflun o.fl. fyrir árveknisblöð í október og mars og yfirlestri bókar fyrir Krabbameinsskrána og ársskýrslu Leitarstöðvarinnar. Sviðsstjóri er ritari á fundum stjórnar félagsins.

Fræðsluráð Krabbameinsfélagsins starfar í samvinnu Krabbameinsfélags Íslands og Krabbameinsfélags Reykjavíkur. Á fundum ráðsins hefur meðal annars verið unnið að undirbúningi nýrra fræðslurita. Aukin samvinnu um fræðslumál er við Ráðgjafarþjónustuna.

Starfsmenn sviðsins unnu ýmis önnur störf á vegum Krabbameinsfélagsins. Þá hvíldi undirbúningur fyrir aðalfund Krabbameinsfélagsins vorið 2011 og formannafund um haustið nær alfarið á þessari deild. Stuðningshópar sjúklinga voru aðstoðaðir á ýmsan hátt. Loks var sinnt öðrum verkefnum svo sem húsnæðismálum, undirbúningi fyrir árveknisátök o.fl.

Jónas Ragnarsson.

Markaðsmál og fjáröflun

Megintilgangur markaðssviðs er að efla starfsemi félagsins og kynningu á því, styrkja ímynd þess og auka og efla fjáröflunarleiðir og þar með tekjur félagsins. Undir markaðssvið fellur öll fjáröflun sem stunduð er undir vörumerki félagsins, að undanskildu Happprætti Krabbameinsfélagsins. Markaðs- og fjáröflunarstjóri ber ábyrgð á ímynd og virði vörumerkjanna Krabbameinsfélagið, Bleika slaufan og Mottumars. Markaðssvið sér um ýmis samskipti við fjölmiðla fyrir hönd Krabbameinsfélags Íslands, birgja er tengjast markaðs- og kynningarmálum, annast vefsíðu Krabbameinsfélagsins sem og samfélagsvefjasiður þess og annast hverja þá markaðssetningu sem tengist félaginu.

Samtals eru tvö stöðugildi á sviðinu er annast markaðs- og fjáröflunarstarf félagsins, sem og kynningarstarf og heldur utan um þau ýmsu verkefni sem þar fellur undir.

Verkefni á árinu

Mottumars. Í mars 2012 fékk Krabbameinsfélag Íslands íslenska karlmenn til að safna yfirvaraskeggi og um leið áheituð á vefnum www.mottumars.is. Þetta var í sjötta sinn sem árveknisátakið Karlar og krabbamein var framkvæmt en í þriðja sinn sem Mottumars var haldinn og fékk hann frábærar viðtökur. Meginmarkmið átaksins var að bæta þekkingu þjóðarinnar á krabbameini karla og auka árvekni, sem og að afla fjár sem gerir félaginu kleift að sinna forvörnum, fræðslu, ráðgjöf og rannsóknnum á krabbameinum karla en framtíðarmarkmið er að fækka krabbameinum hjá karlmönnum. Gerðar voru nýjar auglýsingar til að ná til almennings. Þorsteinn Guðmundsson var aftur í forgrunni þar og var hann nú í leikfímissal og hvatti karlmenn til að hreyfa sig og huga að heilsunni. Einnig voru tekin upp viðtöl við lækni um krabbamein hjá körlum, ein reynslusaga var sögð og viðtal var við Ragnheiði Haraldsdóttur um átakið. Við opnun átaksins var keppni í sundknattleik milli lögreglumanna og slökkviliðsmanna. Mjög margir lögðu Krabbameinsfélaginu lið með fjárframlagi, vinnuframlagi eða með annars konar þátttöku. Fyrirtæki, stofnanir, félög og einstaklingar lögðu sitt af mörkum. Fræðslumyndin *Þetta er svo lúmskt* var endursýnd hjá Sjónvarpinu (RÚV), Mottudagurinn var haldinn víða um land, örráðstefna var haldin hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins og ráðstefna með slökkviliðsmönnum og samkomur voru haldnar á Húsvík og Akureyri. Aðildarfélög Krabbameinsfélagsins, lögðu hönd á plóginn, m.a. með sölu á lykklakippu í formi fegurstu mottunnar 2011. Læknir frá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins heimsótti fyrirtæki og hélt fyrirlestra um karlmenn og krabbamein þeim að kostnaðarlausu. Fleiri heimsóttu vefsíðuna en fyrri ár en heimsóknir voru frá um 175.000 einstaklingum og er það um 10% fleiri en fyrra ár og jukust heimsóknir á vefsíðu Krabbameinsfélagsins umtalsvert. Mikil umræða og greinaskrif voru um verkefnið og birtust alls rúmlega 120 fréttir, greinar og umræðubættir um árveknisátakið. Fjáröflunarhluti átaksins skiptist í nokkra þætti. Í fyrsta lagi fór fram keppni og heitið var á þátttakendum, í öðru lagi voru seldar mottulyklakippur, í þriðja lagi fór fram sala á rafborðum til fyrirtækja og stofnana, í fjórða lagi voru aðalstyrktaraðilar: Arion banki, Sölufélag garðyrkjemanna (íslenskt grænmeti), Vodafone og WOW. Verðlaun og útdráttarverðlaun voru veglegri en undanfarin ár. Loks bárust félaginu margvíslegar gjafir og styrkir í tengslum við átakið, bæði meðan á því stóð og eftir að því lauk.

Heilsuhlaup Krabbameinsfélagsins var haldið 31. maí, tóbakslaus daginn, sem var einnig lokadagur í evrópskri viku í baráttunni gegn krabbameinum. Eins og áður var hægt að hlaupa 3 km eða 10 km. Um 280 manns hlupu og lagði Jóhannes Haukur leikari félaginu lið og aðstoðaði við kynningu. Tími var mældur hjá öllum og úrslit voru birt á vefsíðu Krabbameinsfélagsins. Fjölmeiri útdráttarverðlaun voru í boði og var heildarverðmæti vinninga um 500.000 krónur og var aðalstyrktaraðili hlaupsins Asics.

Kastað til bata var haldið í þriðja sinn í júní 2012. Voru fjórtan konur valdar úr hópi umsækjenda en allar höfðu þær lokið meðferð við brjóstakrabbameini og var boðið að taka þátt í ævintýri á vegum Samhjálpar kvenna, Krabbameinsfélags Íslands og styrktaraðila. Farið var í Sogið og Úlfjótavatn og var mikil ánægja með ferðina og ljóst þykir að verkefnið haldi áfram.

Karlarnir og kúlurnar var haldið í fyrsta sinn í september 2012. Þar var körlum boðið í golf en verkefnið er samstarfsverkefni Krabbameinsfélags Íslands, Framfarar, Góðra hálsa og Krafts. Körlum var boðið í golfkennslu og golfmót í Bakkakoti í Mosfellsæ og fengu þeir einnig fræðslu um mikilvægi hreyfingar. Mikil ánægja var með verkefnið.

Bleika slaufan. Tilgangur Bleiku slaufunnar er að vekja athygli á krabbameinum hjá konum og er þetta árveknis- og fjáröflunaráttak. Í bleika mánuðnum eru konur hvattar til að kynna sér einkenni krabbameina og nýta sér boð Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins. Í ár var slaufan hönnuð af hönnunarteymi Sign í Hafnarfirði og sáu þau einnig um söluna á silfurútgáfu Bleiku slaufunnar. Bleika slaufan 2012 samanstóð af tveimur blómum er sveigjast um hvort annað og eru táknmyndir kvenna. Bakhlið nælunnar sýndi tvo fjögurra blaða smára en sagan segir að þeir sem finni smárann njóti gæfu. Gerðar voru nýjar auglýsingar þar sem fengnir voru fimm sendiherrar Bleiku slaufunnar, Kristján Kristjánsson (KK), Kristín Ingófsdóttir, Ásdís Hjálmsdóttir, Kári Steinn og Kristbjörg Kjeld. Hvert þeirra sagði eina setningu sem tengdist baráttunni gegn krabbameinum. Hvunndagshetjurnar frá fyrra ári afhentu Agnesi Sigurðardóttur biskupi fyrstu slaufuna í bleikri svítu á Nordica hóteli. Hljómskálinn í Reykjavík var lýstur bleikur sem og ýmsar byggingar og náttúru fyrirbrigði um land allt, Bleikt blað var gefið út, Bleiki dagurinn var haldinn um land allt og Bleika kvennaboðið var haldið í Háskólabíó. Fræðsla um konur og krabbamein fór fram í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu sem og hjá fyrirtækjum, þeim að kostnaðarlausu. Fjölmargar greinar voru skrifaðar og viðtöl og reynslusögur birtar í ýmsum fjölmiðlum, en hátt í 80 fréttafærslur voru á tímabilinu 26. september til 2. nóvember 2012. Mikil samskipti voru við Facebook-vini Bleiku slaufunnar en þeir eru um 15.500 talsins. Ýmis fyrirtæki tengdu sig Bleiku slaufunni og styrktu félagið, t.d. Hunts, Lindex og Plastprent og voru haldnir zumba-tímar hjá Reebok til styrktar áttakinu. Aðalstyrktar- og samstarfsaðilar verkefnisins voru Arion banki, Sölufélag garðyrkjumanna (íslenskt grænmeti) og Hreyfill.

Önnur verkefni

Fjölmörgum öðrum verkefnum stórum sem smáum var sinnt á árinu 2012. Til að mynda var haldið uppi miklum samskiptum við vini félagsins á Facebook og efni vefsíðu félagsins bætt. Mikið var unnið við að markaðssetja Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins, örráðstefnur þess og hádegisfyrirlestra og aðstoðað við kynningu á nýrri heimasíðu um lungnakrabbamein. Martin Berkofsky hélt styrktartónleika í Hörpunni, Tour de Marel var haldið hjá Marel til styrktar Krabbameinsfélaginu og fjölmargir hlupu til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands í Reykjavíkumaraþoninu. Fjöldi velunnara Krabbameinsfélagsins hefur aukist milli ára, samskipti við velunnara voru bætt og sett upp kerfi þannig að velunnarar gætu einnig orðið félagsmenn. Minningarkortakerfi Krabbameinsfélagsins var endurbætt og sett upp vefkerfi.

Þakkarorð

Markaðs- og fjáröflunarsvið Krabbameinsfélags Íslands þakkar öllum þeim einstaklingum, félögum, stofnunum og fyrirtækjum sem hafa lagt félaginu lið á árinu með fjárframlögum, vinnu og með annars konar stuðningi. Þitt framlag skiptir máli.

Laila Sæunn Pétursdóttir.

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins

Frá upphafi hefur Krabbameinsfélagið unnið að stuðningi við krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Þessi stuðningur hefur þróast í takt við aukna þekkingu, breytingum í samfélaginu og þörfum þeirra sem nýta sér þjónustuna. Í nóvember voru liðin fimm ár frá því að Ráðgjafarþjónustan hóf starfsemi sína. Í mars 2012 tók til starfa nýr forstöðumaður við Ráðgjafarþjónustuna. Starfsmenn eru nú tveir hjúkrunarfræðingar, félagsráðgjafi og umsjónarmaður íbúða félagsins. Heildarfjöldi stöðugilda eru 2,6.

Starfsemin

Hjá Ráðgjafarþjónustunni er veitt fjölbreytt þjónusta sem snýr að upplýsingagjöf, fræðslu, ráðgjöf og sálfélagslegum stuðningi við þá sem hafa greinst með krabbamein og við aðstandendur þeirra. Þeir sem nýta sér þjónustuna eru á öllum stigum sjúkdómsins, þeir geta verið í greiningarferlinu, nýgreindir, í meðferð og að endurgreinast. Einnig eru margir komnir töluvert frá meðferð og hafa jafnvel ekki náð að fóta sig aftur í lífinu, enn aðrir eru mjög veikir með útbreiddan sjúkdóm og glíma við mikil einkenni. Aðstandendur nýta sér einnig þjónustuna og síðast en ekki síst eftirlifendur. Markmið þjónustunnar er að aðstoða fólk við að ná jafnvægi í lífinu eftir þær breyttu aðstæður sem greining krabbameins veldur. Þjónustan nær jafnt til einstaklinga sem hópa. Samskipti fara fram með viðtölum, símaráðgjöf og með tölvupósti. Alls voru skráð 1.470 samskipti á árinu.

Námskeið hafa verið fjölmörg og voru þau vel sótt. Í nokkrum tilfellum þurfti að setja inn aukanámskeið til að koma til móts við eftirspurn. Markmið námskeiðanna er að bæta andlega, líkamlega og félagslega líðan einstaklingsins. Dæmi um námskeið sem hafa verið á dagskrá eru Qi-gong, jóga, núvitund (mindfulness), HAM-námskeið, sjálfsefingarnámskeið, snyrtinámskeið og samvera og hópar fyrir ekkjur og ekkla. Örráðstefnur og hádegisfyrirlestrar hafa verið reglulegir viðburðir og fjölmörg málefni hafa verið tekin fyrir. Viðburðirnir eru ætlaðir öllum í samfélaginu. Dæmi um málefni eru: Forvarnir, félagsleg réttindi, endurhæfing, matarræði, hreyfing, ýmis krabbamein, líkn og margt fleira. Alls voru viðburðir 146 á árinu og þátttakendur voru um 3.100.



Svipmynd frá hádegisfyrirlestri hjá Ráðgjafarþjónustunni.

Þeir sem koma að viðburðunum eru fjölmargir, hvort sem það eru fyrirlesarar, fundastjórar, námskeiðshaldarar, starfsfólk hússins eða þátttakendur. Eiga þau öll miklar þakkir skyldar fyrir sína aðkomu. Án þeirra hefði þetta ekki verið hægt.

Stuðningshópar hafa aðsetur hjá Ráðgjafarþjónustunni og eru með fasta viðtalstíma. Að auki bjóða þeir upp á fasta fundi fyrir sína félaga sem eru oftast á kvöldin. Boðið er upp á jafningjastuðning með því að hitta aðra sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur þeirra.

Ráðgjafarþjónustan sér um samhæfingu og er faglegt bakland fyrir þjónustuskrifstofur Krabbameinsfélagsins sem eru sjö á landsbyggðinni. Sameiginlegir fundir hafa verið þrír á árinu. Sérstaklega hefur verið lögð áhersla á að samræma skráningu á samskiptum á þjónustuskrifstofunum. Frostöðumaður var gestur á aðalfundum Krabbameinsfélags Snæfellsness, Krabbameinsfélags Breiðfirðinga og Krabbameinsfélags Austfjarða. Einnig heimsótti hún þjónustuskrifstofuna á Akureyri á starfsárinu.

Í maí 2012 hófst undirbúningsvinna við að skipuleggja breytingar á húsnaði Ráðgjafarþjónustunar, til að auka möguleika á þjónustu. Í desember hófust framkvæmdir. Breytingarnar voru til mikilla bóta því nú er hægt að vera með margþætta þjónustu í boði á sama tíma. Hægt er að vera með einstaklingsviðtöl, námskeið, jafnvel tvö í einu, hópavinnu og starfsemi hjá stuðningshópum á sama tíma. Þetta er algjör bylting fyrir starfseminu og þökkum við stjórn félagsins þetta góða framtak.

Samstarfsaðilar

Mikið samstarf er við heilbrigðisstarfsfólk Landspítala sem sinnir krabbameinssjúklingum og aðstandendum þeirra. Má þar nefna dag- og göngudeild krabbameins- og blóðlækninga, krabbameins- og blóðlækningadeild, geisladeild, líknardeild og Heimahlynningu. Þetta samstarf er ómetanlegt og skilar sér í bættri þjónustu við krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.

Samvinna hefur verið við endurhæfingarteymi Landspítala um námskeiðsloftur fyrir nýgreinda krabbameinssjúklinga. Á námskeiðinu er tekið á ýmsum þáttum sem tengjast veikindunum. Þetta er annað árið sem þetta námskeið er haldið. Einnig hefur verið samstarf við geðsvið Landspítala, en sálfræðingur af sviðinu hefur séð um öll núvitundarnámskeiðin sem boðið hefur verið upp á í Ráðgjafarþjónustunni.

Forstöðumaður Ráðgjafarþjónustunnar tekur þátt í fræðsluráði Krabbameinsfélagsins en verkefni þess er meðal annars undirbúningur nýrra fræðslurita sem gefin eru út.

Á árinu hófst samvinna Ráðgjafarþjónustunnar, Krabbameinsfélags Reykjavíkur og næringarráðgjafa á Landspítalanum um fræðsluefni um næringu og krabbamein.

Ný döggun og Ráðgjafarþjónustan hafa staðið fyrir stuðningi við eftirlifendur og boðið var upp á stuðningshóp fyrir fólk sem misst hafði maka sinn. Um var að ræða tvo hópa sem skipt var í eftir aldri þátttakenda.

Mikill áhugi er á að efla samstarf við Ljósíð, sem er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þeirra. Í febrúar sl. var starfsfólki Ljósins boðið í morgunkaffi í Ráðgjafarþjónustuna og áttum við góða stund saman þar sem rætt var um hvað væri í boði fyrir krabbameinsgreinda. Stefnt er að því að hittast aftur.

Verkefni

Á árinu var upplýsingabæklingur um Ráðgjafarþjónustuna endurnýjaður og dagskráin tók á sig nýja mynd. Hagnýtar upplýsingar voru endurskoðaðar í byrjun árs 2013. Mikilvægt er að vera með upplýsingaflæðið rétt og vera stöðugt á verði um réttindi krabbameinssjúklinga.

Mikið líf hefur verið hjá Ráðgjafarþjónustunni á árinu. Nýir hópar hafa verið að myndast og aðrir að efla sig. Á árinu hófst undirbúningur á nýjum stuðningshópi fyrir þá sem greinast með húðkrabbamein og sortuæxli, í samstarfi við Krabbameinsfélag Reykjavíkur. Í byrjun janúar hafa sjúklingar greindir með carcinoid komið saman mánaðarlega í Ráðgjafarþjónustunni til að rabba saman.

Ráðgjafarþjónustan kom að stóru árveknisverkefnum félagsins í mars og október, Mottumars og Bleiku slaufunni. Starfsmenn tóku þátt í undirbúningi, skipulagningu á fræðslu til fyrirtækja og skóla ásamt því að koma fram í fjölmiðlum.

Verkefni sem hafa verið í gangi eru meðal annars „Kastað til bata“ og „Karlarnir og kúlurnar“. Það er gjarnan þannig að þegar verkefnin hafa sannað sig og hafa öðlast þroska þá finna þau sér farveg til að halda áfram að vaxa og dafna. Þannig er því háttað með „Kastað til bata“ því nú mun stuðningshópurinn Samhjálp kvenna taka við verkefninu frá og með vorinu.

Ráðgjafarþjónustan hefur átt því láni að fagna að fá nema í starfsnám. Alls hafa verið fjórir nemar á tímabilinu. Flestir eru frá félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands en einnig var nemi í næringar- og heilsufræðum frá Metropolitan University College í Kaupmannahöfn.

Í nóvember og desember buðum við upp á þá nýjung á föstudögum að fá til okkar rithöfunda sem lásu upp úr bókum sínum. Þetta vakti mikla lukku og var þátttakan góð. Einnig var boðið upp á ljósmyndasýningu á aðventunni „Aðventa á fjöllum“ sem Sigurjón Pétursson og Þóra Hrönn Njálisdóttir stóðu fyrir. Mikill áhugi er á því að halda áfram að bjóða slíka menningarviðburði.

Gjafir og styrkir

Ráðgjafarþjónustunni bárust ýmsar gjafir og peningastyrkir á árinu sem hafa nýst til að efla þjónustuna. Má meðal annars nefna 43 tommu skjá til að hafa á vegg í námskeiðasal, jógaðýnur, kaffivél, brauðrist, kertastjaka og margt fleira.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur styrkti hjúkrunarfræðing þjónustunnar til að taka þátt í ráðstefnu í Kaupmannahöfn, European Cancer Rehabilitation and Survivorship Symposium 2012. Þar voru kollegar frá Evrópu samankomnir og deildu sinni reynslu og skoðunum. Umræðan var um krabbameinslifendur (cancer survivors) og hvernig er hægt að koma betur til móts við þann vaxandi hóp í Evrópu. Í sömu ferð var Danska krabbameinsfélagið heimsótt og tækifæri gafst til að vera með fagraði félagsins á verkefnadegi. Í farvatninu hefur verið að stofna sambærilegt fagráð hér sem hefur það markmið að vera ráðgefandi um málefni krabbameinssjúklinga, aðstandendur þeirra, umönnunaraðila og eftirlifendur.

Samhjálp kvenna bauð forstöðumanni að fara á þjálfunarnámskeið sem haldið var á vegum Europa Donna í nóvember en þetta eru hagsmunasamtök sem vinna að því að konur í Evrópu eigi jafnan rétt á upplýsingum og fræðslu um brjóstakrabbamein, leit að sjúkdómnum og meðferð.

Sigrún Lillie Magnúsdóttir.

Áherslur 2012-2013

- Fagleg ráðgjöf, fræðsla og stuðningur
- Efla samstarf við stuðningshópa og þeirra á milli
- Efla samstarf við starfsfólk Landspítala
- Breytingar á húsnæði

Markmið 2013-2014

- Ná til fleiri krabbameinsgreindra og aðstandenda
- Efla samstarf við þjónustuskrifstofur
- Bjóða upp á nýjungar í fræðslu
- Bjóða upp á fræðslu fyrir fagfólk

Íbúðirnar á Rauðarárstíg

Íbúðir fyrir krabbameinssjúklinga og aðstandendur þeirra af landsbyggðinni, til afnota á meðan meðferð fer fram í Reykjavík, eru átta, allar að Rauðarárstíg 33. Sex þeirra eru eign Krabbameinsfélags Íslands og Rauða kross Íslands, ein eign Krabbameinsfélags Íslands og Hússjóðs Öryrkjabandalagsins og ein eign Krabbameinsfélags Íslands og Styrktarsjóðs Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja. Ráðgjafarþjónustan ber ábyrgð á íbúðum félagsins en Landspítali sér um daglegan rekstur. Nánari upplýsingar má fá á móttöku geislameðferðar krabbameina á Landspítala við Hringbraut í síma 543 6800 og 543 6801.

Íbúðirnar hafa verið vel nýttar og færri hafa komist að en vilja, þó að langflestir fái íbúð þegar sótt er um. Úthlutun á íbúðunum fer fram á geisladeild Landspítala. Kostnaður er áfram sá sami eða 1.700 kr. á sólarhring fyrir leigutaka. Sum krabbameinsfélög á landsbyggðinni taka þátt í greiðslu kostnaðar við dvöl í íbúðunum.

Komið er að töluverðu viðhaldi á íbúðunum. Félagið fékk 500.000 kr. styrk frá Krabbameinsfélaginu Krabbavörn. Þá gaf Krabbameinsfélag Austfjarða 500.000 kr. og gafabréf frá BYKO að andvirði 200.000 kr. Fyrir þessa styrki var stærsta íbúðin máluð, gluggatjöld endurnýjuð í þremur íbúðum og nýtt rúm keypt. Ísskápur var endurnýjaður ásamt brauðrist, kaffivél og mínútugrilli. Þetta er ómetanlegur stuðningur og kemur sér vel fyrir þann hóp sem nýtir íbúðirnar.

Sigrún Lillie Magnúsdóttir og Steinunn Friðriksdóttir.

Íbúðir fyrir krabbameinssjúklinga að Rauðarárstíg 33 í Reykjavík.

	<i>Tekin í notkun</i>	<i>Nýting 2008</i>	<i>Nýting 2009</i>	<i>Nýting 2010</i>	<i>Nýting 2011</i>	<i>Nýting 2012</i>
Íbúð 201	16.03.1995	50 vikur	42 vikur	35 vikur	46 vikur	48 vikur
Íbúð 202	16.03.1995	48 vikur	51 vika	42 vikur	40 vikur	45 vikur
Íbúð 203	06.08.1996	39 vikur	44 vikur	32 vikur	42 vikur	44 vikur
Íbúð 204	03.05.2003	48 vikur	51 vika	46 vikur	40 vikur	47 vikur
Íbúð 205	11.12.1992	49 vikur	47 vikur	39 vikur	41 vika	46 vikur
Íbúð 206	27.06.2001	50 vikur	50 vikur	41 vika	42 vikur	49 vikur
Íbúð 207	17.01.2005	49 vikur	40 vikur	40 vikur	33 vikur	44 vikur
Íbúð 306	03.05.2002	51 vika	50 vikur	48 vikur	46 vikur	46 vikur
Meðaltal		48 vikur	47 vikur	40 vikur	41 vika	46 vikur

Krabbameinsskráin

Krabbameinsskráin hefur tiltækar upplýsingar um nýgreind krabbamein fyrir alla þjóðina frá og með 1955. Skráin er ein fárra lýðgrundaðra skráa sem taka til heilla þjóða í heiminum. Hún var stofnuð um svipað leyti og krabbameinsskrár á hinum norrænu löndunum og eru þessar skrár allar mjög sambærilegar hvað varðar upplýsingar, svonefnda þekjun og áreiðanleika gagna. Tölulegar upplýsingar um krabbamein á Íslandi birtast árlega á vefsíðu Krabbameinsskrárinnar (krabbameinsskra.is) og í norræna gagnagrunninum NORDCAN (www.ancr.nu), auk þess að birtast á fjögurra ára fresti í bókinni Krabbamein á Íslandi, sem hefur komið út þrisvar, síðast árið 2012.


Skráð eru í einn grunn öll krabbamein sem greinast á Íslandi og eftir atvikum skyldir sjúkdómar eða viðurkenndar forstigsbreytingar æxlisvaxtar. Á undanförnum árum hafa í vaxandi mæli verið skráðar ítarlegri upplýsingar um meinin og er einkum framför að skráningu á sjúkdómsstigi við greiningu í algengustu meinunum. Krabbameinsskráin er haldin með það fyrir augum að hinar skrásettu upplýsingar megi nota til faraldsfræðilegra rannsókna á orsökum krabbameina, stjórnunar og áætlanagerðar í heilbrigðisþjónustu, gæðaeftirlits og athugana á árangri við meðferð og skimun. Ennfremur er einn megin-tilgangur Krabbameinsskrárinnar að hafa tiltækar réttar tölfræðiupplýsingar um krabbamein í landinu t.d. með upplýsingum um nýgengi hinna ýmsu krabbameina til þess, meðal annars að unnt sé að bera saman slíkar tölur frá Íslandi við tölur frá öðrum löndum og breytingar á þeim með tímanum.

Krabbameinsskráin skiptist í skráningardeild, faraldsfræðideild og ættadeild. Yfirlæknir er Jón Gunnlaugur Jónasson meinafræðingur og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, en framkvæmdastjóri er Laufey Tryggvadóttir faraldsfræðingur og klínískur prófessor við Háskóla Íslands. Annað starfsfólk er Anna Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur, Elínborg J. Ólafsdóttir sérfræðingur, Guðríður H. Ólafsdóttir ættfræðingur, Sigrún Stefánsdóttir lífeindafræðingur, Kristín Alexíusdóttir hjúkrunarfræðingur og Þorgils Völundarson forritari. Auk þess vinna einn eða fleiri háskólanemar að jafnaði að vísindaverkefnum við Krabbameinsskrána. Föst stöðugildi eru 6, en verkefnavinna þar fyrir utan er fjármögnuð með styrkjum.


Krabbameinsskráin hefur verið rekin af Krabbameinsfélagi Íslands frá upphafi en síðustu áratugi með góðum stuðningi frá velferðarráðuneytinu. Með lögum um landlækni frá 1. september 2007 fékk Krabbameinsskráin formlega lagastoð, en þar er hún skilgreind sem ein af þeim heilbrigðisskrám sem landlækni ber að halda. Í kjölfarið gerðu landlæknir og Krabbameinsfélag Íslands með sér samning sem kvað á um að félagið tæki að sér áframhaldandi rekstur skrárinnar í umboði landlæknis.

Myndir 1 og 2 sýna breytingar á nýgengi krabbameina með tímanum. Svo virðist sem lækkun sé hafin á nýgengi blöðruhálskirtilskrabbameins eftir bratta og stöðuga nýgengisaukningu í áratugi þar á undan. Árlegur fjöldi krabbameinsgreininga er nú 1.424 eins og sést í töflu 1. Stöðugt fjölgar þeim sem eru á lífi eftir greiningu krabbameins og í árslok 2011 var fjöldinn nálægt 12.000 manns, eða 3,7% þjóðarinnar (tafla 2), en í árslok 1961 var hlutfallið 0,4%. Í töflu 3 sést að fimm ára hlutfallsleg lifun hefur aukist mikið fyrir flest mein og sem dæmi má nefna langvinnt hvítblæði hjá konum. Ánægjulegt er einnig að sjá að um tveir af hverjum þremur sem greinast með krabbamein geta vænst þess að lifa fimm ár eða lengur eftir greiningu og á þetta við um bæði kyn.

Jón Gunnlaugur Jónasson og Laufey Tryggvadóttir.



Mynd 1. Karlar.
Breytingar á
nýgengi* nokkurra
krabbameina.



Mynd 2. Konur.
Breytingar á
nýgengi* nokkurra
krabbameina.

* Miðað við 100.000, aldursstaðlað (alheimsstaðall), fimm ára hlaupandi meðaltöl.

Tafla 1. Árlegur meðalfjöldi algengustu krabbameina hjá íslenskum körlum og konum 2007-2011.

<i>Karlar</i>		<i>Konur</i>	
1. Krabbamein í blöðruhálskirtli	214	1. Brjóstakrabbamein	202
2. Lungnakrabbamein	79	2. Lungnakrabbamein	79
3. Krabbamein í þvagvegum*	58	3. Ristilkrabbamein	44
4. Ristilkrabbamein	53	4. Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	40
5. Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	44	5. Sortuæxli í húð	28
6. Nýrnakrabbamein	28	6. Krabbamein í legbol	25
7. Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi ...	23	7. Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi ...	23
8. Eitilfrumuæxli**	21	8. Krabbamein í skjaldkirtli	21
9. Sortuæxli í húð	20	9. Krabbamein í þvagvegum*	18
10. Endaþarmskrabbamein	18	10. Eitilfrumuæxli**	18
Öll mein	739	Öll mein	685

* Krabbamein í þvagvegum (þvagblöðru o.fl.)

** Eitilfrumuæxli (önnur en Hodgkins-eitilfrumuæxli)

Tafla 2. Fjöldi einstaklinga á lífi eftir greiningu krabbameins. Algengustu meinin (sbr. töflu 1).

Fjöldi á lífi í árslok 2011

	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Alls</i>
Brjóstakrabbamein	23	2.557	2.580
Krabbamein í blöðruhálskirtli	1.993	0	1.883
Ristilkrabbamein	393	361	754
Sortuæxli í húð	238	487	725
Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	301	341	642
Krabbamein í þvagvegum (þvagblöðru o.fl.)	477	162	639
Krabbamein í skjaldkirtli	126	466	572
Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi	178	294	472
Nýrnakrabbamein	242	168	410
Lungnakrabbamein	167	225	392
Krabbamein í legbol	0	391	391
Eitilfrumuæxli (önnur en Hodgkins-eitilfrumuæxli)	207	155	362
Endaþarmskrabbamein	164	147	311

Breytingar á fjölda á lífi á síðustu 50 árum

	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Alls</i>
Fjöldi á lífi í árslok 1961	260	422	682
Fjöldi á lífi í árslok 1971	638	1.098	1.736
Fjöldi á lífi í árslok 1981	1.274	2.018	3.292
Fjöldi á lífi í árslok 1991	2.109	3.074	5.183
Fjöldi á lífi í árslok 2001	3.385	4.537	7.922
Fjöldi á lífi í árslok 2011	5.228	6.613	11.841

Tafla 3. Fimm ára hlutfallsleg lifun. Nokkur valin mein.

<i>Karlar</i>	<i>1958-1967</i>	<i>1968-1977</i>	<i>1978-1987</i>	<i>1988-1997</i>	<i>1998-2007</i>
Krabbamein í eistum	71%	65%	92%	99%	97%
Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	72%	71%	98%	95%	94%
Hodgkins-eitilfrumuæxli	27%	54%	79%	96%	94%
Krabbamein í skjaldkirtli	65%	84%	90%	88%	88%
Krabbamein í böðruhálskirtli	33%	55%	63%	75%	87%
Sortuæxli í húð	31%	41%	74%	79%	86%
Krabbamein í þvagvegum (þvagblöðru o.fl.)	40%	70%	75%	80%	76%
Ristilkrabbamein	51%	45%	44%	53%	62%
Lungnakrabbamein	9%	8%	13%	10%	13%
Öll mein	23%	36%	45%	53%	64%
<i>Konur</i>	<i>1958-1967</i>	<i>1968-1977</i>	<i>1978-1987</i>	<i>1988-1997</i>	<i>1998-2007</i>
Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	69%	89%	97%	100%	100%
Krabbamein í skjaldkirtli	73%	91%	86%	94%	96%
Langvinnt hvítblæði	13%	32%	44%	66%	95%
Sortuæxli í húð	71%	76%	88%	93%	94%
Hodgkins-eitilfrumuæxli	29%	53%	83%	63%	92%
Brjóstakrabbamein	55%	72%	77%	83%	90%
Leghálskrabbamein	53%	68%	77%	77%	86%
Ristilkrabbamein	37%	45%	51%	57%	61%
Lungnakrabbamein	7%	11%	14%	12%	16%
Öll mein	37%	51%	55%	61%	69%

Leitarstöð Krabbameinsfélagsins

Leghálskrabbameinsleitin hófst árið 1964. Frá árinu 1969 og til ársloka 1987 takmarkaðist leitarstarfið við 25-69 ára konur og voru þær boðaðar til leitar á tveggja til þriggja ára fresti. Samhliða þjónustusamningi við heilbrigðisráðuneytið 1. janúar 1988 voru neðri aldersmörk færð niður í 20 ár og boðað var til leitar á tveggja ára fresti. Á miðju ári 2009 var boðun breytt á þann hátt að konur á aldrinum 40-69 ára voru boðaðar á fjögurra ára fresti svo fremi þær hefðu fimm eðlileg frumstrok og þar af tvö á síðustu sex árum.

Brjóstakrabbameinsleitin hefur ætíð verið tengd leghálskrabbameinsleitinni, þar sem það hefur verið talið til hagræðis fyrir konurnar auk þess að vera fjárhagslega hagkvæmara. Frá 1973 voru brjóst kvenna þreifuð um leið og þær komu til leghálskrabbameinsleitar. Ef eitthvað athugavert fannst voru konur sendar í nánari skoðun með brjostaröntgenmyndatöku og finnárarástungu (frá 1976). Í byrjun nóvember 1987 hófst skipulögð leit að brjóstakrabbameini með brjostaröntgenmyndatöku hjá konum 35 ára og 40-69 ára og um leið var brjóstapreifingu hætt hjá þessum aldurshópum. Frá 1. janúar 1990 var brjóstapreifingu hætt hjá aldurshópnum 20-29 ára og frá 1. janúar 1993 var brjostaröntgenmyndatöku hætt hjá 35 ára konum. Frá janúar 1997 var felld niður hefðbundin brjóstapreifing lækni og konur í öllum aldurshópum hvattar til sjálfskoðunar brjósta. Ef konur eru óöruggar með eigin skoðun eða finna einkenni frá brjóstum er þeim við hefðbundna krabbameinsleit vísað til brjóstapreifingar hjá þeim lækni sem framkvæmir leghálsskoðunina. Utan hefðbundinnar leitar er konum með einkenni frá brjóstum, sem ekki hafa tilvísun frá lækni utan Leitarstöðvar, bent á að ræða við hjúkrunarfræðing á Leitarstöðinni sem ákveður hvort henni er vísað til sérstakrar læknisskoðunar hjá svonefndri brjóstamóttöku Leitarstöðvarinnar.

Krabbameinsfélag Íslands hefur frá upphafi borið faglega og rekstrarlega ábyrgð á framkvæmd legháls- og brjóstakrabbameinsleitar hér á landi. Í júlí 1987 var gerður þjónustusamningur milli félagsins og heilbrigðisráðuneytisins um þennan rekstur sem tryggði að ráðuneytið tryggði fjárveitingar til rekstrarins. Fyrsti samningur við ráðuneytið tók gildi 1. janúar 1988 en hefur síðan verið endurnýjaður fjórum sinnum. Nýr fimm ára samningur við ráðuneytið gildir fyrir tímabilið 2009-2013.

Í lok árs 2012 voru föst stöðugildi á leitararviði 18,8 en auk þess störfuðu á leitararviði verktakar í 10,8 stöðugildum. Í árslok 2012 voru stöðugildi leitararviðs því samtals 29,6 en voru 41 í ársbyrjun 2009 og hefur þeim því fækkað á þessu fjögurra ára tímabili um 27%. Ástæður fækkunarinnar má rekja til hagræðingar vegna stafrænnar tækni í brjóstakrabbameinsleit, rafrænnar tækni í skráningum skoðana og aðhaldsaðgerða.

Leit að krabbameini í leghálsi

Markhópur leghálskrabbameinsleitar er 20-69 ára. Í árslok 2012 voru 101.025 konur á þessum aldri búsettar á landinu og þar af fóru 30.829 (30,5%) í leghálsskoðun (tafla 3 og mynd 1). Konur á aldrinum 25-69 ára voru 89.243 og af þeim fóru 27.016 konur (30,2%) í leghálsskoðun.

Í árslok 2012 höfðu 7,6% kvenna (6.794/89.243) á aldrinum 25-69 ára *aldrei mætt til leghálskrabbameinsleitar*. Fyrir landið í heild var þriggja ára mæting í aldurshópnum 25-69 ára 64,8% á árinu 2012. Þriggja ára mæting á árinu 2012 var 67,8% í aldurshópnum 25-39 ára og 63,1% í aldurshópnum 40-69 ára. Fjögurra ára mæting í sömu aldurshópnum var 74,5% og 74,1% á árinu 2012.

Á árinu 2012 voru gerðar 33.096 skoðanir hjá 31.902 konum í leit að leghálskrabbameini. Skipting þessara kvenna í aldurshópa og skoðunarstaði er að finna í töflum 3 og 4 og kemur þar fram að skoðaðar voru 19.971 konur (62,6%) í Leitarstöðinni og heilsugæslustöðvum og 11.931 konur (37,4%) hjá sérfræðingum og sjúkrastofnunum.

Leit að krabbameini í brjóstum

Markhópur brjóstakrabbameinsleitar er 40-69 ára og var 56.471 kona á þessum aldri búsett hér á landi í árslok 2012. Fyrir landið í heild var tveggja ára mæting í þessum aldurshópi 59% (33.520 konur af 56.471) en þetta mætingarhlutfall hefur verið á bilinu 61-63% frá árinu 1994. Um 15% 40-69 ára kvenna (8.614 konur) höfðu í árslok 2012 aldrei mætt til brjóstakrabbameinsleitar með brjóstarröntgenmyndatöku.

Á árinu 2012 voru komur í brjóstakrabbameinsleit 23.108 sem leiddu til 29.672 einstakra verka. Á árinu 2012 voru 21.150 nýjar komur í brjóstaskoðanir hjá 20.636 konum. Stærsti hlutinn eða 19.356 (93,8%) konur voru á vegum Leitarstöðvarinnar (13.473 konur) í Skógarhlíð og á heilsugæslustöðvum utan Reykjavíkur (5.883 konur) en 274 konur (1,3%) frá heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu og 1.006 konur (4,9%) frá sérfræðingum á stofu (257 konur) eða sjúkrastofnunum (749 konur).

Yfirlit um leitastarfið er birt ár hvert á vef Krabbameinsfélagsins.

Kristján Sigurðsson.

Tafla 1: Ýmsar upplýsingar um leit að leghálskrabbameini.

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Fjöldi 20-69 ára kvenna sem komu í leit	31.424	31.336	31.806	28.378	24.711	28.048	30.829
Fjöldi 20-39 ára á vegum Leitarstöðvarinnar		5.689	5.563	6.007	5.887	6.074	6.469
Fjöldi 20-39 ára frá öðrum		7.595	8.266	8.046	7.838	7.865	7.925
Fjöldi 40-69 ára á vegum Leitarstöðvarinnar		14.314	14.098	10.724	7.638	10.394	12.656
Fjöldi 40-69 ára frá öðrum		3.738	3.879	3.601	3.348	3.715	3.779
Hlutfall afbrigðilegra frumustroka, 20-39 ára	5,4%	7,3%	8,1%	9,1%	9,5%	8,7%	11,1%
Hlutfall afbrigðilegra frumustroka, 40-69 ára	1,6%	1,7%	2,0%	1,9%	2,6%	1,9%	2,9%

Farið var að taka vökvasýni árið 2007. Hlutfall afbrigðilegra frumusýna eftir vökvasýni er um 60% hærra en eftir hefðbundin sýni. Það skýrir að hluta til hækkandi hlutfall afbrigðilegra frumustroka síðustu ár.

Tafla 2: Ýmsar upplýsingar um leit að brjóstakrabbameini.

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Fjöldi 40-69 ára kvenna sem komu í hópskoðun	15.145	16.071	15.994	16.336	15.114	16.015	16.362
Hlutfall endurinnkallaðra, 40-49 ára	4,5%	4,2%	3,9%	6,1%	8,2%	7,7%	7,6%
Hlutfall endurinnkallaðra, 50-69 ára	3,2%	3,0%	2,9%	4,0%	4,2%	4,6%	4,2%

Farið var að taka stafrænar myndir á miðju ári 2008. Næmi rannsóknar í yngri hópnum fór úr 73% í 85% og í eldri hópnum úr 84% í 89%. Það skýrir væntanlega hækkandi hlutfall endurinnkallaðra síðustu ár.

Tafla 3: Tveggja, þriggja og fjögurra ára mæting í leit að leghálskrabbameini (L, að meðtöldum konum sem leituðu til sérfræðinga og sjúkrastofnana) 20-69 ára, miðað við árslok 2012.

<i>Skoðunarstaðir</i>	<i>Tveggja ára mæting</i>		<i>Þriggja ára mæting</i>		<i>Fjögurra ára mæting</i>	
	<i>L</i>		<i>L</i>		<i>L</i>	
Reykjavíkurhérað	52%		63%		71%	
Vesturlandshérað	54%		63%		75%	
Vestfjarðahérað	58%		65%		73%	
Norðurlandshérað vestra	61%		70%		77%	
Norðurlandshérað eystra	52%		62%		74%	
Austurlandshérað	60%		69%		74%	
Suðurlandshérað	53%		65%		72%	
Reykjaneshérað	53%		64%		73%	
<i>Landið í heild</i>	53%		64%		72%	

Tafla 4: Tveggja, þriggja og fjögurra ára mæting í leit að brjóstakrabbameini (B, að meðtöldum öllum klínískum brjóstamyndatökum þar á meðal tilvísuðum af sérfræðingum og sjúkrastofnunum) og leghálskrabbameini (L, að meðtöldum konum sem leituðu til sérfræðinga og sjúkrastofnana) 40-69 ára, miðað við árslok 2012.

<i>Skoðunarstaðir</i>	<i>Tveggja ára mæting</i>		<i>Þriggja ára mæting</i>		<i>Fjögurra ára mæting</i>	
	<i>B</i>	<i>L</i>	<i>B</i>	<i>L</i>	<i>B</i>	<i>L</i>
Reykjavíkurhérað	55%	50%	64%	61%	68%	71%
Vesturlandshérað	68%	41%	75%	64%	79%	79%
Vestfjarðahérað	72%	64%	76%	70%	82%	81%
Norðurlandshérað vestra	74%	65%	79%	74%	83%	81%
Norðurlandshérað eystra	59%	40%	71%	61%	76%	75%
Austurlandshérað	70%	38%	75%	49%	82%	84%
Suðurlandshérað	63%	50%	70%	76%	76%	77%
Reykjaneshérað	57%	44%	67%	61%	72%	76%
<i>Landið í heild</i>	59%	53%	68%	63%	72%	74%

Frumurannsóknastofa

Á frumurannsóknastofu Krabbameinsfélags Íslands eru rannsökuð frumusýni frá leghálsi kvenna. Flest sýnin eru tekin vegna hópleitar að forstigum leghálskrabbameins á vegum Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins. Einnig berast sýni frá konum sem eru í eftirliti vegna frumubreytinga og sýni sem tekin eru á stofu hjá sjálfstætt starfandi kvensjúkdómalæknum, ýmist í hópleit eða vegna einkenna hjá konunum. Árið 2012 voru starfsmenn frumurannsóknastofunnar 9. Í árslok voru lífeindafræðingar, frumugreinar, líffræðingur og meinafræðingur í samtals 7,7 stöðugildum. Í nóvember var endurmenntunardagur með fulltrúa frá Hologic.

Vökvasýni eru áfram tekin hjá konum sem komu til leghálskrabbameinsleitar í Leitarstöðina í Skógarhlíð. Tekin eru hefðbundin sýni í leit á landsbyggðinni og hjá konum sem fara á stofu hjá sérfræðingum.

Fjöldi sýna á frumurannsóknastofu Krabbameinsfélagsins á árinu 2012 var 33.098, sem er 23% aukning frá árinu áður. Árið einkenndist af lengdum svartíma og uppsöfnun sýna. Hætt var tvískoðun 10% eðlilegra sýna á seinni hluta ársins, vegna mikils vinnuálags. Forstigsbreytingar greindust í 2.361 sýnum eða 7,1% Mælt var með leghálsspeglun og töku vefjasýnis 1.018 sinnum, en það er gert ef kona er með alvarlegar forstigsbreytingar eða endurteknar vægar breytingar. Samanburður á niðurstöðum frumusýna og vefjasýna (vefjabitum teknum við leghálsspeglun og/eða keiluskurði) er sýndur í töflu 2.

Ingibjörg Guðmundsdóttir.

Tafla 1: Fjöldi frumusýna frá leghálsi undanfarin fimm ár.

	2008	2009	2010	2011	2012
Heildarfjöldi sýna	26.228	23.543	20.423	26.905	33.098
Hefðbundin frumusýni	17.833	11.847	10.442	15.595	19.990
Vökvasýni	8.395	11.696	9.981	11.310	13.107
Hlutfall vökvasýna af öllum sýnum	32,0%	49,7%	48,9%	42,0%	39,6%
Forstigsbreytingar	1.130	1.654	1.422	1.502	2.361
Hlutfall af öllum sýnum	4,3%	7,0%	7,0%	5,6%	7,1%

Tafla 2: Samanburður á niðurstöðum úr frumugreiningu og vefjagreiningu árið 2012.

	Vefjagreining			
	Eðlileg sýni, bólga	Vægar forstigsbreytingar, veirubreytingar	Meiriháttar forstigs- breytingar og ífarandi krabbamein	
<i>Frumugreining</i>				
Endurteknar, vægar forstigsbreytingar	78 (14%)	329 (59%)	151 (27%)	558
Óljósar forstigsbreytingar, meiriháttar breytingar, og ífarandi krabbamein	68 (15%)	162 (35%)	230 (50%)	460
				1.018

Greinar í ritrýndum tímaritum 2012

Alexiusdottir KK, Möller PH, Snaebjornsson P, Jonasson L, Olafsdottir EJ, Bjornsson ES, Tryggvadottir L, Jonasson JG. Association of symptoms of colon cancer patients with tumour location and TNM-tumour-stage. *Scand J Gastroenterology* 2012; 47 (7): 795-801.

Gudmundsson J, Sulem P, Gudbjartsson D, Jonasson JG, ... Tryggvadottir L et al. Discovery of common variants associated with low TSH levels and thyroid cancer risk. *Nat Genet* 2012; 44(3): 319-322.

Gudmundsson J, Sulem P, Gudbjartsson DF, ... Jonasson JG, Tryggvadottir L et al. A study based on whole-genome sequencing yields a rare variant at 8q24 associated with prostate cancer. *Nat Genet.* 2012; 44(12):1326-9.

Joensuu H, Vehtari A, Riihimäki J, Nishida T, ... Jonasson JG et al. Risk of gastrointestinal stromal tumour recurrence after surgery: An analysis based on pooled population-based cohorts. *Lancet Oncology* 2012; 13 (3): 265-274.

Jonsdottir AB, Stefansson OA, Bjornsson J, Jonasson JG, Ogmundsdottir HM, Eyfjord JE. Tetraploidy in BRCA2 breast tumours. *Eur J Cancer* 2012; 48 (3): 305-310.

Koivisto-Korander R, Scélo G, Ferro G, Møller Kjaer L, ... Jonasson JG et al. Second primary malignancies among women with uterine sarcoma. *Gynaecologic Oncology* 2012; 126 (1): 30-35.

Rubio CA, Kristjansdottir S, Thodleifsson B, Olafsdottir E, Jonasson JG. The frequency of advanced adenoma in consulting patients. A nationwide survey in Iceland (2003-2006). *Colorectal Disease* 2012; 14 (9): e595-e602.

Sigurdardottir LG, Jonasson JG, Stefansson S, Jonsdottir A, Olafsdottir GH, Olafsdottir EJ, Tryggvadottir L. Data quality at the Icelandic Cancer Registry: Comparability, validity, timeliness and completeness. *Acta Oncol.* 2012;51(7):880-9.

Stefansson V, Johannsson OT, Skirton H, Tryggvadottir L, Tulinius H, Jonsson JJ. The use of genealogy databases for risk assessment in genetic health service: a systematic review. *J Community Genet.* 2012 Jul 18.

Stolk L, ... Styrkarsdottir U, ... Tryggvadottir L, ... Gudnason V, ... Stefansson K, ... Lunetta KL. Meta-analyses identify 13 loci associated with age at menopause and highlight DNA repair and immune pathways. *Nat Genet.* 2012 Jan 22;44(3):260-8.

Talibov M, Kautiainen S, Martinsen JI, Kjaerheim K, Lynge E, Sparen P, Tryggvadottir L, Weiderpass E, Pukkala E. Occupation and Leukemia in Nordic Countries. *J Occup Environ Med.* 2012 Oct 30.

Torfadottir JE, Valdimarsdottir UA, Mucci L, ... Tryggvadottir L, ... Tulinius H et al. Rye bread consumption in early life and reduced risk of advanced prostate cancer. *Cancer Causes Control*;23(6):941-50.2012.

Torfadottir JE, Steingrimsdottir L, Mucci L, ... Tryggvadottir L, ... Tulinius H et al. Milk intake in early life and risk of advanced prostate cancer. *Am J Epidemiol.* 2012 Jan 15;175(2):144-53.

Tukenova M, Diallo I, Anderson H, Hawkins M, ... Tryggvadottir L et al. Second malignant neoplasms in digestive organs after childhood cancer: a cohort-nested case-control study. *Int J Radiat Oncol Biol Phys.* 2012 Mar 1;82(3):e383-90.

Vidarsdottir H, Möller PH, Jonasson JG, Pfannschmidt J, Gudbjartsson T. Indications and Surgical Outcome Following Pulmonary Metastasectomy – A Nation-wide Study. *Thoracic and Cardiovascular Surgeon* 2012; 60 (6): 383-389.

Bækur um læknisfræðileg efni 2012

Jón Gunnlaugur Jónasson og Laufey Tryggvadóttir: Krabbamein á Íslandi. Upplýsingar úr Krabbameinsskrá fyrir tímabilið 1955-2010. Krabbameinsfélagið, Reykjavík, maí 2012 (ISBN 978-9979-9654-2-8).

Greinar fyrir almenning 2012

Jón Gunnlaugur Jónasson: Af hverju er ekki bara hægt að skera æxlið burt þegar menn fá krabbamein? Vísindavefurinn <http://www.visindavefur.hi.is/?id=59071> mars 2012.

Jón Gunnlaugur Jónasson: Árlega greinast á áttunda hundrað karlar með krabbamein. Fréttatíminn 2012, 9.-11. mars 2012, fréttakálfurinn Mottumars bls. 2.

Útdráttir 2012

Alexíusdóttir K, Möller PH, ... Olafsdóttir EJ, ... Tryggvadóttir L, Jonasson JG et al. Association of symptoms of colon cancer patients with tumor location and TNM-stage. Kynnt á ráðstefnu norrænu krabbameinsskranna (ANCR), haldin í Osló í Noregi 29.-30. ágúst 2012.

Haraldsson S, Möller PH, Jonasson JG, Sigurdsson F. Use of adjuvant chemotherapy in patients with stage III colon cancer in Iceland (1995-2004). Kynnt á 43rd Nordic Gastroenterology Congress, sem haldin var í Reykjavík 12.-15. júní 2012.

Guðmundsson B, Blöndal S, Haraldsdóttir KH, Jónasson JG, Birgisson G. Sortuæxli með uppruna í vélinda – tvö sjúkratilfelli. Kynnt á sameiginlegu vísindafingi Skurðlæknafélags Íslands, Svæfinga og gjörgæslulæknafélags Íslands og Félags íslenskra fæðinga- og kvensjúkdómalækna, haldið í Hörpu í Reykjavík 16.-17. mars 2012. Læknablaðið 2012 fylgirit 69, útdráttur númer V-13.

Guðmundsson B, Birgisson G, Blöndal S, Jónasson JG, Haraldsdóttir KH. Abernathy missmið. Kynnt á sameiginlegu vísindafingi Skurðlæknafélags Íslands, Svæfinga og gjörgæslulæknafélags Íslands og Félags íslenskra fæðinga- og kvensjúkdómalækna, haldið í Hörpu í Reykjavík 16.-17. mars 2012. Læknablaðið 2012 fylgirit 69, útdráttur númer V-15.

Thoroddsen Ú, Ögmundsdóttir HM, Egilsson M, Jónasson JG. Sjálfsát frumna í brjóst- og briskrabbameinum. Kynnt á 3. árs ráðstefnu læknaeildar Háskóla Íslands í Hringisal Landspítala 29.-30. maí 2012.

Tryggvadóttir L, Weiderpass E, Sparén P, Kjaerheim K, Martinsen JI, Lynge E, Hansen J, Kauppinen T, Pukkala E. Work and cancer: in-depth studies initiated by the NOCCA project. Kynnt á ráðstefnu norrænna krabbameinsskráa (ANCR symposium) í Osló, 30.-31. ágúst 2012.

Tryggvadóttir L. Áhættusöm kynhegðun ungra íslenskra kvenna – norrænn samanburður (65.000 konur). Kynnt á fræðslufundi hjá Embætti landlæknis, Heilsuverndarstöðinni, 16. maí 2012.

Aðalfundur 2012

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn laugardaginn, 12. maí 2012, að Skógarhlið 8 í Reykjavík, og hófst kl. 10:00. Mættir voru 69 manns, þar af voru fulltrúar frá 22 aðildarfélögum. Formaður stjórnar, Sigríður Snæbjörnsdóttir, setti fundinn, bauð alla velkomna og lagði fram tillögu um að Arnar Hauksson yrði skipaður fundarstjóri og Jóhanna Kristófersdóttir fundarritari sem var samþykkt.

1. Skýrsla stjórnar

Sigríður Snæbjörnsdóttir, formaður stjórnar Krabbameinsfélags Íslands, sagði frá því að nú væru liðin 55 ár frá því að fyrsta svonefnda Krabbameinsleitarstöðin hefði verið opnuð hér á landi, í Heilsuverndarstöðinni við en þar átti að skoða „heilbrigt fólk, en ekki sjúka“. Núverandi leitarstarfsemi er beint framhald af þessu.

Hún sagði að í nýrri bók um Krabbamein á Íslandi, frá Krabbameinsskránni, komi fram að miklar framfarir hafi orðið síðustu hálfa öldina og að fimm ára lífshorfur hefðu batnað úr 32% í 66%. Nú væru á lífi 11.000 einstaklingar sem hafa greinst. Þetta sé ein af ástæðum þess að sífellt aukin þjónusta sé við sjúklinga og aðstandendur. Nú hefur Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélags Íslands starfað á fimmta ár og standi til að tengja starfið betur við starf stuðningshópanna og þá fræðslu sem fyrir er í húsinu.

Sigríður rifjaði það upp að fyrir rúmlega ári síðan hafi velferðaráðherra gefið félaginu loforð um að unnið yrði að gerð krabbameinsáætlunar. Sigríður sagði að það mál sem væri henni sérstaklega hugleikið, væri fyrirhuguð leit að ristilkrabbameini. Fimm ár væru nú liðin frá því Alþingi samþykkti ályktun um að hefja slíka leit, en bið hafi orðið á vegna efnahagsþrenginga. Nú væri talað um að bjartari tímar væru framundan og biðin þá vonandi á enda.

Fjárhagsstaða félagsins er betri nú en oft áður. Það sem ekki síst réði úrslitum væri stuðningur landsmanna í átaksmánuðunum mars og október og að síðustu ár hafi tekjuöflun með svonefndum velunnurum aukist.

Formaðurinn sagði leitarstarfið vera veigamesta þáttinn í rekstri félagsins. Frá 1987 hafi verið gerðir þjónustusamningar við hið opinbera til fimm eða sex ára í senn. Núverandi samningur renni út í lok ársins 2013 og þurfi því að huga að endurnýjun.

Fyrir tveimur árum var samþykkt stefnumótun til fjögurra ára og hefur það skjal verið haft til hliðsjónar í starfinu en fara þyrfti yfir stefnumótunina.

Stjórn félagsins hefur ákveðið að kjósa Snorra Ingimarsson lækni í heiðursráð Krabbameinsfélagsins. Hann var fyrsti forstjóri Krabbameinsfélags Íslands, 1984-1988, og hefur hann alla tíð sýnt málefnum félagsins áhuga.

Að lokum sagði Sigríður að margir sigrar hefðu unnist í baráttunni gegn krabbameini. Við þyrftum að vera bjartsýn um árangur og berjast þar til fullum sigri væri náð.

2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Sigurður P. Sigmundsson, gjaldkeri stjórnar Krabbameinsfélags Íslands, kynnti endurskoðaða reikninga félagsins fyrir árið 2011 og eru þeir birtir í ársskýrslunni. Reikningarnir voru samþykktir án athugasemda.

3. Skýrslur aðildarfélaga

Fundarstjóri vísaði til ársskýrslu þar sem skýrslur aðildarfélaganna má finna.

Hafrún Dóra Júlíusdóttir og Anna Borg Harðardóttir frá Krabbameinsfélagi Hafnarfjarðar báðu um orðið og kynntu þær herferð um munntóbaksnotkun sem félagið hefur verið að vinna að og hvöttu aðildarfélögin til að kynna sér þetta verkefni og hrinda því í framkvæmd.

Hlín Rafnsdóttir frá Krafti sagði að stefnt væri að útvíkkun á stuðningsneti Krafts svo fleiri geti notið góðs af. Hún hvatti félögin til þess að vera í samstarfi hvað það varðaði og bað fólk um að hafa samband. Stómasamtökin hafi nú þegar óskað eftir samstarfi.

4. Stjórnarkjör

Þau fjögur sem áttu að ganga úr aðalstjórn gáfu öll kost á sér til endurkjörs, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Jakob Jóhannsson, Sigurður P. Sigmundsson og Stefán Eiríksson. Aðrir í stjórn eru Friðrik Vagn Guðjónsson, Nanna Friðriksdóttir og Þóra Hrönn Njálsdóttir. Álfheiður Hjaltadóttir, varamaður í stjórn gaf ekki kost á sér áfram en Hinrik Greipsson gaf kost á sér. Uppstillinganefnd lagði til að Steinunn Eva Þórðardóttir yrði kjörin hinn varamaðurinn í stjórn. Tillögur uppstillinganefndar voru samþykktar.

5. Kosnir tveir endurskoðendur (skoðunarmenn) og einn til vara

Uppstillinganefnd lagði til að skoðunarmenn reikninga yrðu áfram þeir sömu, kjörnir til eins árs, en þeir eru Ómar Steindórsson og Skúli Jón Sigurðsson og til vara Þóra Þorvarðardóttir. Var það samþykkt.

6. Kosnir fimm menn í uppstillingarnefnd

Nefndin er kosin til eins árs í senn. Þrír nefndarmenn gáfu áfram kost á sér og sitja áfram, en þeir eru: Guðrún Sigurjónsdóttir, Almar Grímsson og Ásta Hallgrímsdóttir. Þeir sem gáfu ekki kost á sér voru Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. Nýir nefndarmenn voru kjörnir í stað þessara, þau Álfheiður Hjaltadóttir og Þórarinn Sveinsson.

7. Önnur mál

Ragneiður Haraldsdóttir forstjóri Krabbameinsfélags Íslands kynnti nýja bók Krabbameinsskrárinnar og sagði bókina til sóma. Bæði einstaklingar og fyrirtæki hafi stutt við útgáfu bókarinnar. Efnid væri mjög vandað og öll helstu krabbameinin séu tekin til umfjöllunar. Ragneiður bauð öllum aðildarfélögunum að fá eintak af bókinni og sagði frá því að hún yrði fljótlega aðgengileg á heimasíðunni. Höfundar bókarinnar eru þau Jón Gunnlaugur Jónasson og Laufey Tryggvadóttir.

Nanna Friðriksdóttir frá Krabbameinsfélagi Reykjavíkur kynnti myndbandið „Þetta er svo lúmskt“ sem væri afrakstur af samstarfi félagsins við ýmsa aðila. Hún bauð aðildarfélögunum að taka eintak, búið væri dreift til bókasafna og heilbrigðisstofnana.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur lagði fram ályktun þar sem skorað er á heilbrigðisyfirvöld að hefja skimunn fyrir ristilkrabbameini. Ályktunin hljóðaði svona: „Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands, haldinn 12. maí 2012, skorar á heilbrigðisyfirvöld að hrinda sem fyrst í framkvæmd lýðgrundaðri skimunn fyrir ristilkrabbameini samkvæmt leiðbeiningum Landlæknisembættisins. Ristilkrabbamein er þriðja algengasta krabbameinið á Íslandi og ein algengasta dánarorsök af völdum krabbameins. Rannsóknir hafa sýnt að með skipulegri leit að ristilkrabbameini og forstigi þess hjá einkennalausum einstaklingum 50 ára og eldri er hægt að lækka dánartíðni af völdum sjúkdómsins.“ Tillagan var samþykkt.

Ragneiður Haraldsdóttir kynnti ljóðabók eftir Baldur Pálmason sem félagið fékk sem hluta af erfðagjöf hans til félagsins.

Laila Pétursdóttir tilkynnti að merkjasala svæðafélaganna yrði 30. ágúst til 3. september. Steinunn Friðriksdóttir frá Styrk sagði vandasamt að finna söluvöru með skömmum fyrirvara. Enn væru til lyklakippur frá árinu áður og voru þær í boði á góðu verði.

Ester Ólafsdóttir frá Vestmannaeyjum afhenti Krabbameinsfélagi Íslands 500 þús. kr. gjöf til að nota fyrir íbúðir félagsins.

Nanna Friðriksdóttir frá Krabbameinsfélagi Reykjavíkur sagði frá því að félagið hefði styrkt Ráðgjafarþjónustuna í ár um 5 millj. kr.

Anna Borg Harðardóttir frá Krabbameinsfélagi Hafnarfjarðar sagði frá 500.000 kr. gjöf til Ráðgjafarþjónustunnar.

Steinunn Sigurðardóttir frá Krabbameinsfélagi Austfjarða hvatti fólk til að koma á orlofshelgi á Eiðum í ágúst og njóta þess góða starfs sem Álfheiður Hjaltadóttir hefði byggt upp.

María Reykdal frá Krabbameinsfélagi Skagafjarðar ítrekað hugmynd sem kynnt hafði verið á aðalfundi árið áður um að svæðafélögin tækju íbúð eða íbúðir „í föstur“ yfir ákveðinn tíma. Það gæti falið í sér peningaframlag, vinnuframlag, málningu eða hvað sem er.

Ingibjörg Sigfúsdóttir frá Krabbameinsfélagi Skagafjarðar sagði frá peningagjöf sem félaginu barst frá grunnskólanemendum í 7. og 8. bekk Varmahlíðarskóla, en þau efndu til áheitaþlaups þar sem 20 nemendur í tveimur bekkjum hlupu 65 km leið og söfnuðu áheitum sem þau færðu félaginu, alls 646.401 kr. Skjólstæðingar félagsins nota íbúðirnar í Reykjavík mikið og sem dæmi um það þá greiddi félagið á síðasta ári um 700.000 kr.

Hlé var gert kl. 12:00 þar sem fundargestir snæddu hádegisverð í Perlunni í boði Krabbameinsfélags Íslands.

Velunarkerfið

Að loknu hádegisverðarhléi var vinnufundur um velunnarareglur Krabbameinsfélags Íslands og styrki til aðildarfélaganna. Gunnar Már Hauksson, frá fjáröflunarráði Krabbameinsfélagsins, kynnti tillögur ráðsins að reglum, sem lagt var til að giltu í eitt ár til að byrja með og fór yfir þróun umræðunnar undanfarin ár. Af hverjum velunnara sem kýs að gerast félagsmaður í svæðisfélagi eða stuðningsfélagi eiga að renna 2.000 kr. á ári til viðkomandi félags. Af framlögum annarra velunnara renna 1.000 kr. á ári í sjóð sem aðildarfélögin geta sótt í.

Miklar umræður urðu um málið. Í þeim tóku þátt Guðmundur Björnsson frá Krabbameinsfélagi Suðurnesja, Sigríður Skúladóttir frá Krabbameinsfélagi Borgarfjarðar, Anna Borg Harðardóttir frá Krabbameinsfélagi Hafnarfjarðar, Guðrún Agnarsdóttir úr heiðursráði Krabbameinsfélagsins, Stefanía Gísladóttir frá Krabbameinsfélagi Norðausturlands, Ingibjörg Sigfúsdóttir frá Krabbameinsfélagi Skagafjarðar, Ragnheiður Haraldsdóttir forstjóri Krabbameinsfélags Íslands, Laila Sæunn Pétursdóttir markaðsstjóri Krabbameinsfélagsins, Ómar Steindórsson frá Krabbameinsfélagi Suðurnesja og Sigríður Snæbjörnsdóttir formaður Krabbameinsfélags Íslands sem þakkaði fyrir góðar ábendingar og sagði að stjórn félagsins myndi taka málið til skoðunar í samráði við fjáröflunarráð félagsins.

Fræðslufundur

Í lokin fluttu Friðbjörn Sigurðsson krabbameinslæknir og Tryggvi Stefánsson skurðlæknir erindi um leit að ristilkrabbameini.

Jóhanna Kristófersdóttir.

Formannafundur 2012

Formannafundur Krabbameinsfélagsins var haldinn í Höllinni í Vestmannaeyjum laugardaginn 15. september 2012 og hófst kl. 11:00. Ester Ólafsdóttir formaður Krabbavarnar í Vestmanneyjum bauð fundarmenn velkomna og fór yfir dagskrána. Sigríður Snæbjörnsdóttir formaður Krabbameinsfélags Íslands sagði þetta 25. formannafundinn og gat þess að nafnið Krabbavörn ætti sögulega skýringu. Anna Borg Harðardóttir var skipuð fundarstjóri og Margrét Grímlaug Kristjánsdóttir fundarritari. Mættir voru 26 fulltrúar.

Ragnheiður Haraldsdóttir forstjóri Krabbameinsfélags Íslands sagði frá starfsemi félagsins. Gæta hefur þurft aðhalds í rekstrinum og samningur um leitarstarfið rennur út í árslok 2013. Ragnheiður minntist á að margir væru að vinna í sjálfboðavinnu í stjórnnum og nefndum félagsins. Síðan voru almennar umræður.

Í hádegishléi voru á boðstólum þorskhnakkar frá Gotdhaab í Nöf.

Ester Ólafsdóttir sagði frá starfsemi Krabbavarnar og stuðningshópsins Eyjarósar.

Skipt var í fjóra vinnuhópa. Hópur 1 fjallaði um tengslanet, síma og vefsíðu. Hópur 2 vildi efla tengsl milli starfsmanna. Hópur 3 lagði til að sett yrði það markmið að 10% þjóðarinnar yrðu annað hvort velunnarar Krabbameinsfélag Íslands eða félagsmenn í aðildarfélögunum. Hópur 4 vildi skilgreina nýjar leiðir í markaðs- og fræðslustarfi. Mikil umræða spannst um þessi málefni.

Formaður Krabbameinsfélags Íslands sleit fundi kl 16:00.

Margrét Grímlaug Kristjánsdóttir.

Aðildarfélög Krabbameinsfélags Íslands

Stofndagur Félagar

Svæðafélög:

Krabbameinsfélag Reykjavíkur	8. 3. 1949	1.020
Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis	9. 2. 1969	300
Krabbameinsfélag Borgarfjarðar	14. 2. 1970	300
Krabbameinsfélag Snæfellsness (og Von)	27. 9. 2005	84
Krabbameinsfélag Breiðfirðinga	19. 10. 2005	45
Krabbameinsfélag Tálknafjarðar og Vesturbyggðar	30. 11. 1970	75
Krabbameinsfélagið Sigurvon (og Vinir í von)	4. 11. 2001	304
Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs	13. 10. 1968	70
Krabbameinsfélag Austur-Húnavatnssýslu (og Samhugur)	2. 11. 1968	200
Krabbameinsfélag Skagafjarðar (og Dugur)	12. 6. 1966	420
Krabbameinsfélag Siglufjarðar	11. 6. 1969	40
Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis (og Norðankraftur)	21. 11. 1952	1.456
Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga (og Birta)	28. 8. 1968	400
Krabbameinsfélag Norðausturlands	18. 8. 1970	86
Krabbameinsfélag Austurlands (og stuðningshópur)	20. 4. 1970	157
Krabbameinsfélag Austfjarða (og stuðningshópur)	21. 4. 1970	535
Krabbameinsfélag Suðausturlands	21. 4. 1970	150
Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu	6. 5. 1971	30
Krabbameinsfélag Rangárvallasýslu	7. 5. 1971	105
Krabbameinsfélag Árnessýslu (og Bandið)	29. 5. 1971	307
Krabbavörn Vestmannaeyjum (og Eyjarós)	25. 4. 1949	250
Krabbameinsfélag Suðurnesja (og Sunnan 5)	15. 11. 1953	720
Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar	10. 4. 1949	473

Stuðningshópar:

Framför	12. 2. 2007	25
Kraftur	1. 10. 1999	502
Ný rödd	20. 12. 1980	24
Ristilfélagið	30. 6. 2009	61
Samhjálp kvenna	1979	400
Stómasamtök Íslands	16. 10. 1980	300
Styrkur	20. 10. 1987	350

Hópar sem starfa með Krabbameinsfélagi Reykjavíkur (á landsvísu):

Góðir hálsar (stuðningshópur um blöðruhálskirtilskrabbamein)	6. 12. 2000	125
Stuðningshópur kvenna með eggjastokkakrabbamein	27. 2. 2002	22

9.338

Krabbameinsfélag Reykjavíkur



Stofnað: 8. mars 1949. Félagsmenn: 1.020 (þar af 75 ævifélagar).
Skrifstofa: Skógarhlið 8, Reykjavík. Póstfang: Pósthólf 5420, 125 Reykjavík.
Sími: 540 1900. Fax: 540 1910. Vefsíða: www.krabb.is/reykjavik
Framkvæmdastjóri: Guðlaug B. Guðjónsdóttir (gbg@krabb.is).

Stjórn kosin á aðalfundi 11. mars 2013:

Formaður:	Agnes Smáradóttir, Bæjargili 92, 210 Garðabæ	565 5265	agnessma@landspitali.is
Varaformaður:	Árni Einarsson, Eiðistorgi 3, 170 Seltjarnarnesi	561 1208	
Gjaldkeri:	Gunnar Már Hauksson, Sundlaugarvegi 24, 104 Reykjavík	553 8259	
Ritari:	Birna Guðmundsdóttir, Suðurhvammi 1, 220 Hfj.	587 9666	
Meðstjórnandi:	Aðalheiður K. Þórarinsd., Víkurbakka 32, 109 Reykjavík	869 7501	
Meðstjórnandi:	Arnar Hauksson, Selvogsgrunni 20, 104 Reykjavík	8614984	
Meðstjórnandi:	Þórunn Sævarsdóttir, Lönguhlið 25, 105 Reykjavík	693 6454	
Varamenn:	Guðrún Sigurðardóttir, Skúli Jón Sigurðarsson og Vala Smáradóttir.		

Starfsemi 2012-2013

Skýrslan nær yfir síðasta starfsár, frá aðalfundi 26. mars 2012, til aðalfundar 11. mars 2013. Stjórnarfundir voru átta milli aðalfunda og sóttu varamenn þá til jafns við aðalmenn. Ársskýrsla í fullri lengd er á: <http://www.krabb.is/Thjonusta/Svaedafelog/krabbameinsfelag-reykjavikur>

Fræðslu- og forvarnastarfsemi

Samkvæmt samstarfssamningi við Krabbameinsfélag Íslands á Krabbameinsfélag Reykjavíkur að sinna fræðslu- og útgáfumálum. Þriggja manna fræðsluráð er starfandi sem í sitja Jónas Ragnarsson ritstjóri hjá Krabbameinsfélagi Íslands, Sigrún L. Magnúsdóttir forstöðumaður Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands og Agnes Smáradóttir læknir, fulltrúi stjórnar Krabbameinsfélags Reykjavíkur. Framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Reykjavíkur er starfsmaður ráðsins.

Útgáfumál

Fræðsluritin „Leghálsskoðun“, „Veirur valda krabbameini í leghálsi“, „Berðu heilsu þína fyrir brjósti“ og „Krabbamein í blöðruhálskirtli“ voru endurprentuð. „Skilaboð til kvenna“ og „Skilaboð til karla“ voru endurskoðuð og á bakhlið þeirra settar upplýsingar um einkenni sem karlar og konur ættu ekki að láta fram hjá sér fara. Ýmsar almennar upplýsingar um krabbamein voru útbúnar og settar á vef Krabbameinsfélagsins. Hafin er samvinna félagsins, Ráðgjafarþjónustunnar og næringarráðgjafa á Landspítala um fræðsluefni um næringu og krabbamein.

Fræðslumyndir

Fræðslumynd um reykingatengda lungnasjúkdóma verður frumsýnd í vor en myndin er unnin í samstarfi við Samtök lungnasjúklinga. Áhersla verður lögð á að myndin verði aðgengileg á netinu. Agnes Smáradóttir krabbameinslæknir og Sigríður Ólína Haraldsdóttir lungnalæknir eru faglegir ráðgjafar ásamt fleira heilbrigðisstarfsfólki. Næst er stefnt að gerð myndar um sortuæxli og húðkrabbamein.

Tóbaksvarnir

Krabbameinsfélag Reykjavíkur heldur reglulega reykbindindisnámskeið. Á starfsárinu voru haldin tvö reykbindindisnámskeið, að auki voru margir í einstaklingsráðgjöf. Leiðbeinandi á námskeiðunum og í einstaklingsráðgjöfinni er Ingibjörg K. Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur. Ingibjörg svarar fyrirspurnum um tóbaksvarnir sem koma gegnum vefinn og í síma. Ingibjörg hélt á starfsárinu fjóra fyrirlestra og kynningarfundir um tóbaksvarnir og mikilvægi þess að hætta að reykja, m.a. hjá Ráðgjafarþjónustu Krabba-

meinsfélagsins og í Stykkishólmi. Ferðin í Stykkishólm var að frumkvæði Stykkishólmsbæjar vegna heilsuviku þar í bæ í janúar sl. Barnaskólinn í Stykkishólmi var heimsóttur og farið var á sjúkrahúsið og heilsugæsluna. Ingibjörg veitti reykleysisráðgjöf einn laugardag í janúar sl. í Urðarapóteki, og hefur kennt reykleysismeðferð hjá þriðja árs nemum í hjúkrunarfræði og meistaranemum í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands.

Heilsugæslustöðvum og lyfjaverslunum á höfuðborgarsvæðinu voru send bréf með upplýsingum um reykbindindisnámskeið félagsins og beiðni um að hengja upp auglýsingu vegna námskeiðsins sem byrjaði í janúar sl. Í bréfinu var bent á að við værum tilbúin að vera með fræðslu og ráðgjöf um tóbaksfíkn á viðkomandi stöðum. Einnig fylgdi með fræðslubæklingurinn „Hættu fyrir lífið“ og spjald sem kynnir vefsíðuna „lungnakrabbamein.is“ en aftan á því eru skilaboð frá Krabbameinsfélagi Reykjavíkur um að það sé aldrei of seint að hætta að reykja og hvert sé hægt að hafa samband.

Fræðslufulltrúi hefur haft umsjón með því að setja efni um tóbaksvarnir inn á vefsíðu Krabbameinsfélagsins. Viðtal við Ingibjörgu var í Fréttablaðinu um gildi þess að hætta að reykja, í tengslum við örráðstefnu Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins um lungnakrabbamein í nóvember sl.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur og Krabbameinsfélag Íslands gerðu sameiginlega umsögn til Alþingis, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir og lögum um verslun með áfengi og tóbak (reyklaust tóbak, ungt fólk o.fl.). Guðlaug fór í framhaldi af því á fund velferðarnefndar Alþingis ásamt fleiri umsagnaraðilum til að ræða frumvarpið. Nokkur umræða hefur verið í fjölmiðlum varðandi frumvarpið. Agnes Smáradóttir krabbameinslæknir og varaformaður félagsins fór í viðtöl í fjölmiðlum sem vöktu athygli. Guðlaug hvatti lækna í sérfræðiráði um tóbaksvarnir til að beita sér í umræðunni.

Hættan er ljós

Átaksverkefnið „Hættan er ljós“ er samstarfsverkefni Geislavarna ríkisins, Embætti landlæknis, húðlækna og Krabbameinsfélagsins. Átakshópurinn fundar reglulega og hefur margvíslegt samráð.

Nokkur umræða hefur verið í hópnum varðandi mælingu á svokölluðum UV-stuðli (UV-index) og hvernig best væri að koma upplýsingum til almennings þegar útfjólublá geislun er óvenjulega mikil og hvernig þá að bregðast eigi við.

Hópnum barst í vetur stuðningsbeiðni frá framkvæmdastjóra Ungmennafélags Njarðvíkur um að fjarlægja ljósabekki úr íþróttahúsi félagsins. Fagnaði hópurinn því og sendi stuðningsyfirlýsingu þess efnis, ásamt afriti, til bæjarstjóra Reykjanesbæjar og Krabbameinsfélags Suðurnesja.

Á næstunni verður gerð árleg könnun átakshópsins á ljósabekkjanotkun landsmanna og haldið verður áfram að fræða um afleiðingar óhóflegra sólbaða. Niðurstöður kannana síðustu ára staðfesta minnkandi notkun ljósabekkja hér á landi, einkum hjá ungu fólki.

Guðlaug svaraði fyrirspurn Færeyska krabbameinsfélagsins um lagasetningu okkar á 18 ára aldurstakmarki á notkun ljósabekkja og fleiru varðandi ljósabekkjanotkun hérlandis. Einnig svaraði hún evrópskri könnun um lagasetningu og reglugerðir varðandi ljósabekkjanotkun hér á landi, með aðstoð starfsmanns Geislavarna.

Guðlaug er fulltrúi Krabbameinsfélagsins í norrænu samstarfi um varnir gegn húðkrabbameini. Norræna samstarfið felst í því að fá ferðarþjónustuna, ferðaskrifstofur, flugfélög og fleiri, í samvinnu um að bæta upplýsingar um öryggi í sólinni og hvernig skynsamlegt er að njóta sólarinnar á sem öruggastan hátt.

Bleiki mánuðurinn

Krabbameinsfélag Reykjavíkur, Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar og Samhjálp kvenna stóðu að venju fyrir sameiginlegu málþingi um brjóstakrabbamein í október 2012 undir yfyrskriftinni „Lífið og heilsan“. Þingið var haldið í Öskju, húsi Háskóla Íslands. Auður Vésteinsdóttir myndlistakona setti upp sérstaklega fallegt og táknrænt verk í málþingssalnum en það táknaði þann fjölda kvenna sem greinist ár hvert með brjóstakrabbamein og þær sem látast. Í upphafi þingsins var boðið upp á ávaxtaveitingar við harmonikkuleik.

Dr. Jóhanna Eyrún Torfdóttir næringarfræðingur talaði um næringu og heilsu, Jón Steinar Jónsson heilsu-gæslulæknir um hreyfingu og krabbamein og Lilja Jónasdóttir hjúkrunarfræðingur um gildi slökunar. Fundarstjóri var Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir alþingismaður.

Í „bleika boðinu“ sem haldið var í Háskólabíói í lok október sá félagið um fræðslubás, undir stjórn formanns og með aðstoð frá fagráði krabbameinshjúkrunarfræðinga á Landspítalanum. Sett voru upp veggspjöld með ýmsum upplýsingum fyrir konur um krabbamein og um afleiðingar tilbaksneyslu. Í básnum voru bæklingar um helstu krabbameinin, heilsuþæðingarnar og sturtuspjöldin. Gestum, sem voru hátt í 1.000 talsins, var boðið að taka þátt í spurningaleik og svara nokkrum spurningum skriflega um efni sem fram kom á veggspjöldunum. Um 530 konur svöruðu í leiknum. Dreigið var úr réttum svörum og veglegir vinningar voru veittir.

Mottumars

Framkvæmdastjóri hefur aðstoðað m.a. með yfirlestur, að útbúa ýmis fræðslu- og upplýsingagögn, setið samráðsfundi undirbúningsnefndar og fundi með læknum og fleiri utanaðkomandi þar sem farið hefur verið yfir átakið. Haldin var örráðstefna undir yfirskriftinni „Ég er karlmaður, ég get veikt, ég get grátið“ í samvinnu félagsins, Ráðgjafarþjónustunnar, Góðra hálsa og Framfarar.

Könnun áhættuþátta

Í febrúar létu Krabbameinsfélag Reykjavíkur og Krabbameinsfélag Íslands gera könnun með aðstoð Capacent Gallup á viðhorfi fólks til áhrifa mismunandi þátta á það hvort fólk fær krabbamein. Spurt var hversu mikil eða lítil áhrif fólk teldi að eftirtaldir þættir hefðu á það hvort fólk fengi krabbamein: Áfengi, erfðir, farsímar, hreyfingaleysi, munntóbak/reyklaust tóbak, notkun svitalyktareyðis, óbeinar reykingar, reykingar, mataræði, streita, þráðlaus raftæki/net á heimilum, útblástur frá bifreiðum, sólargeislun og ofþyngd. Spurt var um almennan bakgrunn (kyn, aldur, menntun, búsetu og tekjur) og hvort svarendur væru með eða hefðu einhvern tíma á lífsleiðinni fengið krabbamein. Fyrirmyndin að þessari könnun er frá danska krabbameinsfélaginu en þar var spurt um sömu þætti nema erfðir og munntóbak/reyklaust tóbak. Leyfi var fengið frá danska félaginu til þess að nota spurningalistann og var framkvæmdin gerð á sambærilegan hátt hér á Íslandi og í Danmörku. Úrtakið var 1.450 manns, 18 ára og eldri og svarhlutfall var 60%. Niðurstöður könnunarinnar munu gefa okkur vísbendingar um það á hvaða þætti þarf að leggja meiri áherslu í fræðslumálum.

Nemendur og skólar

Nokkuð er um að starfsfólk félagsins aðstoði nemendur og kennara framhaldsskóla og háskóla við heimildaöflun vegna ýmissa skrifa, rannsókna og kennslu sem tengjast krabbameini og forvörnum. Þeir hópar nema sem eru á þriðja ári í hjúkrunarfræði komu í haust í heimsókn ásamt hjúkrunarfræðingunum Sigríði Gunnarsdóttur, Þórunni Sævarsdóttur, Svandísi Írisi Hálfðánardóttur og Nönnu Friðriksdóttur. Það var hluti af klínísku námi nemanna að kynna sér starfsemi Krabbameinsfélagsins.

Vika 43, Verum vakandi og Samstarfsráð um forvarnir

Krabbameinsfélag Reykjavíkur er þátttakandi í Viku 43 sem er vettvangur félagasamtaka sem vilja leggja forvörnum lið og/eða hafa forvarnir að markmiði starfs síns, til þess að vekja athygli á forvarnastarfi og áfengis- og vímuefnamálum. Í Viku 43 var að þessu sinni lögð áhersla á að vekja almenning til umhugsunar um það hvort áfengisneysla væri einkamál neytendans. Einstaklingar voru hvattir til að senda inn hugleiðingar og/eða frásagnir af reynslu sinni af því hvernig áfengisneysla (ölvun) annarra hefði komið við þá. Félagið er einnig þátttakandi í áttakinu „Verum vakandi“ sem er vakningarátak sömu aðila og standa að Viku 43 og snýr að skaðsemi kannabis undir yfirskriftinni „Bara gras?“. Markmið átaksins er að fræða foreldra um kannabis, einkenni, skaðsemi og forvarnir, svo og að gera foreldra og heimili virk í forvörnum með því að leggja þeim til þekkingu, traustar upplýsingar og möguleg úrræði. Einnig að virkja samfélagið í átaki gegn kannabis og þeim rangfærslum um áhrif kannabisefna sem nú er dreift til ungmenna með aðstoð

netsins. Umsjón með þessum verkefnum hefur Samstarfsráð um forvarnir sem um 25 samtök standa að. Guðlaug er fulltrúi Krabbameinsfélagsins í stjórn ráðsins.

Stuðningur við sjúklinga

Tveir stuðningshópar sem eru ekki formlegir aðilar að Krabbameinsfélagi Íslands starfa undir verndarvæng Krabbameinsfélags Reykjavíkur. Annars vegar eru það Góðir hálsar, stuðningshópur um krabbamein í blöðruhálskirtli, og hins vegar Stuðningshópur kvenna með krabbamein í eggjastokkum. Fulltrúar Góðra hálsa og eggjastokkahópsins hafa verið þátttakendur í samráðsnefndum og á fundum stuðningshópa Krabbameinsfélagsins. Góðir hálsar tóku þátt í verkefninu „Karlarnir og kúlurnar“ þar sem hópur karla fékk tækifæri til að æfa golfsveifluna og fræðast um mataræði og gildi hreyfingar. Verkefnið var unnið í samvinnu við Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins og Framför. Félagar í Góðum hálsum hafa verið öflugir við að veita stuðning við nýgreinda þegar eftir því hefur verið leitað.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur, Ristilfélagið og Stómastamtökin hafa unnið mikið saman að undanfögnu, bæði hvað varðar fræðslumyndina „Þetta er svo lúmskt“ og ásamt fleirum í árveknishópi um ristilkrabbamein. Nú er verið að skipuleggja útsendingu á skilaboðum til þeirra sem verða 50 ára um mikilvægi þess að gefa sjálfum sér góða afmælisgjöf með því að fara í ristilskoðun.

Lýst hefur verið áhuga á að stofna stuðningshóp fyrir þá sem greinast með húðkrabbamein og sortuæxli og til þess að efla forvarnir. Ung kona, sem hafði misst móður sína úr sortuæxliskrabbameini, hafði samband við Krabbameinsfélagið í fyrra þess efnis. Guðlaugu og Sigrúnu Lillie Magnúsdóttur forstöðumanni Ráðgjafarþjónustunnar var falið að vinna að málinu með konunni. Fundað hefur verið m.a. með húðlækni og krabbameinslækni og verið er að kanna þörfina á slíkum stuðningshópi.

Styrkveitingar

Styrkveitingar félagsins á reikningsárinu voru sjö, að fjárhæð um 720 þúsund krónur.

Happdrættið

Happdrætti Krabbameinsfélagsins hefur verið ein helsta tekjulind Krabbameinsfélags Reykjavíkur í nær sextíu ár. Það má segja að fræðsla um krabbamein og krabbameinsvarnir byggist að miklu leyti á happdrættisfé og að happdrættið á sinn þátt í þeim mikla árangri sem náðst hefur í tóbaksvörnum síðustu áratugi. Miklar kostnaðarhækkanir hafa orðið á rekstrarþáttum happdrættisins og þá sérstaklega póstburðargjöldum. Ákveðið var að draga úr útsendingu í ákveðnum aldurshópum þeirra sem aldrei höfðu borgað miðana. Heildarsala happdrættismiða í bæði jóla- og sumarhappdrætinu minnkaði milli ára.

Fjármál

Afkoma félagsins á reikningsárinu var í jánnum. Kostnaður við fræðslustarfsemi félagsins var tæpar 25,6 milljónir króna á árinu 2012. Árið 2012 skilaði happdrættið félaginu um 21,8 milljónum króna í tekjur en þær voru árið áður um 20,3 milljónir króna.

Í árslok 2012 höfðu eigendur Skógarhlíðar 8 fjármagnað endurbætur á eigninni fyrir um 145 milljónir króna. Tekin var ákvörðun um að skuldir hússjóðsins við eigendur yrðu færðar sem eigið fé inn í reikninga hússjóðsins. Sjóðurinn er því nú skuldlaus við félögin. Hins vegar er skuld Krabbameinsfélags Reykjavíkur við Krabbameinsfélag Íslands vegna þessa nú 11,1 milljón króna.

Aðrir tekjuliðir, fyrir utan vaxtatekjur, eru félagsgjöld, merkjasala, styrkir og námskeiðsgjöld. Merkjasalan var fyrstu helgina í september. Seldir voru pennar og tauinnkaupapokar með merki Krabbameinsfélagsins. Félagið fékk góða aðstoð frá m.a. Lionsklúbbum Engey við söluna.

Samstarf við ýmsa aðila

Krabbameinsfélag Reykjavíkur samþykkti á síðasta aðalfundi sínum ályktun þar sem skorað var á heilbrigðisyfirvöld að hrinda sem fyrst í framkvæmd lýðgrundaðri skimun fyrir ristilkrabbameini. Félagið sendi þessa sömu ályktun til aðildarfélaga Krabbameinsfélags Íslands og hvatti þau að gera slíkt hið sama. Á aðalfundi Krabbameinsfélags Íslands var ályktunin samþykkt og síðan send til Alþingis.

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn í maí 2012. Mikil umræða var um velunnarakerfi Krabbameinsfélagsins.

Formannafundur Krabbameinsfélaganna var haldinn í september 2012 í Vestmannaeyjum, í boði Krabbavarnar og sóttu hann Gunnar Már Hauksson gjaldkeri og Guðlaug fyrir hönd Krabbameinsfélags Reykjavíkur.

Gjaldkeri okkar félags, Gunnar Már Hauksson, er fulltrúi í fjáröflunarráði Krabbameinsfélagsins. Ráðið hefur einbeitt sér að því að finna lausn á vandamálum sem fylgja skörun á velunnaraöflun Krabbameinsfélags Íslands og félagaöflun aðildarfélaganna. Með reglunum er ætlunin að koma stuðningi Krabbameinsfélags Íslands við aðildarfélögin í fastara form og láta aðildarfélögin njóta hlutdeildar í tekjum af velunnurum Krabbameinsfélagsins, svo sem með rekstrar- og verkefnastyrkjum. Einnig verði nýjum velunnurum boðið að gerast félagi í einhverju aðildarfélagi án viðbótargreiðslu og fer þá ákveðinn hluti velunnaraframlags til viðkomandi félags.

Á starfsárinu studdi Krabbameinsfélag Reykjavíkur fjárhagslega við Ráðgjafarþjónustuna með fimm milljónum króna, með von um að hún myndi eflast á faglegum grunni. Félagið lagði líka áhersla á öflugri og skýrari samvinnu félagsins og Ráðgjafarþjónustunnar varðandi ýmiss konar fræðslumál og má segja að það hafi gengið vel eftir á starfsárinu.

Bæði formaður og varaformaður félagsins eru í endurhæfingarteymi Landspítalans fyrir krabbameinsgreinda og hafa staðið fyrir ákveðinni samvinnu við Ráðgjafarþjónustuna, en svonefnd föstudagsfræðsla teymisins var flutt úr húsneði Landspítalans í Skógarhlíðina.

Húsnefnd hefur verið starfandi mörg undanfarin ár og er framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Reykjavíkur í nefndinni ásamt Jónasi Ragnarssyni ritstjóra, Sigríði Þorsteinsdóttur hjúkrunarframkvæmdastjóra á Leitarstöðinni og Presti Á. Gunnarssyni fjármálastjóra Krabbameinsfélags Íslands. Einnig situr Oddur Eggertsson húsvörður fundi nefndarinnar. Mikil þörf er á að bæta bílastæðamál hússins og fundað hefur verið með landslagsarkitekt varðandi það. Einnig er fyrirbyggjandi að fara þarf í umtalsverðar kostnaðarsamar viðgerðir á utanhúsklæðningu og gluggum hússins.

Mörg verkefni félaganna eru unnin í samvinnu Jónasar Ragnarssonar og okkar. Gott samstarf er við starfsfólk Leitarstöðvarinnar og félagið aðstoðar við gerð ársskýrslu Leitarstöðvarinnar. Einnig er aðstoðað með yfirllestur á greinum og gögnum fyrir utan það að sjá um bæklingaútgáfu stöðvarinnar. Öðrum sviðum Krabbameinsfélags Íslands er líka veitt aðstoð við yfirllestur gagna og með þátttöku í skipulagningu ýmissa verkefna. Í maí sl. kom út ný útgáfa af bók Krabbameinsskrárinnar, „Krabbamein á Íslandi“ og aðstoðaði Guðlaug við yfirllestur hennar.

„Heilsuhlaup Krabbameinsfélagsins“ var haldið í maí sl. og er Guðlaug í undirbúningshópi hlaupsins.

Lokaorð

Það er ánægjulegt að Ráðgjafarþjónustan hefur tekið jákvæðum breytingum að undanfögnu og vaxið m.a. fyrir tilstilli og með stuðningi Krabbameinsfélags Reykjavíkur.

Félagið hafði gert sér vonir um að velunnarasöfnunin myndi skila aukningu félaga á starfsárinu. Það hefur ekki enn gengið eftir en við biðum átekta og treystum á að sú verði raunin.

Afleiðingar sparnaðaraðgerða og hagræðingar síðustu ár eru að koma fram í heilbrigðismálum á landinu öllu. Á Landspítalanum er víða skortur á sérhæfðu starfsfólki og tækjabúnaði en það bitnar á þjónustu við

sjúklinga. Við höfum lengi getað hreykt okkur af góðum árangri í lækningu sjúkdóma. Nú má spyrja sig hvort og hvaða áhrif núverandi ástand og ástand undangenginna ára muni hafa á þennan góða árangur og hver áhrifin verði á líf og lífsgæði þeirra sem um ræðir. Þess vegna er enn mikilvægara að vinna að öflugum forvörnum með fræðslu og skimun þar sem hún á við, sem á endanum kostar samfélagið væntanlega minna en sjúkdómsmeðferð. Mikilvægt er að hafa aðgang að áreiðanlegum upplýsingum sem nýtast til forvarna, að tækjum, aðstöðu og þekkingu sem nýtist til skimunar og greiningar á krabbameinum og þá er mikilvægt í meðferð krabbameina að hafa aðgang að þekkingu, aðstöðu og ekki síst bæði lyfjum og tækjum sem stöðugt eru í þróun til þess að bæta árangur.

Það eru að minnsta kosti tvö tæki sem eru mikilvæg í meðferð krabbameinssjúklinga sem vantar á Landspítala. Annað er vel þekkt og búið að vera í notkun í áratugi, hitt er nýrra og er ekki til hér á landi. Annað tengist geislameðferð krabbameina og hitt tengist skurðlækningum krabbameina. Stjórn félagsins ákvað á síðasta stjórnarfundinum að sýna stuðning í verki með því að leggja sitt af mörkum til kaupa á slíkum á tækjum. Hvor gjöf um sig er ein milljón króna. Þrír stuðningshópar sem starfa náið með félaginu standa einnig að gjöfunum. Tveir þeirra, Góðir hálsar og Stuðningshópur kvenna með krabbamein í eggjastokkum eru ekki formleg félög að Krabbameinsfélagi Íslands en starfa undir verndarvæng Krabbameinsfélags Reykjavíkur. Sá þriðji, Ristilhópurinn, var stofnaður í kjölfar sextíu ára afmælisátaks okkar þar sem áherslan var lögð á ristilkrabbamein undir yfirskriftinni „Forvörn er fyrirhyggja“.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur mun halda áfram að leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn krabbameini og stuðningi við krabbameinssjúklinga eins og það hefur gert síðustu 64 árin.

Guðlaug B. Guðjónsdóttir og Nanna Friðriksdóttir.

Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis



Stofnað: 9. febrúar 1969. Félagsmenn: 300.

Þjónustuskrifstofa: Kirkjubraut 40, Akranesi,
opin á mánudögum kl. 16-18 og á fimmtudögum kl. 12-16.

Sími: 865 1774. Póstfang: Pósthólf 107, 300 Akranesi.

Netfang akranes@krabb.is, vefsíða www.krabb.is/akranes

Skrifstofustjóri: Jóhanna Kristófersdóttir.

Stjórn kosin á aðalfundi 28. febrúar 2012:

Formaður:	Steinunn Eva Þórðardóttir, Heiðargerði 14, 300 Akranesi	431 4346	steva@simnet.is
Ritari:	Katrín Edda Snjólauksdóttir, Vesturgötu 73, 300 Akranesi	862 2373	
Meðstjórnandi:	Daníel Sigurðsson Glad, Brekkubraut 13, 300 Akranesi	615 2082	dannisig@isl.is
Meðstjórnandi:	Hrefna Rún Ákadóttir, Smáraflöt 1, 300 Akranesi		
Meðstjórnandi:	Rannveig Björk Gylfadóttir, Esjubraut 16, 300 Akranesi	696 8475	rannsy@internet.is

Starfsemi 2012-2013

Í upphafi starfsársins kom stjórnin sér saman um leggja áherslu á fræðslu og að styðja við ungt fólk sem hefði misst ástvin. Við fengum því Elísabetu Lorange listmeðferðarfræðing til að halda námskeið um sorg og sorgarviðbrögð.

Jóganámskeið eru orðin fastur og vel metinn liður í starfseminni og eru haldin bæði haust og vor. Margrét Bára Jósefsdóttir ljósmóðir sér um þau af alkunnri snilld.

Annar fastur liður er Bleika slaufan í október. Að þessu sinni fékk Guðný Jónsdóttir, betur þekkt sem Níní, fyrstu næluna og varð þar með andlit hennar þetta árið hér á Akranesi. Nælan var afhent í Bíóhöllinni. Það gerði athöfnina veglegri að Vinir Bíóhallarinnar sáu um að Bíóhöllin var lýst fallega upp með bleikum

Ljóskösturum og leystu okkur að lokum út með peningagjöf. Margir tóku þátt í að selja Bleiku slaufuna og við í stjórninni seldum á okkar vinnustöðum.

Aðventukvöld var haldið í desemberbyrjun. Vilborg Davíðsdóttir rithöfundur kom og sagði frá því hvernig hún og eiginmaður hennar notuðu núvitund (mindfulness) og fleira uppbyggilegt meðan á baráttu hans við krabbamein stóð, eða baráttunni við „drekann“ eins og þau kölluðu það. Hún notaði tækifærið og kynnti bókina sína, Vígroða. Félagar úr karlakór, Krummarnir, sungu nokkur lög. Boðið var upp á heitt súkkulaði og smákökur. Mæting var góð og við vorum ánægð með fundinn.

Mottumars er enn einn fastur liður. Ágóðinn af honum rennur að mestum hluta til félagsins hér og er okkar helsta fjáröflun.

Aðalfundur okkar verður haldinn 2. maí þetta árið og þar verður auk aðalfundastarfa, fræðsla um lungna-krabbamein og kynningu á þeim stuðningi sem nýlega krabbameinsgreindum stendur til boða hjá Krafti.

Starfsmaðurinn okkar, hún Jóhanna Kristófersdóttir, heldur utan um öll hagnýt atriði, er til viðtals á skrifstofu, svarar síma næstum hvenær sem er og sér um alls konar skráningu, bókhald o.fl.

Steinunn Eva Þórðardóttir.

Krabbameinsfélag Borgarfjarðar

Stofnað: 14. febrúar 1970.

Félagsmenn: Rúmlega 300.



Stjórn kosin á aðalfundi í nóvember 2012:

Formaður:	Sigríður Helga Skúladóttir, Þórólfsögðu 17a, 310 Borgarn.	898 9246	sigga.sk@simnet.is
Varaformaður:	Halla Magnúsdóttir, Kveldúlfsgötu 16, 310 Borgarnesi	862 1253	
Gjaldkeri:	María Þórarinsdóttir, Mávakletti 6, 310 Borgarnesi	437 1150	
Ritari:	Sæunn Elfa Sverrisdóttir, Hlöðutúni, 310 Borgarnesi	869 7577	
Meðstjórnandi:	Líney Traustadóttir, Bjargarsteini, 311 Borgarnesi	435 1354	

Starfsemin 2012

Aðalfundur var haldin síðla árs og þá hætti í stjórn eftir margra ára farsælt starf gjaldkeri félagsins Jónína Ingólfssdóttir. Í hennar stað kom María Þórarinsdóttir í stjórn. Formlegir fundir voru ekki margir á árinu en höfð voru samskipti með ýmsu móti.

Eitt aðalmarkmið félagsins er að styðja við bakið á krabbameinssjúklingum á svæðinu og voru veittir styrkir og greitt fyrir húsaleigu til allmargra einstaklinga. Sem endranær kom talsvert af tekjum til félagsins vegna sölu minningarkorta.

Í október heimsótti formaður börn og kennara í Grunnskóla Borgarfjarðar (þrjár starfsstöðvar) sem tekið höfðu þátt í átakinu Göngum saman. Þar voru félaginu afhentir peningar sem safnast höfðu í vikulöngu gönguátaki barna og kennara.

Formaður tók þátt í nefndarstörfum á vegum Krabbameinsfélags Íslands.

Sigríður Helga Skúladóttir.

Krabbameinsfélag Snæfellsness



Stofnað: 27. september 2005.

Félagsmenn: 84.

Stuðningshópur: Von.

Stjórn kosin á aðalfundi 7. apríl 2011:

Formaður:	Sveinbjörg Eyvindsdóttir, Hellnum, 356 Snæfellsbæ	866 5237	bros88@simnet.is
Gjaldkeri:	Magnea Sigurbj. Kristjánsdóttir, Fornu-Fróðá, 356 Snæf.	864 1363	sibbakrist@simnet.is
Ritari:	Guðmunda H. Þórðardóttir, Bárðarási 1, 360 Snæfellsbæ	897 4241	munda@gsnb.is
Meðstjórnandi:	Hjördís Vilhjálmisdóttir, Grundargötu 72, 350 Grundarf.	438 6667	hjordisvilhjalms@gmail.com
Meðstjórnandi:	Margrét Hjálmarsdóttir, Fagurhólstúni 14, 350 Grundarf.	864 1767	maggahj@simnet.is

Starfsemi 2012-2013

Starf síðasta árs hefur verið með líku sniði og áður, fyrst og fremst gegnum netið þar sem allar helstu ákvarðanir eru teknar. Venjulegir stjórnarfundir eru sjaldgæfir þar sem stjórnarmenn búa dreift um Snæfellsnesið og víðar.

Hefðbundin fjáröflun aðildarfélaga fór fram í september. Október skein bleikur um allar sveitir meðan seldar voru bleikar slaufur fyrir Krabbameinsfélag Íslands. Í bæjum og út um sveitir fréttist af myndarlegum mottuvexti í mars. Sala minningarkorta í nafni félagsins heldur áfram að vera góð. Auk þess var keyptur myndarlegur lager af englum sem selst hafa gífurlega vel. Sjóður félagsins er til vitnis um tryggan stuðning félagsmanna ásamt góðum viðtökum Snæfellinga við fjáröflunum félagsins.

Stuðningshópurinn Von, sem starfar í Grundarfirði, hefur eins og undanfarin átta ár haldið sína fundi fyrsta þriðjudag hvers mánaðar.

Að venju tók félagið þátt í dvalarkostnaði vegna lækninga fjarri heimabyggð. Engin umsókn barst um aðra styrki.

Sveinbjörg Eyvindsdóttir.

Krabbameinsfélag Breiðfirðinga



Stofnað: 19. október 2005.

Félagsmenn: 45.

Stjórn kosin á aðalfundi 2012:

Formaður:	Jóna Valgerður Kristjánsd., Mýrartungu 2, 380 Reykh.	893 6396	j.valgerdur@gmail.com
Ritari:	Guðrún Björnsdóttir, 370 Búðardal		
Gjaldkeri:	Ingibjörg Kristjánsdóttir, Garpsdal, Reykhólahreppi		
Meðstjórnandi:	Indíana S. Ólafsdóttir, Hellisbraut 16, Reykhólum		
Meðstjórnandi:	Þrúður Kristjánsdóttir, 370 Búðardal		

Starfsemi 2012

Aðalfundurinn var haldinn 2. maí í Félagsheimilinu Vogalandi í Króksfjarðarnesi. Þar dreifðum við og kynntum ýmsa fræðslubæklinga sem Krabbameinsfélagið gefur út. Þar mætti einnig Sigrún Lillie Magnúsdóttir frá Ráðgjafarmiðstöð Krabbameinsfélagsins og sagði okkur frá verkefnum sem hún væri að vinna að. Fundurinn samþykkti ályktun um að skora á heilbrigðisyfirvöld að hrinda sem fyrst í framkvæmd lýðgrundaðri skimun fyrir ristilkrabbameini samkvæmt leiðbeiningum Embættis landlæknis, og tók þar með undir sams konar samþykkt frá Krabbameinsfélagi Reykjavíkur.

Einn stjórnarfundur var haldinn á árinu fyrir aðalfund og nokkrir símafundir, en stjórnin heldur aðallega símafundi vegna fjarlægðar á milli stjórnarmanna. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir mætti á aðalfund Krabbameinsfélags Íslands sem haldinn var í maí 2012. Enginn mætti á formannafund Krabbameinsfélagsins sem haldinn var í Vestmannaeyjum í október.

Við höfum árlega sent auglýsingu inn á hvert heimili á svæðinu þar sem við kynnum íbúðir fyrir krabbameinssjúklinga og aðstandendur sem Krabbameinsfélagið á í Reykjavík og jafnframt að við greiðum dvalarkostnað þeirra sem þar dvelja af okkar félagssvæði þegar þeir þurfa á að halda vegna krabbameinsmeðferðar í Reykjavík. Einnig greiðum við fyrir fólk sem þarf að vera á sjúkrahótel Landsspítalans og var greitt fyrir einn sjúkling sl. vetur. Einnig styrktum við eina fjölskyldu með fjárframlagi, vegna andláts fjölskylduföðurs úr krabbameini.

Á árinu seldum við jólakort félagsins, minningarkort, bleiku slaufuna og skeggælna. Minningarkortin eru jafnframt til sölu í Arion banka í Búðardal og einnig hjá stjórnarmönnum. Síðastliðið sumar voru pennar og varasalvi einnig selt í handverkshúsinu Bolla í Búðardal, og í Markaðnum í Króksfjarðarnesi sem handverksfélagið Assa rekur á sumrin. Við tókum þátt í að selja skeggælna í áttakinu Mottumars og bleika slaufan var seld í október. Þá lýstum við með bleikum ljósum upp Mjólkurstöðina í Dalabyggð í og er það í þriðja skipti sem það er gert. Er það gert til að vekja athygli á áttakinu um konur og krabbamein í október. Hefur þetta vakið jákvæða athygli á Krabbameinsfélaginu. Á jólamarkaðnum í Króksfjarðarnesi í nóvember voru jólakort frá okkur og ýmsir jólamunir einnig til sölu. Enginn starfsmaður er launaður hjá félaginu og vinna stjórnarmenn allt sem gera þarf í sjálfböðavinnu.

Á síðasta aðalfundi voru gerðar lagabreytingar á grein sem fjallar um stjórnarkjör og fjölgað í stjórn úr þremur í fimm í aðalstjórn. Okkur þótti nauðsynlegt að fjölga í stjórn til að virkja fleiri, þar sem það er staðreynd að það er eingöngu stjórnin sem sinnir því sem þarf í félagsstarfinu, enda er þetta fámennnt starfssvæði. Erfitt er að fá fleiri til starfa.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Krabbameinsfélag Tálknafjarðar og Vesturbyggðar

Stofnað: 9. nóvember 2004 (áður Krabbameinsfélag Barðastrandarsýslu, stofnað 30. nóvember 1970).

Félagsmenn: 75.

Stjórn:

Formaður: Kolfinna Guðmundsdóttir, Urðargötu 22, 450 Patreksfirði 861 5131 olist@visir.is

Gjaldkeri: Jóhanna Gísladóttir

Ritari: Þuríður Ingimundardóttir

Meðstjórnandi: Birna Kristinsdóttir

Meðstjórnandi: Nína Jóhannesdóttir

Starfsemi 2012-2013

Félagið hefur selt minningarkort og styrkt fólk sem hefur farið í meðferð. Að öðru leyti hefur starfið ekki verið mikið.

Kolfinna Guðmundsdóttir.



Krabbameinsfélagið Sigurvon



Stofnað: 4. nóvember 2001. Kennitala: 470102-4540. Félagsmenn: 304.

Netfang sigurvon@snerpa.is, vefsíður <http://svon.blogspot.com> og

www.facebook.com/KrabbameinsfélagiðSigurvon

Þjónustuskrifstofa: Pollgötu 4, Ísafirði, símar 456 5650 og 849 6560, opin á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 11-13.

Starfsmaður: Sigríður Ragna Jóhannsdóttir.

Stuðningshópur: Vinir í von

Stjórn kosin á aðalfundi 2012:

Formaður: Sigurður Ólafsson, Hlíðarvegi 45, 400 Ísafirði

897 5502 bii@simnet.is

Gjaldkeri: Guðfinna Sigurjónsdóttir, Ísafirði

861 4659 gfm@simnet.is

Ritari: Oddný Bára Birgisdóttir, Ísafirði

898 4277 ob@bb.is

Meðstjórnandi: Auður Helga Ólafsdóttir, Ísafirði

692 3580 audgudm@simnet.is

Meðstjórnandi: Jóhanna Ása Einarsdóttir, Hólmavík.

895 3939 stebbj@snepa.is

Starfsemin 2012-2013

Á því tímabili sem hér um ræðir var starfsemi Sigurvonar ekki að öllu leyti með hefðbundnu sniði, þar sem hún markaðist af breytingum er tengdust skrifstofuhúsnæði og starfsmannahaldi. Vegna framkvæmda þurfti að loka skrifstofu félagsins 1. mars 2012 og var hún lokað í fjóra mánuði. Skerti þetta óneitanlega starfsemi félagsins á árinu en alltaf var hægt að ná í fulltrúa félagsins í farsíma. Þann 31. maí lét Ingibjörg Snorradóttir Hagalín af störfum eftir ríflega átta ára starf fyrir félagið. Ingibjörg hafði styrkt félagið svo um munaði, enda öllum hnútum kunnug eftir langt og farsælt starf. Guðfinna Sigurjónsdóttir, stjórnarmaður í Sigurvon, tók við sem starfsmaður félagsins þann 1. október og sinnti því starfi með sóma til 31. desember 2012. Þökkum við þeim stöllum kærlega fyrir vel unnin störf í þágu félagsins og óskum þeim velfarnaðar í nýjum verkefnum. Hinn 1. mars 2013 hóf svo Sigríður Ragna Jóhannsdóttir hjúkrunarfræðingur störf og mun hún sinna ýmsum verkefnum fyrir félagið til 1. september. Þess má geta að þá mánuði sem félagið hafði ekki fastan starfsmann hljóp Sigurður Ólafsson formaður Sigurvonar undir bagga og sinnti tilfallandi störfum.

Sem fyrr var stuðningshópur okkar Vinir í von með öflugt starf á árinu. Hópurinn er með samverustundir annan hvern laugardag yfir vetrartímann þar sem einstaklingar með krabbamein og aðstandendur þeirra koma saman og eiga góða stund. Mæting er ávallt góð en tíu til tuttugu manns mæta í hvert sinn. Ýmislegt er gert auk þess að spjalla saman yfir góðum kaffibolla. Hópurinn hefur notið velvildar Vesturafls, geðræktar-miðstöðvar, sem lætur honum í té aðstöðu að Mánagötu 6.

Á síðustu árum hefur færst í aukana að einstaklingar með krabbamein hafa getað fengið megnið af sinni lyfjameðferð á heimaslóðum. Á legudeild Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða er sérstakt herbergi notað fyrir þessar lyfjagjafir. Sigurvon hefur tekið að sér að innrétta herbergið og keypt ýmsa innanstokksmuni sem Heilbrigðisstofnunin hefur afnot af, svo lengi sem þessar lyfjagjafir eru í boði hér. Meðal þeirra muna sem félagið hefur keypt eru tveir hvíldarstólar, vinnustóll fyrir hjúkrunarfræðing, borð, hillur, kömmóða, útvarp og sjónvarp. Formleg afhending hefur ekki farið fram en verður væntanlega á vormánuðum.

Ísfirðingar létu ekki slæmt veður á sig fá og gengu til styrktar grunnrannsóknnum á brjóstakrabbameini sunnudaginn 13. maí 2012. Að göngu lokinni var komið saman í Listakaupstað þar sem göngugarparnir gæddu sér á kringlum og drykkjum.

Sigurvon bauð í Bleikt boð þann 25. október, í samvinnu við Edinborgarhúsið á Ísafirði. Næringarfræðingur, flutti fyrirlestur um heilbrigðan lífsstíl, sagðar voru reynslusögur þeirra sem hafa glimt við krabbamein, auk þess sem boðið var upp á lifandi tónlist og happdrætti. Vestfirska fyrirtækið Villimey var einnig á staðnum og gaf gestum smyrsl úr lifrænum handtíndum íslenskum jurtum. Boðið þótti takast mjög vel en um 80 manns sóttu það og rann aðgangseyrinn óskiptur til Sigurvonar. Viða var lýst upp með bleiku ljósi á Ísafirði í

október. Meðal annars Safnahúsið, Sundhöllin, tré á Silfurtorgi og skrifstofa Sigurvegarar við Pollgötu. Þá blöktu fánar með bleiku slaufunni við nokkur fyrirtæki á svæðinu.

Sigurvegar lagði sitt af mörkum til að vekja athygli á Mottumars, árlegu árvekni- og fjáröflunarátaki Krabbameinsfélags Íslands. Í mánuðinum birtust í hverri viku fréttir á bb.is er tengdust áttakinu, viðtöl við þátttakendur í áheitasöfnuninni og myndir af ýmsum aðilum í bæjarfélaginu sem söfnuðu skeggi og sumir einnig áheitu. Þá fór starfsmaður Sigurvegarar í helstu karlafyrirtæki í bænum, minnti á átakið og boðskap þess og skildi eftir fræðslufni á kaffistofum. Á Mottudeginum þann 15. mars var Sigurvegar með vörusölu í anddyri verslananna Bónus og Samkaup. Að þessu sinni var farin sú leið að selja eldri varning sem tengdist Mottumars, auk dagatals Sigurvegarar og gekk sú sala mjög vel. Einnig voru Mottumarsvörur til sölu í afgreiðslu Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á Ísafirði og gekk sú sala ágætlega. Stjórn Sigurvegarar ákvað að verðlauna nokkra aðila sem tóku þátt í áheitasöfnun Mottumars. Í þakklætisskyni fengu fjórir aðilar á Ísafirði Mottumars-armbönd frá Sigurvegar og páskaegg frá Hamraborg. Ungir bræður á Ströndum fengu stór páskaegg frá Kaupfélaginu á Hólmavík. Þá færði stjórnin einnig Sigurði Ólafssyni, formanni, Mottumars-armband í þakklætisskyni fyrir ómetanlegt starf í þágu félagsins.

Eitt af mikilvægustu markmiðum Krabbameinsfélagsins Sigurvegarar er að styðja fjárhagslega við einstaklinga sem glíma við krabbamein. Fjárhagsleg byrgði þeirra sem veikjast er mikil og þá ekki síst þeirra er búa á landsbyggðinni. Því er mikilvægt að svæðafélög eins og Sigurvegar rækti þetta hlutverk sitt af alúð. Það höfum við gert með sóma og veitt einstaklingum og fjölskyldum styrki samkvæmt reglum félagsins.

Sigurvegar á fjölmarga velunnara á svæðinu sem með ýmsum hætti styrkja starf félagsins svo um munar. Er um að ræða bæði fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga. Þá hefur félagið einnig verið með ýmsar fjáraflanir sem alltaf skila einhverjum krónum í kassann. Er þar helst að nefna sölu á jólakortum, tækifæriskortum og dagatölum auk minningarkorta. Við erum afskaplega þakklát fyrir þá velvild sem félagið nýtur í samfélaginu hér fyrir vestan og munum áfram vinna ótrauð að hagsmunum skjólstaðinga okkar.

Sigríður Ragna Jóhannsdóttir.

Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs

Stofnað: 13. október 1968.

Félagsmenn: 70.



Stjórn:

Formaður:	Geir Karlsson, Spítalastíg 5, 530 Hvammstanga	455 2100	geir.karlsson@hve.is
Ritari:	Jóna G. Ármannsdóttir Laxárdal, 500 Stað	451 1164	
Gjaldkeri:	Sigurbjörg Geirsdóttir, Búrfelli, 531 Hvammstanga	455 2100	sigurbjorg.geirsdottir@hve.is
Meðstjórnandi:	Elínborg Ólafsdóttir, Nestúni 4, 530 Hvammstanga	451 2574	
Meðstjórnandi:	Elsche Apel, Neðri-Svertingsstöðum, 531 Hvammstanga	451 2956	

Starfsemin 2012-2013

Tekjur hafa verið af sölu innkaupapoka og minningarkorta ásamt beinum styrkjum frá félögum og einstaklingum. Annað hvert ár hefur verið haustmarkaður, svonefndur Sláturbasar, með landbúnaðarvörur og ýmislegt annað sem einstaklingar gefa, yfirleitt eitthvað sem þeir eru að búa til eða rækta sjálfir.

Veittir voru styrkir til krabbameinssjúklinga, til að standa straum af lækni- og rannsóknakostnaði sem hið opinbera greiðir ekki. Félagið hefur í gengum árin styrkt forvarnarverkefni í skólum og Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga með tækjakaupum, m.a. kvenskoðunarbekk og hjartalínuritstæki á síðasta ári.

Geir Karlsson.

Krabbameinsfélag Austur-Húnavatnssýslu



Stofnað á Blönduósi: 2. nóvember 1968.

Félagsmenn: 200.

Stuðningshópur: Samhugur.

Stjórn kosin 22. apríl 2013:

Formaður:	Sveinfríður Sigurpálsd., Brekkubyggð 11, 540 Blönduósi	452 4528	sveinfridur@simnet.is
Ritari:	Sigríður Stefánsdóttir, Hólabraut 23, 545 Skagaströnd	452 2644	
Gjaldkeri:	Vigdís Björnsdóttir, Urðarbraut 15, 540 Blönduósi	452 4565	
Meðstjórnandi:	Katrín Grímsdóttir, Steiná 3, 541 Blönduósi	452 7162	
Meðstjórnandi:	Katrín Línal, Hlíðarbraut 17, 540 Blönduós	452 4429	

Starfsemi 2012-2013

Stjórnin hélt nokkra fundi á árinu. Á aðalfund 2012 var fenginn fyrirlesari sem fræddi okkur um áhugavert efni um heilsurækt og hreyfingu. Á þeim fundi færði stjórnin Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi að gjöf loftdýnu í sjúkrarúm.

Hefðbundin fjáröflun til styrktar félaginu var sala á ýmsum smáhlutum haustið 2012. Sala á minningarkortum félagsins gekk vel og fer aðallega fram í apóteki Lyfju á Blönduósi en einnig hjá nokkrum félagsmönnum. Félagið fékk minningar- og peningagjöf frá Leikfélagi Blönduóss að upphæð 50 þús. kr.

Félagið tók að venju þátt í árveknisátakinu í októbermánuði sem fram fer til að minna á baráttu gegn brjóstakrabbameini og öðrum krabbameinum kvenna. Í tilefni þess voru lýstar upp tvær stofnanir.

Félagið veitti nokkra styrki til þeirra sem voru í meðferð við krabbameini, með því að greiða leigu fyrir íbúðir Krabbameinsfélagsins og annars húsnæðis ef íbúðir voru ekki lausar.

Við tókum þátt í sölu á armböndum í átakinu Mottumars, karlar og krabbamein, og seldum 50 stk.

Sveinfríður Sigurpálsdóttir.

Krabbameinsfélag Skagafjarðar



Stofnað: 12. júní 1966. Félagsmenn: Um 420.

Þjónustuskrifstofa er á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki.

Símar 453 6030 og 863 6039. Starfsmaður: María Reykdal.

Netfang skagafjordur@krabb.is, vefsíða krabb.is/skagafjordur

Stuðningshópur: Dugur.

Stjórn kosin á aðalfundi 23. apríl 2013:

Formaður:	Þorsteinn Þorsteinsson, Dalatúni 10, 550 Sauðárkróki	453 5707	thorsti@simnet.is
Varaformaður:	Dalla Þórðardóttir, Miklabæ, 560 Varmahlíð	453 8276	
Ritari:	Sara Valdimarsdóttir, Frostastöðum, 560 Varmahlíð	453 8247	
Gjaldkeri:	Helga Gígja Sigurðardóttir	453 8169	helgas@vis.is
Meðstjórnandi:	Guðmundur Gunnarsson		
Meðstjórnandi:	Guðrún H. Guðmundsdóttir		

Starfsemi 2012-2013

Starfsemi hefur verið svipuð og áður. María Reykdal hefur verið með viðveru á skrifstofunni þrjá daga í viku og er alltaf með auglýstan síma. Hún hefur verið með stuðningsviðtöl í síma og á stofu. Haldinn var einn stjórnarfundur. Félagið sendi tvo fulltrúa á aðalfund Krabbameinsfélags Íslands og formaður fór á formannafundinn.

Fjáröflunarsala var í vor og sá Dugur um það. Nokkrir einstaklingar hlupu í Reykjavíkumaraþoni til styrktar félaginu.

Dugur hefur verið með samverustundir einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Krabbameinsfélag Skagafjarðar greiðir niður fimm viðtöl sálfræðings fyrir sjúkling og/eða aðstandanda og hafa nokkrir aðilar nýtt sér það. Félagið hefur veitt einstaklingsstyrki við sérstakar aðstæður. Námskeið fyrir krabbameinssjúka og aðstandendur er nýhafið og útlit fyrir góða þátttöku. Félagið greiðir leigu fyrir fólk héðan sem dvelur í íbúðum Krabbameinsfélagsins eða á Sjúkrahótelinu í tengslum við krabbameinsmeðferð. Orlofsdvalir á Löngumýri voru studdar fjárhagslega síðastliðið sumar.

Heilbrigðisstofnunin og Sauðárkróskirkja voru lýst bleik í október. María birti grein í Feyki í haust í tengslum við bleika mánuðinn og opnuviðtal var við formann félagsins í Feyki í vor í tengslum við mottumars og einnig var haldinn fræðslufundur um krabbamein í tilefni af mottumars í samvinnu við Kiwanis.

Dorsteinn Þorsteinsson.

Krabbameinsfélag Siglufjarðar

Stofnað: 11. júní 1969.

Félagsmenn: 40.



Stjórn kosin á aðalfundi í apríl 2009:

Formaður:	Sigurbjörg Björnsdóttir, Suðurgötu 65, 580 Siglufirði	467 1122	sb66@simnet.is
Ritari:	Sverrir Sveinsson, Hlíðarvegi 17, 580 Siglufirði	467 1414	svesve@simnet.is
Gjaldkeri:	Pálína Pálsdóttir, Grundargötu 5, 580 Siglufirði	467 1823	
Meðstjórnandi:	Valþór Stefánsson, Ártúni 1, 580 Siglufirði	467 1188	

Starfsemi 2012

Haldnir voru tveir stjórnarfundir á síðasta ári. Eitt aðalmarkmið félagsins er að styðja við bakið á krabbameinssjúklingum á svæðinu. Tekið var þátt í Mottumars og seldar lyklakippur. Greidd var húsaleiga fyrir félagsmann sem þurfti að nota íbúð við Rauðarárstíg í Reykjavík vegna veikinda sinna. Undirbúningur fyrir sameiningu Krabbameinsfélags Siglufjarðar og Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis stóð yfir á árinu og félagsmenn tóku vel í sameininguna.

Krabbameinsfélag Siglufjarðar sameinaðist formlega Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis 29. apríl 2013.

Sigurbjörg Björnsdóttir.

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis



Stofnað: 21. nóvember 1952. Félagsmenn: 1.456.

Þjónustuskrifstofa er á Glerárgötu 24, 600 Akureyri.

Opið er mánudaga og þriðjudaga kl. 13-16.

Viðtalstímar við hjúkrunarfræðing eftir samkomulagi.

Sími 461 1470. Netfang kaon@simnet.is.

Framkvæmdastjóri: Þorbjörg Ingvadóttir.

Stuðningshópur: Norðankraftur.

Stjórn kosin á aðalfundi 2013:

Formaður:	Hlíf Guðmundsdóttir, Illugastöðum, 601 Akureyri	462 2699	hlif@est.is
Varaformaður:	Friðrik Vagn Guðjónsson, Dalsgerði 4a, 600 Akureyri	462 2519	fridrikv@fsa.is
Ritari:	Klara Arnbjörnsdóttir, Ólafsvægi 34, 625 Ólafsfirði	466 2266	
Gjaldkeri:	Jón Þ. Óskarsson, Illugastöðum, 601 Akureyri	462 2699	hlif@est.is
Meðstjórnandi:	Anna Ólafsdóttir	862 0478	annao@internet.is
Meðstjórnandi:	Guðbjörg Antonsdóttir, Skíðabraut 17, 620 Dalvík	466 1241	gudbjorga@gmail.com
Meðstjórnandi:	Hólmfríður Kristjánsdóttir, Eyrarlandsvegi 20, 600 Ak.	462 1582	holmfridur@fsa.is
Meðstjórnandi:	Lilja Sverrisdóttir, Gullbrekku, 601 Akureyri	463 1511	gullbrekka@nett.is
Meðstjórnandi:	Sigríður Jónsdóttir, Bergi, Svalbarðsströnd, 601 Akureyri	462 1458	marin46@simnet.is

Starfsemi 2012

Skrifstofa. Skrifstofa félagsins er opin mánudaga og þriðjudaga kl. 13-16, auk þess sem boðið er upp á viðtalstíma utan skrifstofutíma. Símatími er alla miðvikudaga frá kl. 10-12. Starfsmenn eru þrír og skipta á milli sín 90% stöðu. Þorbjörg Ingvadóttir framkvæmdastjóri, Jóhanna Júlíusdóttir hjúkrunarfræðingur og Sigrún Jónsdóttir sjúkraþjálfari.

Fundir. Stjórnin hélt sex bókaða stjórnarfundir á árinu 2012. Aðalfundur félagsins var haldinn á Akureyri 7. maí. Á fundinum var lögð fram tillaga að breytingum á lögum félagsins. Farið hafði fram heildar-endurskoðun á lögnum, þar sem m.a. var tekið mið af lögum Krabbameinsfélags Íslands. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Stjórnin lagði til að árgjald/styrktarfélagsgjald verði hækkað úr 2.500 kr. í 3.000 kr. og var sú tillaga samþykkt. Tekið var fyrir bréf frá Krabbameinsfélagi Siglufjarðar, þar sem óskað var eftir því að Krabbameinsfélag Siglufjarðar sameinaðist Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis. Ástæðan er sú að eftir sameiningu Ólafsfjarðar og Siglufjarðar í eitt sveitarfélag, Fjallabyggð, þykir mönnum þetta eðlilegt framhald. Stjórn Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis tók vel í þessa málaleitan og verður unnið að undirbúningi málsins og niðurstaða á að liggja fyrir á aðalfundi 2013. Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn 12. maí og fulltrúi á þeim fundi var Friðrik Vagn Guðjónsson. Því miður komust starfsmenn ekki á nema einn samráðsfund. Jóhanna fór á fund sem haldinn var í október. Formannafundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn í Vestmannaeyjum. Enginn fulltrúi frá félaginu sat þann fund.

Námskeið fyrir þá sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur þeirra var haldið í húsnæði félagsins að Glerárgötu 24. Það hófst 17. apríl og því lauk 8. maí. Eftirtaldir fyrirlesarar voru með okkur að þessu sinni: Friðbjörn Sigurðsson krabbameinslæknir, Þorbjörg Jónsdóttir verkjahjúkrunarfræðingur, María Reykdal sálfræðingur, Elín S. Harðardóttir næringarráðgjafi, Guðrún Eggertsdóttir sjúkrahúsprestur, María Björk Ingvadóttir félagsráðgjafi og Ingvar Þóróddsson endurhæfingarlæknir. Námskeiðið var þátttakendum að kostnaðarlausu og fékk félagið sérstakan verkefnisstyrk frá Krabbameinsfélagi Íslands upp í kostnaðinn við þetta verkefni. Skráðir þátttakendur voru 24 að þessu sinni, flestir frá Akureyri, en einnig einstaklingar búsettir annars staðar á félagssvæðinu

Fræðsla, fundir o.fl. Starfsmenn hafa aðstoðað bæði hjúkrunarnema, sjúkraliða og aðra námsmenn bæði með formlegum hætti þ.e. viðtölum og upplýsingagjöf ýmiss konar, auk þess sem brjóstavestið hefur oft verið

lánað í tengslum við fræðslu sem skólahjúkrunarfræðingar eru með í skólum. Fyrirlestrar og fræðsla ýmiss konar var m.a. í tengslum við Mottumars og Bleikan októbermánuð. Starfsmenn sóttu fundi með ýmsum aðilum á árinu. Fundir voru með líknar- og stuðningsteymi Sjúkrahússins á Akureyri. Í febrúar fóru Jóhanna og Sigrún á námskeið sem Kraftur hélt í Reykjavík þar sem Gyða Eyjólfsdóttir sálfræðingur var með námskeið fyrir þá sem sinna stuðningi við krabbameinsgreinda. Í mars sóttu starfsmenn fræðsluerindi um skaðsemi tóbaks, faraldsfræðirannsóknir, forvarnir o.fl. sem haldið var í Hofi á Akureyri. Í apríl fóru tveir starfsmenn og gjaldkeri á fund í Skógarhlíð þar sem fjallað var um velunnarakerfið. Þann 15. apríl fóru tveir starfsmenn á fund á Siglufirði þar sem m.a. var verið að ræða sameiningu þessara félaga, auk þess sem við kynntum starfsemi félagsins. Fundir voru með starfsmönnum og formönnum stéttarfélaga á félagssvæðinu um aukna greiðsluþátttöku þessara aðila vegna dvalar sinna félagsmanna í íbúðum Krabbameinsfélagsins.

Endurhæfing. Sigrún Jónsdóttir sjúkrabjálfari hefur boðið bæði krabbameinssjúkum og langveikum upp á ókeypis hugleiðslu og slökun alla þriðjudaga í húsnæði félagsins, auk þess að vera með vatnsleikfimi í innilaug Sundlaugar Akureyrar, styrktarþjálfun fyrir hópa í Átaki við Skólástíg og einstaklingsþjálfun, viðtöl og ráðleggingar.

Viðtöl og stuðningur við skjólstaðinga. Skráð viðtöl á skrifstofunni eru 244. Starfsmenn hafa frá árinu 1998 haldið utan um fjölda viðtala á skrifstofunni. Við skoðun á þessari skráningu kemur í ljós að sífellt vaxandi ásókn er í það sem kalla mætti almennan stuðning og ráðgjöf.

Keramíklóftið og Punkturinn. Á hverjum miðvikudegi kl. 13-18 hittist fólk á Keramíklóftinu. Þar er hægt að vinna með gler, mosaik, keramik o.fl. Þessi samvera hefur gefist vel og hefur verið mjög vel sótt. Félagið hefur stutt við þessa starfsemi með ýmsu móti frá byrjun. Á Punktinum getur fólk komið alla fimmtudagsmorgna og nýtt þá aðstöðu sem þar er í boði og fengið aðstoð og leiðbeiningar t.d. við saumaskap, útskurð, bókband o.m.fl.

Stómasamtökin hafa haldið fundi sína í húsnæði félagsins eins og undanfarin ár.

Líf og loft eru samtök lungnasjúklinga. Þau hafa fundað reglulega í húsnæði okkar.

Íbúðir Krabbameinsfélagsins í Reykjavík. Um áramótin 2012/13 höfðu félaginu borist reikningar vegna dvalar í íbúðum Krabbameinsfélagsins vegna 495 gistínatta. Hver sólarhringur kostar 1.700 kr. og greiðir félagið alltaf helming af hverjum reikningi, nema fyrir félagsmenn Einingar-Iðju. Þeirra félagsmenn fá greitt að fullu, þar sem við fáum styrk frá Einingu á móti. Misjafnt er hvernig eða hvort önnur stéttarfélög koma til móts við sína félagsmenn og veita starfsmenn félagsins upplýsingar um það.

Mottumars. Fjáraflanir í tengslum við Mottumarsátakið skiluðu félaginu umtalsverðum tekjum og má þar helst að nefna Mottuboðið í Hofi, sem Félag matreiðslumeistara á Norðurlandi hafði veg og vanda af. Þar söfnuðust rúmlega 1,3 millj. kr. sem afhentar voru fulltrúum úr stjórn félagsins í hátíðarkvöldverði sem haldinn var í Hofi. Eru þeim hér færðar þakkir fyrir frábært framtak. Ólafur Kjartansson skipulagði fyrir okkur sölu á lyklakippu með verðlaunamottu síðastliðins árs. Eins og áður, var leitað til Karlaklúbba og Karlakóra á félagssvæðinu til að aðstoða okkur við söluna. Án þátttöku þessara manna væri þetta nær ógerlegt. Þetta skilaði félaginu um 1,2 millj. kr. í tekjur.

Minningarkort/minningargjafir. Minningarkort og gjafir eru félaginu mjög mikilvæg tekjuöflun, og eru öllum þeim fjölmörgu sem fært hafa félaginu gjafir á árinu færðar innilega þakkir.

Aðrar fjáraflanir. Reykjavíkurmaraþon, Pabbar og pizzur (viðburður sem var haldinn um verslunarmannahelgina á Akureyri), Dömulagir dekurðagar í október og aðrar smærri fjáraflanir skiluðu félaginu tæplega 900 þús. kr.

Húsnæði. Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis hefur í mörg ár leigt 110 fermetra húsnæði að Glerárgötu 24. Um mitt ár lá fyrir að farið yrði í að skipta um glugga í öllu húsinu, þar sem þeir voru orðnir ónýtir. Í kjölfar gluggaskiptanna hjá okkur kom í ljós að húsnæðið var algerlega ónothæft m.a. vegna múrskemmda í kringum alla glugga og skemmda á gólfefnum. Eftir viðræður við eigandann var sú ákvörðun tekin að fara í gagnngerar endurbætur á húsnæðinu. Lagfæra þurfti skemmdir í kringum alla glugga, skipt var

um gólfefni, rifnir niður veggir og allt málað. Þetta gerði það að verkum að við gátum ekki haft opna skrifstofu frá miðjum júní og fram í nóvember. Gífurleg vinna bæði hjá starfsmönnum, stjórnarmönnum, auk vina og vandamanna fór í að ganga frá húsgögnum, pappír o.fl. Við vorum með opið hús 13. nóvember þar sem starfsemi félagsins var kynnt og fjölmargir gestir litu við hjá okkur. Salurinn rúmar núna um 25-30 manns í sæti, sem hentar okkur mjög vel og má segja að vel hafi tekist til með endurbætur.

Þorbjörg Ingvadóttir.

Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga

Stofnað: 22. ágúst 1968.

Félagsmenn: 400.

Stuðningshópur: Birta



Stjórn kosin 2011:

Formaður:	Guðrún Árný Guðmundsd., Baldursbrekku 10, 640 Húsav. 860 7735	gudruna@heilthing.is
Ritari:	Jóhanna Björnsdóttir, Sólbrekku 7, 640 Húsavík 862 8792	j.bjornsd@gmail.com
Gjaldkeri:	Edda Björg Sverrisdóttir, Laugarholti 7, 640 Húsavík 864 4134	eddab@heilthing.is
Meðstjórnandi:	Erla Sigurðardóttir, Höfðavegi 22, 640 Húsavík 867 2669	hofdavegur22@simnet.is
Meðstjórnandi:	Ingigerður Arnljótsdóttir, Gautlöndum, 660 Mývatni 847 9646	ingigerdur@sptin.is

Starfsemi 2012-2013

Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga er rekið sem styrktarfélag og starfar við hlið Birtu, stuðningshóps einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein. Markmið félagsins er að styrkja málefni sem tengjast heilsu og forvörnum gegn krabbameini, ásamt því að styrkja einstaklinga í Suður-Þingeyjarsýslu sem greinst hafa með krabbamein, með ýmsum hætti. Félagið styrkir sjúklinga sem þurfa að dvelja vegna krabbameinsmeðferðar í Reykjavík með greiðslu á leigu íbúða. Félagið tekur þátt í sölu á merkjum Krabbameinsfélags Íslands sem seld eru á landsvísi og þeim átaksverkefnum sem Krabbameinsfélag Íslands hefur staðið fyrir. Félagið sér um sölu á minningarkortum Krabbameinsfélagsins. Fyrirtæki og einstaklingar á svæði Krabbameinsfélags Suður-Þingeyinga styrkja félagið myndarlega ár hvert.

Félagið hefur gefið fjármagn til Styrktarfélags Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga. Í gegnum það félag hefur runnið fé til kaupa á ýmsum búnaði, meðal annars ómtæki, ristilskoðunartæki, hjúkrunarrúmi, loftdýnu, snúningsdýnu, lyfjadælu, vökvadælum og lyftistólum.

Félagið stóð fyrir bleiku kvöldi í október 2012. Þátttaka var með ágætum. Þemað í ár á bleika kvöldinu var Ástin, sambandið og kynlíf. Séra Sólveig Halla var með hugleiðingu um ástina. Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, hjúkrunar- og kynfræðingur var með kynningu á verkefninu Kynlíf og krabbamein, eins var hún með kynningu á spilinu Kynstrin öll og var svo með hið skemmtilega erindi Er súkkulaði hollara en kynlíf? og fjallaði um jákvæð áhrif kynlífs og ástriðu á heilsufar. Í lokin var svo spennandi kynning frá Adam og Evu á hjálpartækjum ástarlífsins. Í mars ákváðum við að sleppa bláa boðinu fyrir karlana en vorum í staðinn með opnu umfjöllun í staðarblaðinu Skarpi í mars. Þar vorum við með tvær greinar og svo var viðtal við Baldur Ragnarsson, Skálmaldarmann frá Húsavík sem vakti mikla athygli fyrir myndauppböð sitt til styrktar Mottumars.

Guðrún Árný Guðmundsdóttir.

Krabbameinsfélag Norðausturlands

Stofnað: 18. ágúst 1970, endurvakið 2. maí 2006.
Félagsmenn: 86.



Stjórn kosin á aðalfundi 21. október 2012::

Formaður:	Stefanía V. Gísladóttir, Boðagerði 9, 670 Kópaskeri	866 2977	disagisla@islandia.is
Ritari:	Gréta Bergrún Jóhannesd., Fjarðarvegi 43, 680 Þórshöfn	869 1269	greta@hac.is
Gjaldkeri:	María Hermundardóttir, Ekrugötu 4, 670 Kópaskeri		maria@kopasker.is
Meðstjórnandi:	Bjarney Hermundardóttir, Tunguseli, 681 Þórshöfn		
Meðstjórnandi:	Guðrún M. Sigurjónsdóttir, Höfða, 675 Raufarhöfn		

Starfsemi 2012-2013

Starfsemi félagsins hefur að mestu leyti verið bundin við sölu minningarkorta, merkjasölu og þátttöku í Mottumars. Í apríl voru haldnir kynningarfundir á Þórshöfn, Raufarhöfn og á Kópaskeri þar sem framtíð félagsins var rædd. Sigurður Halldórsson læknir var með erindi á fundunum um krabbamein. Aðalfundur félagsins var haldin á Raufarhöfn í október.

Stefanía V. Gísladóttir.

Krabbameinsfélag Austurlands

Stofnað: 20. apríl 1970. Félagsmenn: 157.

Þjónustuskrifstofa að Búðareyri 15 á Reyðarfirði, rekin í samvinnu við Krabbameinsfélag Austfjarða, er opin á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 11-13.
Sími 474 1530, netfang kraus@simnet.is, vefsíða krabb.is/austur
Starfsmaður: Steinunn Sigurðardóttir.



Stjórn kosin á aðalfundi félagsins 24. apríl 2012.

Formaður:	Alfred Steinar Rafnsson, Dalseli 8, 700 Egilsstöðum	847 2524	alfred.steinar@gmail.com
Gjaldkeri:	Kristjana Björnsd., Bakkavegi 1, 720 Borgarfirði eystra	893 5211	kristbj.skima@simnet.is
Ritari:	Jóna Björg Sveinsdóttir, Geitlandi, 720 Borgarfirði eystra	862 7865	jonasb@ismennt.is
Meðstjórnandi:	Ásdís Sigurjónsdóttir, Stekkjartröð 10, 700 Egilsstöðum	824 3920	asdiss@simnet.is
Meðstjórnandi:	Karólína S. Ingvarsdóttir, Dalseli 8, 700 Egilsstöðum	824 3920	kain@mi.is

Starfsemi 2012

Starfsemin var með hefðbundnu sniði. Krabbameinsfélag Austurlands rekur þjónustuskrifstofu að Búðareyri 15 á Reyðarfirði, í samvinnu við Krabbameinsfélag Austfjarða. Færri fræðslufundir voru haldnir en árið áður. Er það samdóma álit þeirra er sótt hafa þessa fundi að nauðsynlegt verði að halda þeirri fræðslustarfsemi áfram. Helsta vandamál er kostnaður við slíka fundi ef fengin er sérfræðingur langt að. Annað vandamál er fjarlægð milli byggðakjarna þar sem veður getur hamlað færð.

Á aðalfundi félagsins 24. apríl 2012 var séra Hólmgrímur Bragason með erindi um sorgarferlið. Að beiðni nokkurra einstaklinga á Vopnafirði fór stjórn félagsins ásamt Hólmgrími til Vopnafjarðar í lok maí á síðasta ári. Tilgangur fundarins var að efla samstöðu krabbameinssjúklinga og til styrktar aðstandendum þeirra. Fundurinn var vel sóttur og standa vonir til að hann verði til þess að efla samskipti þeirra sem fá krabbamein.

Að venju héldu Krabbameinsfélögin á Austurlandi sameiginlega hvíldarhelgi á Eiðum í ágúst fyrir krabbameinssjúklinga og aðstandendur þeirra. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá, m.a. kyrrðarstundir, fyrirlestra og slökun. Steinar B. Aðalbjörnsson næringar- og íþróttifræðingur var með fræðsluerindi, einnig séra Davíð Baldursson prófastur sem flutti erindi og stjórnaði fjöldasöng. Hvíldarhelginni lauk með helgistund í Eiða-

kirkju undir prédíkun séra Þorgeirs Arasonar. Fullyrða má að hvíldarhelgin hafi tekist mjög vel enda voru veðurguðirnir í sínu besta skapi.

Helstu tekjur félagsins eru af félagsgjöldum, bleiku slaufunni, mottumars og sölu minningarkorta. Á síðasta aðalfundi var ákveðið að hækka félagsgjöld í 3.000 krónur þar sem gengið hafði verulega á varasjóð félagsins vegna styrkja umfram venjulegan kostnað við dvöl sjúklinga í meðferð í Reykjavík. Félagið fékk greiddan samfélagsstyrk frá Alcoa Fjarðaáli að upphæð 180.000 kr., sem kom sér vel fyrir fjárhag félagsins. Á starfsárinu voru 482.000 kr. greiddar í styrki vegna dvalarkostnaðar sjúklinga þegar þeir hafa þurft að fara í krabbameinsmeðferð til Reykjavíkur.

Það er staðreynd að velunnarakerfið, sem Krabbameinsfélag Íslands stendur fyrir, hefur bitnað á fjáröflun félagsins, þar sem fjölmargir velunnarar telja sig vera að styrkja félag í heimabyggð og jafnvel vera félagsmenn sem ekki reynist rétt. Þetta upplifðu líka þeir sjálfsboðaliðar sem reyndu að selja vörur fyrir félagið. Hefur þetta valdið talsverðum titringi meðal aðildarfélagana sem héldu fund um þessi mál í höfuðstöðvum Krabbameinsfélagsins 12. apríl 2012. Er það skoðun undirritaðs að endurskoða þurfi reglur velunnarakerfisins frekar ef full sátt á að nást um þessa aðferð til fjáröflunar.

Gjaldkeri félagsins sótti aðalfund Krabbameinsfélags Íslands í byrjum maí á síðasta ári og formaður félagsins sótti formannafund aðildarfélaganna sem haldinn var í Vestmannaeyjum að þessu sinni.

Alfreð Steinar Rafnsson.

Krabbameinsfélag Austfjarða



Stofnað: 21. apríl 1970. Félagsmenn: 535.
Þjónustuskrifstofan að Búðareyri 15 á Reyðarfirði er rekin í samvinnu við Krabbameinsfélag Austurlands og er opin á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 11-13. Sími 474 1530.
Netfang kraus@simnet.is Vefsíða krabb.is/austur
Starfsmaður: Steinunn Sigurðardóttir.

Stjórn kosin á aðalfundi 23. apríl 2013:

Formaður:	Jóhann Sæberg Helgason, Heiðarvegi 20, 730 Reyðarfirði	840 7212	johann@launafl.is
Ritari:	Solveig Friðriksdóttir, Hólalandi 18, 755 Stöðvarfirði	865 8184	
Gjaldkeri:	Iðunn Geirsdóttir, Hjallavegi 4, 730 Reyðarfirði		
Meðstjórnandi:	Anna Þóra Árnadóttir, Blómsturvöllum 1a, 740 Neskaupstað		
Meðstjórnandi:	Anna R. Gunnarsdóttir, Stekkjargrund 6, 730 Reyðarfirði		
Meðstjórnandi:	Guðmundur R. Gíslason, Valsmýri 6, 740 Neskaupstað		
Meðstjórnandi:	Unnur Björgvinsdóttir, Sæbergi 13, 760 Breiðdalsvík	475 6738	

Starfsemi 2012-2013

Aðalfundur var haldinn í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði 22. maí 2012. Fundarmenn voru 21. Gestur fundarins var Sigrún Lillie Magnúsdóttir forstöðumaður Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands og fræddi hún fundargesti um stafsemi Ráðgjafarþjónustunnar. Álfheiður Hjaltadóttir frá Reyðarfirði, formaður, gekk úr stjórn eftir áralanga setu og var hún kvödd með virktum og þakklæti fyrir ómetanleg störf í þágu félagsins. Anna Ragnheiður Hjaltadóttir frá Reyðarfirði tók við stöðu formanns. Starfsemi félagsins hefur verið mjög virk á árinu.

Samverustundir. Annan mánudag í hverjum mánuði höfum við verið með opið hús fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra sem það kjósa. Þar komum við saman og spjöllum og berum saman bækur okkar og höfum eins gaman og unnt er. Mæting hefur verið nokkuð góð á árinu og er stefnan að brydda upp á fyrirlestrum og fleiru á næsta misseri.

Hvíldarhelgi að Eiðum. Í lok ágúst héldum við hina árlegu hvíldarhelgi að Eiðum. Aðsóknin var mjög góð, bæði að austan og Kraftsfélögum af höfuðborgarsvæðinu. Dagskrá helgarinnar var afar skemmtileg og fræðandi, séra Davíð Baldursson hélt kvöldvöku, Steinar B. Aðalbjörnsson var með fræðslu um mataræði og hreyfingu, boðið var upp á nudd, farið í göngur og siglingu og notið augnabilsins saman. Helginni lauk að venju með messu í Eiðakirkju. Er félagið afar þakklát öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum til þess að gera helgina sem besta.

Bleikur október. Í októbermánuði var bleik lýsing víða á Austfjörðum. Haldin var samkoma í Fáskrúðs-fjarðarkirkju þar sem hvunnagshetjan Sóley Orradóttir var heiðruð í fallega upplýstri kirkjunni með bleikum ljósum og kertum um allt. Við sögðum frá Bleikum október og nælunni finu og presturinn hélt fallega tölu. Á bleikum föstudegi mættu fulltrúar félagsins í verslunarmiðstöðina Molann á Reyðarfirði og seldu varning, söfnuðu félögum og vöktu athygli á félaginu. Það er orðinn árviss viðburður að stafsmenn Alcoa Fjarðaáls standi fyrir bleiku hlaupi í október til fjórðunar fyrir félagið okkar og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Námskeið í núvitund. Í nóvember bauð Hera Ármannsdóttir frá Egilsstöðum upp á námskeið í núvitund, fyrir alla krabbameinsgreinda á Austfjörðum og Héraði. Námskeiðið var afrakstur afmælissöfnunar sem Hera stóð fyrir á 45 ára afmæli sínu. Nokkrir skjólstæðingar okkar nýttu sér þetta góða boð.

Styrkir. Sem fyrr hefur félagið styrkt þá sem fá afnot af íbúðunum á Rauðarárstíg og eins hafa einstaka styrkir verið veittir til sjúklinga sem hafa átt um sárt að binda vegna veikinda sinna. Verðum við vör við aukna eftirspurn eftir styrkjum og höfum við reynt að mæta því með aukinni félagasöfnun til þess að standa straum að auknum kostnaði.

Nýrnaskiljunarvél. Á tímabilinu hefur félagið unnið að því að fá nýrnaskiljunarvél að láni til Fjórðungs-sjúkrahússins á Neskaupsstað svo skjólstæðingar okkar geti þegið meðferð í heimabyggð. Þetta er mikilvægt fyrir sjúklinga sem hafa þurft að dvelja svo mánuðum og árum skiptir í borginni þar sem ekki hefur verið kostur á að sækja þessa þjónustu hér. Ekki náðist að ljúka þessu verkefni á árinu 2012 en bundnar eru vonir við það að meðferð geti hafist hér fyrir austan á næstu dögum.

Söfnunarátök. Félagði tók þátt í tveimur söfnunarátökum á árinu. Annars vegar með sölu á skegglyklakippum í Mottumars þar sem salan var góð. Haustið í september, þar sem seldar voru töskur, gekk ekki eins vel og árið áður.

Gjöf til íbúða Krabbameinsfélagsins við Rauðarárstíg. Á formannafundi í Vestmannaeyjum í september 2012 flutti Álfheiður Hjaltadóttir, fráfaramandi formaður félagsins, þær fregnir að stjórn Krabbameinsfélags Austfjarða hefði ákveðið að veita 420 þús. kr. til íbúðanna við Rauðarárstíg, en upphæðin jafngildi 10 þúsund krónum fyrir hvert ár síðan félagið var stofnað. Í mars 2013 var gjöf þessi nýtt til kaupa á nýju rúmi fyrir eina af íbúðunum, auk þess sem gluggatjöld voru endurnýjuð í þremur íbúðum. Til viðbótar lét félagið fylgja gjafabréf frá Byko upp á 200 þús. kr. en því hafði verið ánaðnað félaginu af heiðurshjónunum Ólöfu Gísladóttur og Birni Stefánssyni sem unnu í jólaleik Byko á Reyðarfirði.

Skrifstofa. Skrifstofan okkar er opin tvo daga í viku í tvo tíma í senn, en þar erum við með starfsmann í 30% stöðu. Alltaf er að koma betur í ljós hversu mikil þörf er á þessari þjónustu. Mikið er um heimsóknir til okkar, ýmist til upplýsingaöflunar í sambandi við réttindi og sjúkdóminn sem slíkan, mikið er sótt um íbúðir eða veru á sjúkrahósti, sótt er um fjárhagslegan styrk og síðast en ekki síst um andlegan stuðning og spjall. Alls voru 42 heimsóknir á skrifstofuna okkar frá maí til ársloka 2012, fyrir utan alla þá sem hafa samband utan vinnutíma.

Anna R. Gunnarsdóttir og Iðunn Geirsdóttir.

Krabbameinsfélag Suðausturlands

Stofnað: 21. apríl 1970 (endurvakið 1. október 2002).
Félagsmenn: 150.



Stjórn:

Formaður:	Ester Þorvaldsdóttir, Hólabraut 2, 780 Höfn	478 2040	ester@hssa.is
Gjaldkeri:	Ólöf Ólafsdóttir	487 1613	
Ritari:	Eyrún Axelsdóttir	487 1527	
Meðstjórnandi:	Ólöf Gísladóttir		

Starfsemi 2012-2013

Veittir hafa verið styrkir í vetur til einstaklinga. Einnig greiðum við leigu fyrir krabbameinssjúklinga sem dvelja í íbúðum Krabbameinsfélagsins eða gista á Sjúkrahótelinu meðferðardagana.

Við erum með okkar minningarkort og tökum þátt í almennri haustfjáröflun á vegum Krabbameinsfélags Íslands.

Áfram er samstarf á milli knattspyrnudeildar ungmennafélagsins Sindra, Krabbameinsfélags Suðausturlands og forvarnarsjóðs Landsbanka Íslands á Hornafirði með áherslu á forvarnir og fræðslu.

Ester Þorvaldsdóttir.

Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu

Stofnað: 6. maí 1971
(endurvakið 22. nóvember 2004 og aftur 5. maí 2009).



Stjórn kosin á aðalfundi 2. apríl 2013:

Formaður:	Rannveig Bjarnadóttir, Skaftárvöllum 8, 880 Kirkjub.kl.	865 7387	reb@simnet.is
Meðstjórnandi:	Sigurður Elías Guðmundsson, Sunnubraut 8, 870 Vík	896 0360	elias@vikurskali.is
Gjaldkeri:	Sigríður Dórothea Árnadóttir, Sigtúni 4, 870 Vík		
Ritari:	Margrét Einarsdóttir, Mörk, 880 Kirkjubæjarklaustri	487 4676	sida@simnet.is
Meðstjórnandi:	Ingvar Jóhannesson, Höfðabrekku, 871 Vík	894 2191	ingvar-carina@simnet.is

Starfsemi 2012-2013

Félagasamtök svo og einstaklingar hafa verið einstaklega velviljaðir félaginu. Hafa því borist höfðinglegar peningaupphæðir og minningagjafir. Hver sá sem þarf á krabbameinsmeðferð að halda og sækir um til félagsins fær styrk til endurgreiðslu á húsnæði á meðan á dvöl sjúklinga og aðstandenda stendur.

Lítið hefur verið um formlega fundi en við sjáum ekki annað en það sé þörf fyrir slíkan félagsskap sem þennan og munum halda áfram að byggja upp félagið.

Rannveig Bjarnadóttir.

Krabbameinsfélag Rangárvallasýslu

Stofnað: 7. maí 1971 (endurvakið 15. apríl 1993).
Félagsmenn: 105.



Stjórn kosin á aðalfundi 26. apríl 2012:

Formaður: Ólöf Árnadóttir
Gjaldkeri: Þórdís Ingólfssdóttir
Meðstjórnandi: Guðríður Bjarnadóttir, Þrúðvangi 27, 850 Hellu
Meðstjórnandi: Lilja Einarsdóttir
Meðstjórnandi: Sóley Ástvaldsdóttir

487 5817

olof@hsu.is
thordising@hsu.is
liljae@hsu.is
soley@khi.is

Starfsemi 2011-2012

Starfsemin var að mestu leyti hefðbundin. Sala minningarkorta og önnur sala gekk vel. Formaður hefur heimsótt fólk sem greinst hefur með krabbamein og félagið hefur greitt fyrir dvöl í íbúðunum í Reykjavík.

Sólveig Eysteinsdóttir.

Krabbameinsfélag Árnessýslu

Stofnað: 29. maí 1971. Félagsmenn: 307.
Þjónustuskrifstofa: Skólavöllum 1, 800 Selfossi, opin á þriðjudögum kl. 13-16.
Sími 696 1752. Netfang: hofgerdi@ipostur.is Starfsmaður: Rannveig Árnadóttir.
Stuðningshópur: Bandið.



Stjórn kosin á aðalfundi 11. apríl 2013:

Formaður: Ingunn Stefánsdóttir, Fossi 1v, 800 Selfossi
Varaformaður: Eygló Aðalsteinsdóttir
Ritari: Lilja Guðmundsdóttir
Gjaldkeri: Ingibjörg Jóhannesdóttir
Meðstjórnandi: Sigríður Guðnadóttir
Meðstjórnandi: Sigrún Ásgeirsdóttir
Meðstjórnandi: Sigurbjörg Jónsdóttir

862 3411 ingunn@hnlf.is

Starfsemi 2012-2013

Þjónustuskrifstofan á Selfossi var opin 13 tíma á viku. Heimsóknum hefur aðeins fækkað en á móti kemur að haft er meira samband í gegnum síma, tölvupóst eða á förnun vegi, sem er mjög mikið gert.

Félagið tók þátt í Mottumars með sölu á varningi sem gekk ágætlega. Penna- og töskusalan í september gekk mjög vel. Selfoskirkja og hús Landsbankans á Selfossi voru lýst upp bleik í október.

Stuðningshópurinn Bandið hittist einu sinni í mánuði yfir veturinn. Ýmislegt hefur verið á dagskrá svo sem heimsókn sálfræðings, íþróttakennara og handverkskvenna, frætt var um hláturjoga og sjúklingur sagði frá óhefðbundnum lækningum.

Krabbameinsfélag Árnessýslu, í samstarfi við Krabbameinsfélag Rangárvallasýslu, bauð sjö hjónum upp á slökunar- og meðferðarhelgi á Heilsusetrinu í Þykkvabæ fyrstu helgina í mars. Boðið var upp á hollan og góðan mat, kyrrðarstund, djúpslökun, heilun o.fl.

Í mars var fræðslufundur um karlmenn og krabbamein og komu á annað hundrað manns.

Rannveig Árnadóttir.

Krabbavörn Vestmannaeyjum



Stofnað: 25. apríl 1949 (endurvakið 3. maí 1990).

Félagsmenn: 250.

Stuðningshópur: Eyjarós.

Skrifstofa félagsins er opin á þriðjudögum kl. 13-15.

Starfsmaður er Guðbjörg Erla Ragnarsdóttir.

Stjórn:

Formaður:	Ester Ólafsdóttir, Áshamri 12, 900 Vestmannaeyjum	867 2218	baddie@simnet.is
Varaformaður:	Guðbjörg Erla Ragnarsdóttir	868 5887	
Ritari:	Dóra Björk Gústafsdóttir	663 1581	
Gjaldkeri:	Margrét Grímlaug Kristjánsdóttir	846 2782	
Meðstjórnandi:	Guðný Bjarnadóttir		
Meðstjórnandi:	Guðný Sigríður Hilmisdóttir		
Meðstjórnandi:	Karólína Jósefsdóttir, Foldahrauni 39e, 900 Vestm.	661 2845	
Meðstjórnandi:	Petra Ólafsdóttir		
Meðstjórnandi:	Sigríður Ágústa Þórarinsdóttir		

Starfsemin 2012-2013

Skrifstofa Krabbavarnar var opnuð 16. október 2012. Fundir eru haldnir fyrsta fimmtudag hvers mánaðar og eru vel sóttir. Salan í haust gekk vel og seldum við bláar töskur sem voru merktar með merki Krabbavarnar.

Formannafundur Krabbameinsfélagsins var haldinn í Vestmannaeyjum 15. september 2012. Fulltrúar frá ýmsum félögum mættu. Á föstudeginum hittist hópurinn á Byggðasafni Vestmannaeyja og var þjóðhátíðarbragur yfir öllu. Þá var haldið í skoðunarferð í frystihúsið Godthaab í Nöf og boðið upp á harðfisk. Á laugardegnum var svo fundurinn haldinn í Höllinni í Vestmannaeyjum og eftir hann var farið í rútuferð um eyjuna.

Þátttaka almennings í Bleika mánuðinn var með ólíkindum. Bæjarbúar skreyttu með bleiku hjá sér, á ýmsum stöðum var einnig skreytt með bleikum fánum og bleiku slaufunni og bæjarblöðin tóku þátt með því að hafa blaðhausana bleika út mánuðinn. Gerðir voru bolir með bleiku slaufunni.

ÍBV-handbolti styrkti okkur með tekjum af leik í desember. Haldin var árleg áramótaganga og er hún okkur til styrktar og stuðnings.

Mottumars gekk vel. Við seldum armbönd, svuntur með skeggi, skegglímmiða í bíla og einnig voru seldir bolir með skeggi í BK-gler, tíu fánar með skeggi fengu að hanga uppi, blaðhausar bæjarblaðanna voru bláir og verslunareigendur voru með bláar útstillingar.

Félagið hefur nú í þriðja sinn gefið 500.000 kr. í íbúðirnar.

Ester Ólafsdóttir og Guðbjörg Erla Ragnarsdóttir.

Krabbameinsfélag Suðurnesja



Stofnað: 15. nóvember 1953. Félagsmenn: 720.

Stuðningshópur: Sunnan 5.

Stjórn kosin á aðalfundi 11. apríl 2013:

Formaður:	Guðmundur Björnsson, Óðinsvöllum 14, 230 Reykjanesbæ	662 6989	gudmbj@internet.is
Ritari:	Friðfinnur Skaftason, Suðurvöllum 8, 230 Reykjanesbæ	893 9535	
Gjaldkeri:	Jón Axelsson, Nónvörðu 11, 230 Reykjanesbæ	895 2162	jon@skolamatur.is
Meðstjórnandi:	Ása V. Einarsdóttir, Baugholti 8, Reykjanesbæ	862 0391	
Meðstjórnandi:	Grétar Grétarsson, Heiðarbóli 39, 230 Reykjanesbæ	893 7919	
Meðstjórnandi:	Ómar Steindórsson, Baugholti 9, 230 Reykjanesbæ	896 5151	
Meðstjórnandi:	Þórunn Benediktsdóttir, Freyjuvöllum 6, 230 Reykjanesbæ	860 0165	

Starfsemi 2012-2013

Upphaf starfsársins hjá okkur einkenndist af þeirri vinnu sem lögð var í að greina áhrif framkominna reglna fjárflofnarráðs um velunnara Krabbameinsfélags Íslands. Við höfðum ákveðnar áhyggjur af því að regluverk þetta kynni að valda vanda í rekstri aðildarfélaga, sérstaklega þegar til lengri tíma væri litið. Félagið okkar var ekki eitt um þetta álit því mikil óánægja kom fram hjá mörgum aðildarfélögum með málið. Við tókum þátt í þeim fundarhöldum sem stofnað var til í framhaldinu þar sem fulltrúar aðildarfélaga og stuðningshópa skiptust á skoðunum. Við hjá Krabbameinsfélagi Suðurnesja settum fram formleg mótmæli við þessum reglum eins og þær birtust í upphafi og framvísuðum stjórnarsamþykkt frá félaginu um að við gætum ekki fallist á reglurnar óbreyttar. Leiðir til sátta fundust á ágætum aðalfundi Krabbameinsfélags Íslands þar sem samþykkt var að reglurnar skildu taka gildi, með áorðnum breytingum til reynslu í eitt ár. Við vonum að breytingarnar verði til bóta og óskandi er að þetta fyrirkomulag reynist vel og það megi leiða til velfarnaðar fyrir starf hreyfingarinnar á landsvísi.

Samkvæmt venju var útbúið fréttabréf til félagsmanna með upplýsingum um helstu þætti í starfsemi félagsins. Á sumarmánuðum fór stjórn yfir verkefnastöðu félagsins og umfang í rekstri þjónustuskrifstofunnar með það að markmiði að bæta árangur í starfinu. Um miðjan september sótti formaður ásamt starfsmanni vel heppnaðan formannafund í Vestmannaeyjum. Allt er þegar þrennt er, nú tókst að halda fund í Eyjum og var framkvæmdin til fyrirmyndar eins og búast mátti við. Í október tók félagið þátt í bleika árvekníáttakinu um konur og krabbamein. Hefðbundnar lýsingar voru á svæðinu og mikla athygli vakti bleik flugstöð Leifs Eiríkssonar sem var með í annað sinn.

Eins og áður kom fram hafði stjórn félagsins um nokkurt skeið haft til skoðunar starfsemi þjónustuskrifstofunnar. Við nánari athugun kom í ljós að þessi hluti í starfsemi félagsins væri ekki að virka sem skyldi. Við vorum greinilega ekki lengur að ná ásættanlegum árangri í því meginmarkmiði að þjónusta nærsamfélagið okkar. Þar sem kostnaður félagsins við rekstur miðstöðvarinnar er mjög mikill, að viðbættum rekstrarstyrk frá Krabbameinsfélagi Íslands, fannst okkur ekki réttlætanlegt að halda úti þessari starfsemi við þær aðstæður sem upp voru komnar. Stjórn félagsins tók því þá ákvörðun að loka þjónustuskrifstofunni tímabundið og gera starfslokasamning við starfsmanninn. Við ætlum að taka tíma í að endurskipuleggja starfsemina og móta nýjar verklagsreglur. Einnig teljum við að taka þurfi mið af breyttum samfélagslegum aðstæðum áður en ákveðin verða ný þjónustumarkmið.

Á starfsárinu hafa verið haldnir tólf formlegir stjórnarfundir og þess utan hafa stjórnarliðar hist óvenju oft á þessu tímabili og rætt málefni félagsins. Annasamt tímabil er nú að baki og framundan er að horfa til framtíðar með það markmið í huga að reyna að auka og styrkja starfsemi félagsins.

Guðmundur Björnsson.

Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar



Stofnað: 10. apríl 1949.

Félagsmenn: 473.

Netfang: krabb@isl.is Vefsíða: www.krabb.is/hafnarfjordur

Stjórn kosin á aðalfundi 16. apríl 2013:

Formaður:	Anna Borg Harðardóttir, Skipalóni 18, 220 Hafnarfirði	664 5851	annaborg@hafnarfjordur.is
Varaformaður:	Hafrún Dóra Júlíusdóttir		
Ritari:	Una Björk Harðardóttir, Lækjargötu 30, 220 Hafnarfirði	554 1444	
Gjaldkeri:	Jón Auðunn Jónsson, Klausturvammi 9, 220 Hafnarfirði	565 2368	
Meðstjórnandi:	Gunnar Þór Jónsson		

Starfsemi 2012-2013

Á síðasta starfsári voru haldnir fimm stjórnarfundir á milli aðalfunda og sóttu varamenn þá til jafns við aðalmenn. Fundirnir voru haldnir í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju við Strandgötu. Helstu verkefni á liðnu starfsári voru: Þátttaka í Reykjavíkurmaraþoni, vinna við forvarnarverkefni gegn munntóbaki, fjárhagsstuðningur við ákveðin verkefni, Bleika slaufan í október, skógarganga, aðventukvöld í Hafnarfjarðarkirkju og Mottumars.

Á stjórnarfundum í október 2012 var ákveðið að fara af stað með vinnu á útgáfu á upplýsingabæklingi um sögu og verkefni Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar í gegnum árin eða frá stofnun þess 10. apríl 1949 og til dagsins í dag. Magnús Gunnarsson, stjórnarmaður, hélt utan um verkefnið í samvinnu við Jóhann Guðna Reynisson, kennara og ljóðskáld, sem tók efnið saman. Bæklingurinn kom út í desember sama ár og hefur nú verið dreift til allra félagsmanna.

Anna Borg og Hafrún Dóra sátu aðalfund Krabbameinsfélags Íslands í maí 2012 í Skógarhlíðinni. Aðalfundurinn var með hefðbundnum hætti fyrir hádegi. Hádegisverður var í boði Krabbameinsfélags Íslands í Perlunni. Eftir hádegi var framhald á aðalfundi í Skógarhlíðinni. Til umræðu voru drög að reglum um stuðning við aðildarfélögin í gegnum velunnarakerfið. Gunnar Már Hauksson var með aðalframsögu um málið. Í aðalfundarauka var fjallað um leit að ristilkrabbameini. Friðbjörn Sigurðarson, krabbameinslæknir, og Tryggvi Stefánsson, skurðlæknir, voru með framsögu. Umræður urðu á kjölfarið.

Undir önnur mál á aðalfundi Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar 26. apríl 2012 var skrifað undir samþykkt þess efnis að skora á heilbrigðisyfirvöld að hrinda sem fyrst í framkvæmd lýðgrundaðri skimun fyrir ristilkrabbameini samkvæmt leiðbeiningum Embættis landlæknis. Ályktunin fór áfram til Krabbameinsfélags Reykjavíkur sem fylgdi þessu eftir í kjölfarið. Ragnheiður Haraldsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands var gestur á fundinum og tók við gjafabréfi frá félaginu upp á 500.000 kr. til styrktar rekstri á Ráðgjafarþjónustunni í Skógarhlíð. Ragnheiður þakkaði innilega fyrir styrkinn og sagði lítilega frá starfseminni og mikilvægi hennar í þágu stuðnings við krabbameinssjúklinga.

Anna Borg og Hafrún Dóra hittu framkvæmdastjóra Kaplakrika, Birgi Jóhannsson og forvarnarfulltrúa Hafnarfjarðar, Geir Bjarnason haustið 2012 til að fara yfir átakið gegn munntóbaki og aðkomu fundarmanna að verkefninu á vetri komanda. Því miður komst íþróttastjóri Haukahússins, Guðbjörg Norðfjörð, ekki á fundinn. Verkefnið gekk mjög vel veturinn 2011-2012 að mati fundarmanna og var ákveðið að halda áfram og að Geir myndi halda utan um forvarnarverkefnið í grunnskólum Hafnarfjarðar með stuðningi frá félaginu. Hann gekk til samstarfs við Jón Ragnar Jónsson, íþróttamann og tónlistarmann, um að fara inn í alla áttundu bekkina fyrir áramótin. Í stuttu máli fór Jón í alla sjö skólana þar sem hann varði einni kennslustund í hverjum bekk. Hann spjallaði við krakkana, sagði frá sínu lífi, ræddi heilbrigðan lífsstíl, talaði gegn munntóbaksnotkun og sagði frá tónlistarferlinum sínum og var með gítarinn í hönd og spilaði og söng. Jón Ragnar lauk heimsóknnum sínum í byrjun nóvember. Áður en Jón Ragnar fór í skólaheimsóknirnar skrifaði Anna Borg, formaður, grein um verkefnið og birtist hún í Fjarðarpóstinum áður en forvarnarstarfið fór af stað. Félagið sótti um styrk fyrir verkefninu í Pokasjóði og fékk 300.000 kr. úthlutað úr sjóðnum.

Árangurinn í íþróttafélögunum var líka vel sýnilegur 2011-2012. Því var ákveðið að veggspjöldin góðu ættu að vera áfram sýnileg í báðum íþróttahúsunum og á fundinum var ákveðið að fyrir alla íþróttaleiki, skyldi vera kallað upp í kallkerfi félaganna að munntóbak og önnur vímuefni séu stranglega bönnuð á meðan á leik stendur.

Þessi fræðsla og ekki síst fræðslan í 8. bekk grunnskólanna er virkilega að skila árangri þar sem ný rannsókn á munntóbaksnotkun sýnir að neyslan minnkar á milli árganga og mest hér í Hafnarfirði sem er nú með því minnsta á landsvísu. Mjög ánægjuleg tíðindi.

Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar var skráð hjá Reykjavíkumaraþoni og gátu hlauparar heitið á félagið, þ.e. hver km gaf ákveðna krónutölu. Þeim félögum hefur fjölgað sem taka þátt í viðburðinum og fengum við þessu sinni 65.000 kr. í áheiti og stefnum á meira á næsta ári með því að auka sýnileika félagsins fyrir almenningi.

Formannafundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn 15. september 2012 í Vestmannaeyjum.

Í tilefni af Bleiku slaufunni í október stóðu Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar, Krabbameinsfélag Reykjavíkur og Samhjálp kvenna fyrir sameiginlegu málþingi um brjóstakrabbamein, undir yfirskriftinni: „Lífð og heilsan“. Þingið var haldið þriðjudaginn 23. október 2012 í Öskju, húsi Háskóla Íslands. Auður Vésteinsdóttir, myndlistarkona, sá um skreytingu kvöldsins í fyrirlestrarsalnum. Húsið opnaði kl. 19:30 og fengu allir málþingsgestir bleika slaufu í barminn og boðið var upp á léttar veitingar. Margrét Arnardóttir lék létt lög á harmonikkju. Framsögumenn þingsins voru: Dr. Jóhanna Eyrún Torfadóttir næringarfræðingur, sem fjallaði um „næringu og heilsu“. Jón Steinar Jónsson heilsugæslulæknir, sem fjallaði um „hreyfingu og krabbamein“. Að lokum fjallaði Lilja Jónasdóttir hjúkrunarfræðingur, um „gildi slökunar. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir aðlþingismaður var fundarstjóri þingsins. Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar fór í samstarf við bæjarstjóra og sóknarprest Hafnarfjarðarkirkju til að minna bæjarbúa á mikilvægi átaksins. Fáni með bleiku slaufunni blakti út mánuðinn á fánastöng Ráðhússins og Hafnarfjarðarkirkjan var uppljómuð með bleiku ljósi.

Kvöldganga í Höfðaskógi við Hvaleyrarvatn var farin þriðjudaginn 16. október á vegum Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar og Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Félagar og aðrir áhugasamir, fjölmenntu (rúmlega 60), við Gróðrastöðina Þöll til að njóta skógarins í skjóli myrkurs og ganga saman í ævintýraljóma lukta. Gengið var um skóginn undir leiðsögn Steinars Björgvinssonar skógfræðings og Jóhann Guðni Reynisson, skáld með meiru, las upp frumsamin ljóð á leið okkar í minningarlund hjónanna Else og Hjálmars R. Bárðarsonar. Þar tók á móti göngumönnum Jónatan Garðarson, dagskrárgerðarmaður, og flutti hann stutt erindi um ævi og störf Hjálmars. Eftir gönguna var boðið upp á heitt súkkulaði og meðlæti í húsakynnum Þallar. Gangan tókst einstaklega vel og þátttakendur fóru sáttir og sælir heim eftir ævintýrlega upplifun um dimma skógarstíga.

Aðventukvöld Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar í samvinnu við Hafnarfjarðarkirkju, var haldið miðvikudaginn 5. desember 2012. Anna Borg, formaður, leiddi athöfnina og séra Þórhildur Ólafsdóttir las ritningarlestur og flutti bæn. Að þessu sinni fengum við Svein Alfreðsson, guðfræðing og kennara til að flytja hugvekju um sín hjartans mál og tónlist var í umsjón Láru Rúnarsdóttur, söngkonu, við undirleik Birkis Rafns Gíslasonar. Að auki söng kór Ástjarnarkirkju nokkur jólalög, undir stjórn Helgu Þórdísar Guðmundsdóttur. Í lok athafnarinna var boðið upp á kakó og piparkökur í safnaðarheimilinu þar sem gestir gátu notið samveru og spjallað saman.

Nú í mars var Mottumarsátakið á vegum Krabbameinsfélags Íslands. Hafnarfjarðarfélagið gerði sig áberandi með því að selja bæjarbúum armbönd sem voru hönnuð sérstaklega í tilefni átaksins. Nokkrir félagar stóðu í anddyri Fjarðarkaups í tvo daga og seldu vel eða um 400 armbönd. Til að minna á sölnuna í fjölmiðlum fór Anna Borg formaður á fund Guðrúnar Ágústu Guðmundsdóttur bæjarstjóra og seldi henni fyrsta armbandið.

Á árinu styrkti Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar skráningu á ristilsepum um 700.000 kr. og tók Ásgeir Theódórsson, læknir, við gjafabréfi á stjórnarfund þann 25. september 2012.

Minningarkort félagsins eru seld á nokkrum stöðum hér í bænum og gefur það félaginu nokkrar tekjur. Þau er einnig hægt að fá á vefsíðu Krabbameinsfélagsins.

Samþykkt var á aðalfundi 2012 að félagsgjöld yrðu áfram 1.000 kr. fyrir almenna félagsmenn og 10.000 kr. fyrir styrktarféлага og fyrirtæki. Stjórnin sá ekki ástæðu til hækkunar félagsgjalda.

Tilgangur Krabbameinsfélagsins hefur frá upphafi verið sá að styðja við baráttuna gegn krabbameini m.a. með fræðslu um krabbamein og krabbameinsvarnir og með stuðningi við krabbameinssjúklinga. Gildi forvarna er mjög mikilvægt t.d. varðandi munntóbaks- og tóbaksvarnir, mætingar til krabbameinsleitar, mataræði og hreyfingar svo eitthvað sé nefnt. Þetta eru atriði sem við þurfum sífellt að vera að minna á. Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar vill leggja sitt af mörkum til að hvetja fólk til að ástunda heilbrigða lífshætti og gerir það með því að vera sýnilegt í bæjarfélaginu og minna á þau verkefni sem eru í gangi hverju sinni í þágu samfélagsins. Það er mikilvægt að missa ekki sjónar af tilgangi félagsins og þá sérstaklega það sem snýr að forvörnum.

Anna Borg Harðardóttir.

Framför

Stofndagur: 12. febrúar 2007. Félagsmenn: 25.
Vefsíða framfor.is



Stjórn:

Formaður: Guðmundur Örn Jóhannsson

Gjaldkeri: Hinrik Greipsson

Meðstjórnandi: Einar Benediktsson

Meðstjórnandi: Hrafn Pálsson

Meðstjórnandi: Jón G. Ingvason

862 0537 framfor@framfor.is

892 3355 hinrik.greipsson@slr.stjr.is


852 0220

Starfsemi 2012-2013

Helstu verkefni:

1. Létum útbúa bréf sem sent er til allra karla sem verða 50 ára á árinu þar sem vakin er athygli á blöðruhálskrabbameini og mönnum bent á að láta athuga sig ef þeir verða varir við breytingar. Stefnt að því að gera þetta á hverju ári.
2. Heimasíða endurbætt.
3. Tekið á móti fyrirspurnum frá nýgreindum og þeim sem nýkomnir eru úr meðferð og þeim komið í samband við karlmenn sem farið hafa í gegnum þessa lífsreynslu og geta gefið góð ráð. Við finnum fyrir þörf karla til að spjalla við annan einstakling í einrúmi.
4. Safnað fyrir nýjum línuhraðli (geislatæki). Styrkir sóttir til útgerðar.

Guðmundur Örn Jóhannsson.



Fullt nafn: Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur.

Stofndagur: 1. október 1999. Félagsmenn: 502.

Netfang kraftur@kraftur.org, vefsíða www.kraftur.org

Stjórn kosin á aðalfundi 17. apríl 2013:

Formaður: Svanhildur Anna Magnúsdóttir

590 2600 svanhildur@lex.is

Meðstjórnandi: Hulda Hjálmarisdóttir

Meðstjórnandi: Guðný Ósk Þórsdóttir

Meðstjórnandi: Hlín Rafnsdóttir

Meðstjórnandi: Julie Coadou

Meðstjórnandi: Kári Örn Hinriksson

Meðstjórnandi: Salvör Sæmundsdóttir

Meðstjórnandi: Sigríður Margrét Einarsdóttir

Starfsemi 2012-2013

Stjórn o.fl. Miklar breytingar áttu sér stað á stjórn Krafts á aðalfundi félagsins 2013. Svanhildur Anna Magnúsdóttir tók við formennsku af Hlín Rafnsdóttur sem situr áfram í varastjórn. Árni Gunnlaugsson og Gísli Níls Einarsson, Hildur Hlíf Hilmarsdóttir og Friðfinnur Hermannsson gengu úr stjórn. Við þökkum þeim framlag þeirra til félagsins. Stjórnarfundir á árinu voru alls átta og auk þess funduðu einstakir stjórnarmenn stöku sinnum með framkvæmdastjóra eða sálfræðingi.

Starfsmenn. Starfsmaður Krafts Þorvaldur Danielsson hefur verið í fullu starfi frá 1. janúar 2012 en hann mun láta af störfum í sumar. Gyða Eyjólfsdóttir sálfræðingur hafði yfirumsjón með Stuðningsneti Krafts þar til síðastliðið haust. Gyða færði Krafti rausnarlega kveðjugjöf, hlut hennar í Stuðningsnetinu. Anna Sigríður Jökulsdóttir var ráðin í 30% stöðugildi sálfræðings sem heldur reglulega námskeið fyrir nýja stuðningsfulltrúa, veitir þeim handleiðslu er sinna stuðningi og er með samskipti Stuðningsnetsins á sinni könnu. Starfsmaður Ungliðahóps Krafts, Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna (SKB) og Ljóssins er Kristján Friðriksson.

Stuðningsnetið. Á árinu voru haldin tvö stuðningsfulltrúanámskeið. Við höldum áfram að efla Stuðningsnetið og beiðnum um stuðning hefur fjölgað jafnt og þétt eftir að formleg skráning hófst hjá okkur árið 2009 en árið 2012 fækkaði beiðnum milli ára í fyrsta skipti úr 42 í 38. Dræm mæting var á endurmenntunarfund Stuðningsnetsins í haust og aðsókn í samverustund Krafts var nær engin. Fyrirhuguð rannsókn á áhrifum Stuðningsnetsins hefur dregist en er nú í startholunum auk þess sem í bígerð er að athuga vænlega kosti við rekstur netsins í framtíðinni.

Heimasíða og samfélagsmiðlar. Reglulega er settar fréttir, myndir og fróðleikur inn á www.kraftur.org. Facebooksíða Krafts er talsvert mikið notuð og skrá félagsmenn sig gjarnan á viðburði félagsins á síðunni. Einstaklingum sem tengdir eru við Kraftssíðuna hefur fjölgað úr 238 í 423 á árinu.

Útgáfumál. Bókin Lífs-Kraftur: Hagnýtar upplýsingar fyrir þá sem greinst hafa með krabbameins og aðstandendur var gefin út í þriðja sinn í lok síðasta árs. Ragnheiður Alfreðsdóttir hjúkrunarfræðingur sá um ritstjórn og tók ásamt Þorvaldi þátt í að kynna Lífs-Kraft í útvarpi og sjónvarpi. Strætó tók að sér að aðstoða Kraft við kynningu á bókinni en eintökum af henni var komið fyrir í vögnum þeirra. Kynningarstarfið hefur skilað árangri, margir hafa haft samband og óskað eftir því að fá sent eintak af bókinni. Fréttablað Krafts kom út í haust og aftur um áramótin, Unnur Hrefna Jóhannsdóttir ritstýrði fyrra blaðinu en Þorvaldur því síðara.

Fjármál og styrkir. Efnahagur Krafts er traustur. Umfangsmesta verkefnið sem Kraftur stóð fyrir á síðasta ári var Stuðningsnetið og utanumhald þess. Lögð var mikil vinna í markaðsstarf, bæði í fjölmiðlum og eins á

netinu. Reykjavíkumaraþon var haldið í ágúst. Heildarafrakstur af áheitum einstaklinga færðu félaginu tæplega þrjár milljónir króna. Er það meira en helmingi aukning frá fyrra ári. Úraframléiðandinn JS Watch co. Reykjavík og tveir af fremstu listamönnum þjóðarinnar Erró og Eggert Pétursson hönnuðu í sameiningu afar sérstaka skartgrip sem seldi voru á uppboði en allur ágóði af því rann óskertur til Krafts. Kraftur færir öllum þeim sem styrkt hafa félagið með einum eða öðrum hætti bestu þakkir fyrir.

Viðburðir. Kynning á félaginu var haldin á fræðsludegi kvennadeildar 21-A í maí. Í lok júní héldum við Sumargrill Krafts á Ylströndinni í Nauthólsvík. Reykjavíkumaraþon fór fram í ágúst en skömmu fyrir hlaupið tóku Kraftur og Krabbameinsfélagið höndum saman undir forystu Krafts og héldu léttu hlaupaæfingu. Um tvö hundruð manns hlupu fyrir Kraft bæði beint í nafni félagsins og eins í gegnum hópinn Áfram Árni. Hópurinn Áfram Árni samanstóð af ættingjum og nánustu vinum Árna Sigurðarsonar sem lést síðar á árinu eða þann 18. nóvember. Vísindaféðir Krafts eru vinsælar meðal háskólanema en í þeim er starfsemi Krafts kynnt, sérstaklega fjallað um stuðningsnetið auk þess sem fenginn er faggaður úr viðkomandi grein til að miðla af reynslu sinni. Í byrjun desember var haldin jólastund félagsins. Í tengslum við Mottumars var karlpeningi í annað sinn boðið upp á þátttöku í svokölluðu Pungaprófi, en Guðmundur Vikar Einarsson, þvafæralæknir hélt tölu og svaraði spurningum. Fyrir félag eins og Kraft skiptir höfuðmáli fyrir stjórnendur að vera í góðu sambandi við skjólstæðinga félagsins. Því hvetjum við Kraftsfélaga til að setja sig í samband við stjórnina og láta í sér heyra.

Hlín Rafnsdóttir.

Ný rödd

Fullt nafn: Ný rödd, samtök fólks sem hefur misst raddbönd vegna krabbameins.

Stofndagur: 20. desember 1980. Félagsmenn: 24.

Netfang: nyrodd@krabb.is Vefsíða: www.krabb.is/nyrodd



Stjórn:

Formaður:	Ragnar Davíðsson, Gnoðavogi 74, 104 Reykjavík	693 1426	ragnar@rikiskaup.is
Ritari:	Baldur Jónasson, Furugerði 17, 108 Reykjavík	551 3976	baldurj@internet.is
Gjaldkeri:	Una Sigrún Jónsdóttir, Hlaðbrekku 21, 200 Kópavogi	554 2168	

Starfsemi 2012-2013

Ný rödd er stuðningsfélag þeirra sem misst hafa raddbönd og barkakýli vegna krabbameins. Heimsóknir til sjúklinga fyrir og eftir aðgerðir og jafningjafræðsla eru fastir liðir í starfseminni, en gott samstarf hefur tekist á milli félagsins og háls-, nef- og eyrnadeildar Landspítalans, sem og talmeinafræðinga. Félagshundir eru haldnir með líku sniði og fyrri ár og fundað að jafnaði á tveggja mánaða fresti. Ný rödd hefur notið velvildar krabbameinsfélaganna og tekið þátt í formannafundi og aðalfundi Krabbameinsfélags Íslands.

Fulltrúar frá Nýrri rödd hafa í gegnum tíðina sótt norrænnar ráðstefnur systurfélaga sinna á Norðurlöndum þar sem kynntar eru helstu nýjungar í hjálpartækjum barkakýlislausra auk þess sem rætt er um framfarir í lækningum og aðgerðum sem vænta má á næstu árum.

Ragnar Davíðsson.

Ristilfélagið

Stofndagur: 30. júní 2009.

Félagsmenn: 61.

Vefsíða: krabb.is/ristilfelagid



Stjórn kosin á aðalfundi 29. september 2010:

Formaður:	Magnea Guðmundsdóttir, Rekagrandi 4, 107 Reykjavík	849 2824	magneagu@hi.is
Varaformaður:	Skúli Skúlason, Þratarhöfða 2, 270 Mosfellsbæ	897 4270	
Ritari:	Guðrún Edda Bentsdóttir, Miðleiti 4, 103 Reykjavík		guðrun.edda.bentsdottir@reykjavik.is
Gjaldkeri:	Guðmundur Bjarnason, Þiljувöllum 38, 740 Neskaupstað		guðmundur.bjarna@alcoa.com
Meðstjórnandi:	Svanur Kristjánsson		svanurk@hi.is

Starfsemi 2012-2013

Tilgangur félagsins er að vinna að hagsmunum þeirra sem greinst hafa með sjúkdóminn og kynningu á málefnum þeirra svo og að beita sér fyrir því að hafin verði leit að ristil- og endaparmskrabbameini á byrjunarstigi.

Stjórn félagsins hefur haldið nokkra fundi og tekið þátt í samstarfshópi um fræðslumál o.fl.

Magnea Guðmundsdóttir.

Samhjálp kvenna



Fullt nafn: Samhjálp kvenna, til stuðnings konum sem greinast með brjóstakrabbamein. Stofnár: 1979 (sem formlegt félag sjálfboðaliða 2001). Formlegir félagsmenn eru um 50, þar af 40 sjálfboðaliðar í heimsóknþjónustu, en um 400 fá fundarboð.

Netfang samhjalp@krabb.is, vefsíða krabb.is/samhjalp, stuðningssími 898 1712.

Stjórn kosin á aðalfundi 23. apríl 2013:

Formaður:	Dóra Júlíussen, Kirkjuteigi 31, 105 Reykjavík	553 9814	dora.juliusen@gmail.com
Meðstjórnandi:	Brynja Björk Gunnarsdóttir		
Meðstjórnandi:	Guðrún Sigurjónsdóttir, Grófarsmára 35, 201 Kópavogi		
Meðstjórnandi:	Hrefna Ingólfssdóttir		
Meðstjórnandi:	Jónína Jónsdóttir		
Meðstjórnandi:	Karen Tómasdóttir		
Meðstjórnandi:	Ragnheiður Guðmundsdóttir		

Starfsemi 2012-2013

Fræðslufundur/Opið hús. Brynja Gunnarsdóttir, deildarstjóri á brjóstamóttöku skurðeildar Landspítala, sagði frá starfinu og verkefnum deildarinnar á fundi 11. september. Með henni komu hjúkrunarfræðingar sem unnið hafa með tattútæki sem notað er til að gera hörundslúr á geirvörtu og vörtubaug. Þann 27. nóvember var haldinn jólafundur. Séra Sigrún Óskarsdóttir hélt jólahugvefju. Einnig kynntu Sigrún Óskarsdóttir og Kristín Þóra Harðardóttir nýja bók sína, „Orð, krydd og krásir,“ rétti af slóðum Biblíunnar. Þann 30. janúar var haldinn rabbfundur með heiðursfélögum Samhjálp kvenna og fleiri félögum. Rætt var um stefnumál félagsins og það sem efst er á baugi. Þann 19. febrúar flutti Ásgerður Sverrisdóttir krabbameinslæknir erindi: Hormónameðferð við brjóstakrabbameini. Leið til bata eða leiðindi? Þann 9. apríl hélt Guðríður Ósk Matthíasdóttir jógakennari erindi. Opin hús hafa verið vel sótt í vetur.

Kastað til bata. Krabbameinsfélagið og Samhjálp kvenna unnu sameiginlega að verkefninu Kastað til bata. Í maí mánuði bauðst 14 konum að fara í silungsveiði í Sogið undir stjórn reyndra veiðimanna sem leiðbeindu

konunum. Einnig var með í ferð hjúkrunarfræðingur frá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins og konur frá Samhjálp kvenna, auk kvenna sem voru með í hópnum árið áður og komu til aðstoðar. Ferðin tókst afburða vel og verið er að skipuleggja nýja ferð í júníbyrjun. Veitt verður í Laxá í Laxárdal og í þetta sinn verður lögð áhersla á að bjóða konum af Austurlandi og Norðurlandi að taka þátt. Samvinna verður við krabbameinsfélögin á þessum stöðum vegna umsókna um þátttöku.

Málþing um brjóstakrabbamein. Í samvinnu við Krabbameinsfélag Reykjavíkur og Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar var haldið sameiginlegt málþing 23. október 2012 í Öskju, Háskóla Íslands. Þema málþingsins var: Lífið og heilsan. Fundarstjóri var Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, alþingismaður. Fyrirlesarar voru: Dr. Jóhanna Eyrún Torfadóttir, næringarfræðingur, erindi hennar hét: Næring og heilsa. Jón Steinar Jónsson heimilislæknir, erindi hans hét: Hreyfing og krabbamein. Lilja Jónasdóttir, hjúkrunarfræðingur, erindi hennar hét: Gildi slökunar. Einnig bauð Lilja fundargestum í slökun að loknu erindi sínu. Við upphaf fundar lék Margrét Arnardóttir á harmonikk. Veggur í fundarsal hússins var skreyttur á sérstaklega fallegan og táknrænan hátt með bleikum og hvítum kaffisíum, þær bleiku sem tákn fyrir þær konur sem greinast með krabbamein og þær hvítu fyrir konur sem deyja úr sjúkdómnum. Þessi skreyting var unnin af Auði Vésteinsdóttur, veflistakonu, og eru henni færðar þakkir fyrir.

Erlent samstarf. Samhjálp kvenna er meðlimur í Europa Donna og starfar með samtökunum. Tveir fulltrúar Samhjálp kvenna sóttu sjálfboðaliðanámskeið Europa Donna í Milanó í nóvember 2012.

Alþjóðabrjóstaheilsudagurinn. Þann 15. október ár hvert er haldinn sérstakur dagur til þess að minna á brjóstaheilsu í þeim 46 löndum sem eiga aðild að Europa Donna. Í tilefni dagsins stóðu Göngum saman, Samhjálp kvenna og Krabbameinsfélagið saman að göngu í Hljómskálagarðinum til þess að minna á mikilvægi baráttunnar gegn brjóstakrabbameini. Gangan var mjög fjölmenn.

Rabbfundir. Samhjálp kvenna býður konum sem nýlega hafa greinst með brjóstakrabbamein til rabbfunda fyrsta þriðjudag í mánuði kl. 16:30-17:30.

Bleika slaufan. Konur úr Samhjálp kvenna tóku að vanda þátt í átaki gegn brjóstakrabbameini eins og undanfarin ár, með því að vera sýnilegar og selja bleiku slaufuna. Samhjálparkonur hafa einnig selt endurskinsmerki bleiku slaufunnar. Slaufan er til sölu m.a. í verslunum á Landspítalanum. Hún er auk þess seld á Akureyri.

Leikfimin. Lovísa Einarsdóttir íþróttakennari hefur í 22 ár boðið konum sem greinst hafa með brjóstakrabbamein, leikfimiskennslu við þeirra hæfi. Leikfimin, sem ávallt hefur verið mjög vel sótt og notið mikilla vinsælda, féll niður í vetur vegna veikinda Lovísu. Hún lést 31. mars sl.

Stefnumótun. Samhjálp kvenna vill standa áfram vörð um þjónustu og stuðning við konur sem greinst hafa með brjóstakrabbamein og gæta hagsmuna þeirra.

Dóra Júlíussen.



Stofndagur: 16. október 1980. Félagsmenn: 300.
Netfang: stoma@stoma.is
Vefsíða: www.stoma.is

Stjórn kosin á aðalfundi 2. maí 2013:

Formaður: Jón Þorkelsson, Miðvangi 121, 220 Hafnarfirði

696 4395 jon@hyggir.is

Meðstjórnandi: Eva Bergmann

Meðstjórnandi: Inger Rós Jónsdóttir

Meðstjórnandi: Kristján Freyr Helgason

Meðstjórnandi: Sigurður Jón Ólafsson

Starfsemi 2012-2013

Starfsárið 2012-2013 var nokkuð líflegt hjá félaginu. Haldnir voru sex almennir félagsfundir á starfsárinu og voru þeir sem hér segir: Almennir félagsfundir voru haldnir fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði frá október til apríl að janúar mánuði undanskildum. Einn af þessum almennu fundum, í byrjun október, var helgaður Alþjóðlega stómadeginum eða WOD. Hann er haldinn hátíðlegur þriðja hvert ár og mættu óvenjumargir á þann fund. Almennur fundur var haldinn á Akureyri í maí. Aðalfundur félagsins var síðan haldinn í maí eins og lög félagsins segja til um. Að auki hittust ungir stómaþegar nokkrum sinnum óformlega yfir árið.

Innlent samstarf. Stjórnarmenn sóttu fundi í nefndum og ráðum innan Krabbameinsfélags Íslands eftir því sem efni og ástæður gáfu tilefni til. Einnig á formaður sæti í fjáröflunarráði. Fulltrúi félagsins á síðan sæti í aðalstjórn Öryrkjabandalagsins og sótti þar fundi reglulega auk þess sem sem þrír fulltrúar samtakanna sóttu aðalfund ÖBÍ. Einnig var formaður samtakanna kosinn til setu í kjörnefnd ÖBÍ. Haldnir voru sameiginlegir fundir með CCU samtökunum og einnig vorum við aðilar að vinnuhópi ásamt Ristilfélaginu, Krabbameinsfélagi Reykjavíkur og fleirum sem vinna að því að hrinda í framkvæmd árveknisátaki um ristilkrabbamein.

Erlent samstarf. Norrænn formanna fundur Stómasamtaka (NOA) var haldinn í Reykjavík um miðjan apríl síðastliðinn. Fundinn sóttu nokkrir fulltrúar okkar auk níu fulltrúa frá systursamtökum annars staðar á Norðurlöndum. Aðalmál fundarins var skipulagning á norrænni ráðstefnu sem haldin verður í Reykjavík í september 2014. Þrjár sendingar af afskrifuðum stómavarningi fóru í gegnum Danmörku (COPA) til Úkraínu. Einnig aðstoðuðum við sænsku samtökin (ILCO) við að senda stómavarning til Zimbabwe en Svíar eru þar með hjálparstarf. Formaður samtakanna var áfram í stjórn Evrópusamtakanna, EOA, og tók þátt í stjórnarstörfum. Ungliðar tóku þátt í námskeiðum hjá norsku samtökunum eftir nokkurt hlé og er það mikið fagnaðarefni.

Útgáfumál. Fréttablað Stómasamtakanna var gefið út samkvæmt venju, kom út 5 sinnum og er sem fyrr undir ritstjórn Sigurðar Jóns Ólafssonar. Fréttabréfin er einnig að finna á pdf-formi á heimasíðu samtakanna, www.stoma.is. Heimasíða félagsins tók breytingum til hins betra á árinu en betur má ef duga skal í þeim efnum og er það ætlun stjórnar samtakanna að verja meiri tíma og ef til vill fjármunum til þess verkefnis.

Almennt. Í lok starfsársins voru félagsmenn um 300 talsins, flestir á höfuðborgarsvæðinu en einnig er stór hópur virkur á Eyjafjarðarsvæðinu. Fjárhagur félagsins er ágætur í lok starfsársins. Ýmislegt er í bígerð hjá félaginu til þess að reyna að renna fleiri stoðum undir tekjuöflun þess en mjög erfitt er um þessar mundir að fá styrki til starfseminnar.

Jón Þorkelsson.

Fullt nafn: Styrkur, samtök krabbameinssjúklinga og aðstandenda þeirra.
Stofndagur: 20. október 1987. Félagsmenn: 350.
Netfang: styrkur@krabb.is Vefsíða: www.krabb.is/styrkur

Stjórn kosin á aðalfundi 12. apríl 2013:

Formaður:	Steinunn H. Friðriksdóttir, Austurströnd 12, 170 Seltj.	896 5808	5525058@internet.is
Varaformaður:	Hólmfríður Friðriksdóttir, Kaplaskjólsvégi 93, 107 R.	862 8487	fridaf@simnet.is
Meðstjórnandi:	Bertha Biering		
Meðstjórnandi:	Bryndís Konráðsdóttir		
Meðstjórnandi:	Snorri Ingimarsson		
Meðstjórnandi:	Erna Nielsen		
Meðstjórnandi:	Þrúður Hjaltadóttir		

Starfsemi 2012-2013

Formaður og varaformaður sátu aðalfund Krabbameinsfélagsins í maí og formannafund í Vestmannaeyjum í september. Loksins fegum við rétt ferðaveður, sól og blíðu, Eyjarnir í sínu besta, móttökur frábærar. Eyjarósir kunna að taka á móti gestum og gera heimsóknir ógleymanlegar. Fimmtán félagar fóru að Löngumýri í ágúst og áttum þar sæludaga.

Fjáröflun var í september með aðstoð Lionsfélaga í Eir. Seldir pennar og vistvænar innkaupatöskur. Salan gekk vel.

Styrkur hélt upp á 25 ára afmæli sitt 20. október 2012. Við fengum marga góða gesti m.a. Grétu og Þorvald Halldórsson, Gunnar Rögnvaldsson og Sigvalda son hans sem sungu og spiluðu, svo og kvartet ungra sveina tengdur Krafti.

Opið hús var í nóvember. Magna Birnir hjúkrunarfræðingur flutti erindi þjálfun hugans í takt við niðurstöður nýrra rannsókna. Jólafundur var í Skógarhliðinni 8. desember. Séra Sveinn Valgeirsson flutti jólahugvekju, Þorgrímur Þráinsson las úr bók sinni Krakkinn sem hvarf, Ingibjörg Reynisdóttir las úr bók sinni Gísli á Uppsölum og Ragnar Jónasson las úr bók sinni Rof. Nemendur úr skólahljómsveit Kópavogs og Tónlistaskóla Álftanes fluttu tónlist undir stjórn Dagnýar Marinósdóttur.

Opið hús var í janúar. Þorgils Völundarson flutti erindi sem hann nefndi Skipulögð ánægja. Til þess að breyta um hegðun þarf að læra nýja hegðun. Lögð var sérstök áhersla á hegðun tengda mataræði. Þorablot var haldið í Skógarhliðinni í febrúar. Opið hús var í mars. Gestur fundarins var Valgarður Einarsson miðill. Mjög vel mætt og góð samvera. Aðalfundur var 12. apríl. Vorfundur verður 14. maí.

Sumardvölin á Löngumýri verður væntanlega 14.-19. júlí.

Steinunn Helga Friðriksdóttir.

Lög Krabbameinsfélags Íslands

1. gr. Nafn og skilgreining.

Félagið heitir Krabbameinsfélag Íslands. Aðild að því eiga krabbameinsfélög í landinu og önnur áhugamannasamtök sem starfa í samræmi við tilgang félagsins og hlotið hafa samþykki stjórnar þess og staðfestingu aðalfundar.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Tilgangur.

Tilgangur félagsins er að styðja og efla í hvívetna baráttuna gegn krabbameini, svo sem með því að:

1. Beita sér fyrir virkri opinberri stefnu (krabbameinsáætlun) í forvörnum, greiningu, meðferð og endurhæfingu þeirra sem greinast með krabbamein.
2. Stuðla að þekkingu og menntun um krabbamein og krabbameinsvarnir.
3. Efla krabbameinsrannsóknir, m.a. með söfnun og vísindalegri úrvinnslu upplýsinga og með rekstri vísindasjóðs.
4. Beita sér fyrir leit að krabbameini á byrjunarstigi.
5. Styðja framfarir í meðferð krabbameins og umönnun krabbameinssjúklinga.
6. Beita sér fyrir stuðningi við krabbameinssjúklinga og aðstandendur.
7. Vera málsvari krabbameinssjúklinga og beita sér fyrir réttindum þeirra.

3. gr. Stjórnun.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum aðalfundar, sem haldinn skal fyrir mailok ár hvert. Boða skal til hans bréflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Fundurinn er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar fyrir síðastliðið starfsár.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
3. Skýrslur aðildarféлага.
4. Lagabreytingar.
5. Stjórnarkjör.
6. Kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara.
7. Kosnir fimm menn í uppstillingarnefnd.
8. Önnur mál.

Hverju starfandi aðildarfélagi er heimilt að senda einn fulltrúa á aðalfund fyrir hverja 200 félagsmenn, eða brot úr þeim fjölda, þó aldrei fleiri en sex fulltrúa. Jafnframt hafa stjórnarmenn Krabbameinsfélags Íslands fulltrúarétt á aðalfundi.

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin er skipuð sjö aðalmönnum og tveim til vara. Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa þrjá meðstjórnendur til tveggja ára og tvo til vara til eins árs í senn. Við skipan stjórnar skal þess gætt að fulltrúar séu bæði frá svæðafélögum og stuðningshópum. Miðað er við að stjórnarmenn sitji að jafnaði eigi lengur en fjögur kjörtímabil í senn. Á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund kýs stjórnin úr sínum hópi varaformann, ritara og gjaldkera.

Formaður boðar til stjórnarfunda að jafnaði mánaðarlega. Stjórnarfundur skal kalla saman ef þrír stjórnarmenn eða fleiri óska þess.

Formannafundur skal að jafnaði haldinn í október. Þar skulu kynnt þau málefni sem unnið er að á vegum félagsins á hverjum tíma. Tillögur samþykktar á formannafundi skulu vera bindandi fyrir stjórn, enda skulu þær hljóta meirihluta greiddra atkvæða þeirra sem hefðu haft atkvæðisrétt á síðasta aðalfundi.

4. gr. Rekstur.

Stjórn félagsins ræður forstjóra sem ber ábyrgð á rekstri félagsins gagnvart stjórninni, samkvæmt starfslýsingu.

Stjórnin setur reglur um starfsemi félagsins.

5. gr. Fjármál.

Aðildarfélög skulu hafa samráð við stjórn áður en stofnað er til meiri háttar fjárflounar.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

6. gr. Lagabreytingar.

Tillögur um lagabreytingar skulu sendar formanni minnst tveimur mánuðum fyrir aðalfund. Skulu þær kynntar í fundarboði.

Til breytinga á lögum félagsins þarf 3/5 greiddra atkvæða á aðalfundi.

Aldrei má breyta lögum þannig að raskað sé megintilgangi félagsins skv. 2. grein.

7. gr. Félagsslit.

Til að leggja félagið niður þarf samþykki tveggja aðalfunda í röð og séu félagsslitin samþykkt með a.m.k. 4/5 greiddra atkvæða á hvorum fundi. Geta skal sérstaklega áforms um félagsslit í fundarboði.

Verði félagið lagt niður skal eignum þess ráðstafað til líknarstarfa í samráði við heilbrigðisráðuneytið. Því ákvæði má aldrei breyta.

Lögin í heild voru samþykkt á aðalfundi 6. maí 2000, breyting á 3. grein (uppstillingarnefnd) á aðalfundi 3. maí 2003 breyting á 2. grein (vísindasjóður) og 3. grein (formannafundur) á aðalfundi 7. maí 2005 og breyting á 2. gr. (1., 6. og 7. töluliður) á aðalfundi 7. maí 2011.

Prentsmiðjan Oddi.

Mai 2013.

